**KARL SVERRISSON**

*Átti ævintýralegt sumar á Grænlandi*

• ferðir • bílar

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



**KAMILLA INGIBERGSDÓTTIR**

*Frumkvöðlastarf í fjölmenningarsamfélagi*

Alþjóðahúsið hefur opnað útibú í Breiðholti.

TÍMAMÓT 20



**ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR**

*Leikarar keppa í tetris með lifandi þátttakendum*

Safna fé fyrir mænuskaddaða.

FÓLK 30




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. september 2008 — 253. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR

**Trukkabílstjórar skemmta sér**



Dóri tjakkur býst við þúsund bílstjórum á Players um helgina.

FÓLK 30

**Hendrix í Hafnarfirði**



Tónlistarmanninum Ágústi Erni Gústafssyni er líkt við Jimi Hendrix.

FÓLK 24

**Íslenska „kreppan“**

„Það er ólíku saman að jafna ástandinu sem ríkti hér á landi fyrir tuttugu árum í aðdraganda þjóðarsáttarinnar og stöðunni í dag,“ skrifar Víglundur Þorsteinsson.

UMRÆÐAN 17

**Gerrard sá um Frakkana**



Ensku liðin Chelsea og Liverpool byrjuðu vel í Meistaradeildinni.

ÍÞRÓTTIR 26

**VEÐRIÐ Í DAG**





**HVASST AUSTAN TIL** Í fyrstu verður sunnan stormur austan til á landinu annars 8-15 m/s. Lægir heldur í dag. Mikil rigning á SA-landi annars skúrir en yfirleitt þurrt norðaustan til. Hiti 10-17 stig.

VEÐUR 4



**RÁN Í VERSLUN Í KÓPAVOGI** Rán var framið í Skólavörubúðinni í Kópavogi í gærdag. Lögreglan rannsakaði verksummerki í versluninni. Eftir greinargóða lýsingu starfsfólks hafði lögregla upp á mönnunum síðdegis í gær. Sigurbjörg Jóhannesdóttir hafði afskipti af mönnunum í versluninni og ógnuðu ræningjarnir henni með hnífi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Rán í Skólavörubúðinni:

## Afgreiðslukona titraði og skalf

**LÖGREGLUMÁL** Þrír menn stálu fartölvu í Skólavörubúðinni við Smiðjuveg í Kópavogi í gær. Þeir komu inn í verslunina með nokkrum bægslagangi um klukkan 14.30 og dvöldu þar nokkra stund. Einn þeirra laumaði síðan fartölvu inn á sig. Sigurbjörg Jóhannesdóttir varð vitni að því og hafði afskipti af mönnunum.

„Ég hrópaði á þá og spurði hvað þeir væru að gera. Þá barði einn þeirra mig í handlegginn og annar ógnaði mér með hníf. Þá bakkaði ég frá og leyfði þeim að hlaupa út með tölvuna. Þetta var alveg skelfilegt og ég titra öll og skelf,“ segir Sigurbjörg.

Þetta er annað ránið í Skólavörubúðinni á skömmum tíma.

Lögregla handtók þrjá menn grunaða um verknaðinn um klukkan 17 í gær. -kóp / sjá síðu 4

# Ljósmæður fá allt að 21 prósents hækkun

**Verkfalli ljósmæðra var aflýst í gærkvöldi eftir að ríkissáttasemjari bar fram miðlunartillögu. Formaður Ljósmæðrafélagsins segir tillögurnar alls ekki í samræmi við þeirra kröfur. Formaðurinn talar samt fyrir tillögunni.**

**KJARAMÁL** Verkfalli ljósmæðra, sem átti að hefjast á miðnætti í gær, var aflýst eftir að Ásmundur Stefánsson ríkissáttasemjari lagði fram miðlunartillögu í kjaradeilu þeirra og ríkisins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins átti Ásmundur fund með Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra um kjaramál ljósmæðra í fyrradag og var miðlunartillagan borin fram í framhaldi af þeim fundi.

Kveðið er á um að trúnaður gildi um tillöguna þar til atkvæði hafa verið greidd um hana. Samkvæmt heimildum blaðsins eykst kostnaður ríkisins vegna nýs samnings við ljósmæður um 21 prósent.

Mismunandi er hve mikið ljósmæður hækka í launum en samkvæmt heimildum fá ákveðnir hópar þeirra allt að 21 prósents kauphækkun. Ljósmæður höfðu krafist 25 prósenta hækkunar. Þá gerir tillagan ráð fyrir því að ríkið kaupi af þeim Vísindasjóð en ekki fengust frekari upplýsingar um hvernig staðið yrði að þessum breytingum.

Guðlaug Einarsdóttir, formaður Ljósmæðrafélagsins, vildi ekki tjá sig um útfærslu tillögunnar þegar Fréttablaðið hafði samband við hana eftir fund í gærkvöldi. Hún sagði þó: „Þetta er alls ekki það sem við settum upp sem okkar kröfu og við náum engan veginn þessum launamun sem er á okkur og öðrum sambærilegum stéttum. En við höfum talað fyrir þessari tillögu og verðum að sjá hvort ljósmæður kjósa hana eða hafna henni.“

Ásmundur minnti á að tillagan hefði verið neyðarúrræði ríkissáttasemjara.

„Ég gerði mér grein fyrir að málið var komið í fullkominn hnút.“

Tillögurnar voru kynntar ljósmæðrum á fundi í Reykjavík í gærkvöldi og til stendur að kynna þær ljósmæðrum á Akureyri klukkan 11 í dag. Rafræn kosning hefst svo um tillöguna um hádegi í dag og stendur hún til hádegis á föstudag. Einnig var samþykkt að fellust ljósmæður á tillöguna yrði málshöfðun fjármálaráðherra gegn ljósmæðrum vegna meintra ólögmætra uppsagna látin niður falla enda hafi Ljósmæðrafélagið hvatt til þess að uppsagnirnar yrðu dregnar til baka. - kdk

Efling gjaldeyrisvaraforðans:

## Kostar 25 milljarða króna á ári

**EFNAHAGSMÁL** Sé ætlunin að nota áfram íslenska krónu er nauðsynlegt að búa henni styrkari umgjörð en nú er. Meðal annars þyrfti að stórauka gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans. Slíkt, eitt og sér, kostar minnst 25 milljarða króna á ári.

Að þessu kemst gjaldmiðilsnefnd Framsóknarflokksins sem í gær kynnti skýrslu um greiningu á gjaldmiðilsmálum þjóðarinnar og kosti og galla í þeim efnum.

Við það tilefni lýsti Gylfi Magnússon, hagfræðingur og dósent við HÍ, sögu krónunnar sem nánast einni samfelldri hrakfallasögu. Lykill að farsælli siglingu út úr ágjöfinni sé trúverðug stefna til langtíma, ekki smáskammtalækningar á borð við þær sem stundaðar hafi verið áður fyrr.

- bþs / sjá síðu 12

Stjórnarformaður XL og stjórnarmaður segja ólíkar sögur um endurfjármögnun:

# Segir XL hafa hafnað boði um endurfjármögnun í fyrra

**VIÐSKIPTI** „XL fékk tilboð í endurfjármögnun um mitt síðasta sumar, en því var ekki tekið af því að menn töldu að betri kjör gætu fengist annars staðar. Skömmu síðar lokuðust allir lánsfjármagnsmarkaðir,“ segir Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður XL Leisure Group og fyrrverandi stjórnarformaður Eimskips.

Rekstur XL Leisure gekk illa og fór félagið í þrot fyrir helgi. Þar með féll ríflega 25 milljarða króna ábyrgð á Eimskipafélagið. Fram hefur komið að stjórnendur reyndu að endurfjármagna félagið fram á síðasta dag. Björgólfsfeðgar segjast munu taka ábyrgðina yfir svo hún falli ekki á félagið. Það kann að baka þeim yfirtökuskyldu í Eimskipafélaginu, eftir því sem Fjármálaeftirlitið segir.

Magnús Stephensen, einn eigenda XL og stjórnarmaður, kannast ekki við að neinum tilboðum um endurfjármögnun félagsins hafi verið hafnað. „Allar tillögur voru á umræðustigi,“ segir Magnús Stephensen. Þær hafi allar verið háðar skilyrðum um rekstur sem félagið hefði ekki endilega getað uppfyllt. - ikh / sjá Markaðinn


muundu eftir mjólkinni!

Muu

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

## SPURNING DAGSINS



*Baldur, eru þessar reglur alveg út úr kú?*

„Það má segja að þær séu barn síns tíma.“

Landssamband kúabænda vill að sölubann á ógerilsneyddri mjólk verði endurskoðað. Baldur Helgi Benjamínsson er framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda.

Maður hefur setið í farbanni frá því í apríl í fyrra, lengur en nokkur annar:

# Átta sinnum til Hæstaréttar

**DÓMSMÁL** „Ég minnist þess ekki að málflutningur af þessu tagi hafi áður farið fram fyrir Hæstarétti,“ segir Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra.

Embættið hefur óskað eftir áframhaldandi farbanni yfir manni sem falsaði bankaábyrgðir fyrir tugi milljarða króna. Þar á meðal er ábyrgð upp á einar 200 milljónir Bandaríkjadala, eða sem nemur um átján milljörðum króna, sem kynni að þurfa að greiðast.

Maðurinn stýrði Verðbréfaþjónustu sparisjóðanna, sem nú heyrir sögunni til. Hann hefur verið í farbanni frá því í apríl í fyrra.



SVEINN ANDRI SVEINSSON



HELGI MAGNÚS GUNNARSSON

„Fróðir menn segja mér að þetta sé Norðurlandamet,“ segir Sveinn Andri Sveinsson, verjandi mannsins. Fullvíst þykir að enginn Íslendingur hafi áður setið jafn lengi í farbanni. „Málið er nú fyrir Hæstarétti í áttunda sinn,“ segir Sveinn Andri.

Helgi Magnús segir ótta um að maðurinn fari úr landi, verði farbanninu aflétt. Málflutningurinn fyrir Hæstarétti í gær tók um tvær klukkustundir. Dómarar vörðu megninu af tímanum í að spyrja saksóknara hvers vegna þörf væri á áframhaldandi banni. Helgi Magnús segir að brotið nái til margra landa og svona rannsóknir séu tímafrekar. „Ég verð að segja að ef menn brjóta af sér á alþjóðavísu þá verða þeir að þola að rannsóknin taki tíma.“

Sex ára fangelsi liggur við brotum mannsins, verði hann sakfelldur. **- ikh**

Dalurinn ekki dýrari í sex ár:

# Krónan aldrei verið veikari

**VIÐSKIPTI** „Mjög mikið rót hefur verið á fjármálamörkuðum og gengi hávaxtamynta lækkað mikið, jafnvel ívið meira en krónan,“ segir Hjördís Vilhjálmsdóttir, hagfræðingur hjá Greiningu Glitnis.

Gengi krónunnar veiktist um 1,2 prósent í gær og hefur það aldrei verið veikara. Gengisvísitalan endaði í tæpum 171,7 stigum og hefur aldrei verið hærri.

Bandaríkjadalur kostaði í lok gærdagsins 92,3 krónur og hefur dalurinn ekki verið dýrari gagnvart krónu síðan í lok maí árið 2002. **- jab**

Gengi Decode hrynur áfram:

# Lækkaði um 28 prósent í gær

**VERÐBRÉF Gengi Decode, móðurfélags Íslenskrar erfðagreiningar, hafði í gærkvöldi lækkað um 27,5 prósent frá því viðskipti hófust í gærmorgun. Gengi Decode var í 50 sentum á hlut í gærkvöldi, og hefur aldrei verið lægra.**

**Á síðastliðnu ári hafa bréfin hæst farið í um 4,40 dali á hlut í desember í fyrra. Andvirði hlutabréfa í félaginu er því einungis um ellefu prósent af því sem var á þeim tíma.**

**Áður en félagið var skráð á Nasdaq-hlutabréfamarkaðinn í New York náði gengi á bréfum félagsins rúmlega 60 krónum á hlut á gráa markaðinum. -bj**



**VELSKOTINN TARFUR** Inger segir það skilyrði að borða það sem veitt er. Góð húsmóðir miði vel áður en hún hleypir af svo sem mest af kjötinu verði nýtilegt. MYND/INGER

# Veiðikonur keppa í skotfimi í Skotlandi

**Alþjóðleg skotfimikeppni kvenna verður líklega haldin á Íslandi árið 2010. Ástæðan er sú að aðstandendur keppninnar hafa fengið áhuga á tveimur íslenskum skotfimikonum. Þær segja gott að vera hagsýn húsmóðir við veiðar.**

**TÓMSTUNDIR** „Það má orða þetta svona, þetta er það skemmtilegasta sem hægt er að gera í fötum,“ segir Inger Ericson, skotveiðikona um þá nautn sem hún segir felast í skotfimi. Svo mikill er áhugi hennar að hún hélt í gærmorgun til Skotlands til að taka þátt í skotfimikeppninni Ladies International Grand Prix.

Inger hreppti fyrsta sæti í haglabyssuskotfimi á lokamóti Skotíþróttafélags Hafnarfjarðar sem haldið var í síðasta mánuði. Í öðru sæti var Anný Björk Guðmundsdóttir en hún keppir einnig í Skotlandi. Inger segir þær stöllur hafa brugðið sér á eina skotæfingu hjá Skotíþróttafélagi Hafnarfjarðar fyrir um tveimur árum og ekki hafi verið aftur snúið eftir það. Inger gefur þó lítið fyrir að hæfileikar einir hafi ráðið för eða eins og hún segir: „Maður fer nú ansi langt á áhuganum en hann er kannski aðeins meiri en getan.“

Áhugi þeirra Ingerar og Annýjar er reyndar það mikill að fyrir um ári tóku þær við forystu kvennadeildar Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar og hefur kvennastarfið eflst mjög og æfa nú um það bil sextán konur vikulega. Þar fyrir utan hafa þær Anný vakið svo mikinn áhuga hjá aðstandendum keppninnar Ladies International Grand Prix að stefnt er að því að halda mótið hér á landi árið 2010.

Inger starfar sem skrifstofustjóri hjá hugbúnaðarfyrirtæki og Anný er rafvirki. „Þess á milli erum við mæður,“ segir Inger sem segir það af og frá að konur þurfi að vera karlalegar til að verða góðar skyttur, hvað þá að þær séu verri skyttur en karlar. Það að hafa hæfilegan skammt af hagsýnu húsmóðurinni með í för á hreindýraveiðar komi sér til að mynda mjög vel. „Þeir gerðu grín að því karlarnir sem tóku á móti kjötinu í kælingu að karlarnir mættu nú læra eitthvað af okkur konunum þar sem dýrin hjá þeim voru svo illa skotin,“ segir Inger og hlær en útskýrir því næst að hagsýn húsmóðir vandi sig mjög áður en hún lætur skotið ríða af svo sem minnst af kjötinu fari forgörðum.

**karen@frettabladid.is**

Ísland kynnt úti í heimi:

# Reyna að selja norðurljósin

**FERÐAIÐNAÐUR Verja á allt að hundrað milljónum í að kynna Ísland á erlendri grund sem áhugaverðan áfangastað ferðamanna í haust og vetur.**

**„Það er verið að lengja ferðamannatímann,“ segir Össur Skarphéðinsson ráðherra ferðamála.**

**Með þessari herferð er verið að bregðast við fyrirsjáanlegum samdrætti í ferðaþjónustu á heimsvísu. Fram kemur í tilkynningu frá iðnaðarráðuneytinu að nú sé mun hagkvæmara fyrir erlenda ferðamenn að koma til landsins en verið hafi.**

**Helmingur fjárins kemur úr ríkissjóði, en afgangurinn er framlag ferðaþjónustufyrirtækja. - ss**



**Á SLYSSTAÐ** Bíllinn fannst fyrir neðan klettabrún. MYND/FEYKIR

Tíunda banaslysið á árinu:

# Banaslys varð á Siglufjarðarvegi

**SLYS** Banaslys varð á Siglufjarðarvegi í gærmorgun. Ökumaður ók út af þjóðveginum á Höfðaströnd, norðan við Hofsós við Skagafjörð og hafnaði úti í sjó. Maðurinn sem lést var á fertugsaldri. Hann var einn í bílnum þegar slysið varð.

Samkvæmt lögreglunni á Sauðárkróki fannst bíllinn um tíuleytið í gærmorgun. Bíllinn hafði farið fram af um það bil 15 metra háum klettum. Ökumaðurinn var látinn þegar lögregla og sjúkraflutningamenn komu á vettvang. Þetta er tíunda banaslysið í umferðinni á árinu. **- kdk**

Framkvæmdastjóri NATO:

# Aðild Georgíu er enn möguleg

**GEORGÍA, AP** Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO, segir að rússneskir skriðdrekar og hermenn geti ekki komið í veg fyrir að Georgía gangi í Atlantshafsbandalagið.



JAAP DE HOOP SCHEFFER

Hann viðurkenndi þó að afar skiptar skoðanir væru um það, innan NATO, hve lengi Georgíubúar þurfi að bíða eftir því að fá aðild.

De Hoop Scheffer var staddur í Georgíu í gær ásamt sendiherrum allra aðildarríkja bandalagsins. Sendinefndin kom meðal annars til Gori, borgar sem varð fyrir sprengjuárásum Rússa í Suður-Ossetíustríðinu fyrir fáeinum vikum. **- gb**


FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

Flugfrakt

Sækjum og sendum
– hratt og örugglega
á hagstæðu verði.




**Til/frá Reykjavík**
Akureyri 8-12 ferðir á dag
Egilsstaðir 5-7 ferðir á dag
Ísafjörður 2-3 ferðir á dag
Vestmannaeyjar 2-3 ferðir á dag

Aðeins eitt símtal í 570 3400 og málið er afgreitt.


Borgarstjórn samþykkir að reisa styttu af borgarskáldinu:

# Stytta af Tómasi verður reist

**BORGARMÁL** Samþykkt var í borgarstjórn í gær að gerð verði myndastytta af Tómasi Guðmundssyni og henni komið fyrir á áberandi stað í borginni.

Kjartan Magnússon, formaður menningarnefndar, segir Tómas skipa svo mikilvægan sess í hugum og hjörtum borgarbúa að vel fari á að reisa styttu af honum, í hvaða formi sem hún verður. Ekki hefur enn verið ákveðið hvar hún verður staðsett. „Við sjáum fyrir okkur að hún gæti verið í Hljómskálagarðinum eða við Tónlistarhúsið, það kemur í ljós,“ segir Kjartan.



**TÓMAS GUÐMUNDSSON** Stytta verður reist af borgarskáldinu og komið fyrir í Reykjavík. Hún verður líklega afhjúpuð á kjörtímabilinu.

Fulltrúar VG og Samfylkingar sátu hjá og bókuðu gegn hugmyndinni. Svandís Svavarsdóttir í VG segir hana ekki samrýmast nútíma hugmyndum um list í opinberu rými. „Auk þess er hún menguð karllægum viðhorfum. Þetta er í raun gamaldags og stirð tillaga sem ekki er í anda leikandi skáldskapar Tómasar Guðmundssonar né heldur hins Reykjavíkurskáldsins, Steins Steinarr. Skáld eins og Tómas Guðmundsson lifir í ljóðum sínum fyrst og fremst og gerir væntanlega áfram.“

Kjartan segir gott að taka umræðu um myndastyttur og bendir á vinnu við minnismerki um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur. „Borgarskáldið á hins vegar að vera hafið yfir pólitíska réttthugsun og umræðu um kynjakvóta,“ segir Kjartan. Hann vonast til að hægt verði að afhjúpa styttuna á kjörtímabilinu. **- kóp**

# ER EKKI KOMINN TÍMI TIL AÐ **LÆKKA** SÍMREIKNINGINN?

Þú þarft ekki að sætta þig við að fá hærri símreikning um næstu mánaðamót! Með einu símtali getur þú lækkað símreikninginn um allt að 63%. Hringdu í 1817 eða farðu á tal.is – við munum sjá til þess að þú fáir lægri símreikning um næstu mánaðamót. Þú þarft ekki einu sinni að skipta um símanúmer.

## VERÐSAMANBURÐUR

| ÞJÓNUSTULEIÐIR | TAL | SÍMINN | VODAFONE |
|---|---|---|---|
| 1 Mb Net, heimasími og GSM | **3.990 kr.** | 6.495 kr. **+63%** | 5.632 kr. **+41%** |
| 4 Mb Net,* heimasími og GSM | **4.990 kr.** | 7.495 kr. **+50%** | 6.781 kr. **+36%** |
| 8 Mb Net, heimasími og GSM | **5.990 kr.** | 8.495 kr. **+42%** | 7.929 kr. **+32%** |
| 12 Mb Net, heimasími og GSM | **6.990 kr.** | 8.995 kr. **+29%** | 9.005 kr. **+29%** |

* m.v. 2 Mb Net hjá Símanum og 6 Mb Net hjá Vodafone, hvoru tveggja takmarkað niðurhal.

ATH. Innifalið í heimasímum frá Tali og Vodafone eru ótakmörkuð símtöl í alla aðra heimasíma innanlands (0 kr. mínútan). Þú þarft að vera í Og1 hjá Vodafone til að fá þessi kjör á heimasíma.

GOTT FÓLK

www.tal.is | Síðumúla 32, 108 Reykjavík | Þjónustuver 1817 | Skrifstofa 445 1600 | tal@tal.is

## GENGIÐ 16.08.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 91,74 | 92,18 |
| Sterlingspund | 163,62 | 164,42 |
| Evra | 130,15 | 130,87 |
| Dönsk króna | 17,448 | 17,55 |
| Norsk króna | 15,757 | 15,849 |
| Sænsk króna | 13,473 | 13,551 |
| Japanskt jen | 0,8791 | 0,8843 |
| SDR | 142,24 | 143,08 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
171,5335

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Morgan Tsvangirai bjartsýnn á að samkomulag við Mugabe forseta reynist vel:

# Mugabe hefur slakað á klónni

**SIMBABVE, AP** Morgan Tsvangirai, nýr forsætisráðherra í Simbabve, segir að samkomulag sitt við Robert Mugabe forseta eigi eftir að reynast vel, því Mugabe þurfi á því að halda ekki síður en aðrir íbúar landsins.

Tsvangirai segist einnig treysta því að alþjóðasamfélagið komi Simbabve til hjálpar, nú þegar ný stjórn er tekin við völdum.

Mugabe, sem hefur verið nánast einráður í landinu hátt í þrjá áratugi, afsalaði sér völdum að hluta til á mánudaginn þegar hann féllst á að stjórnarandstæðingurinn Tsvangirai yrði forsætisráðherra.



**SAMKOMULAGIÐ STAÐFEST** Morgan Tsvangirai, Robert Mugabe og Thabo Mbeki á þingi í Simbabve. NORDICPHOTOS/AFP

Tsvangirai og Mugabe hafa verið svarnir óvinir í áratug. Tsvangirai hefur iðulega setið í fangelsi, verið sakaður um landráð og mátt þola pyntingar, en er nú orðinn forsætisráðherra landsins.

Milligöngu um samninga hafði Thabo Mbeki, forseti Suður-Afríku.

Djúp tortryggni er þó enn milli andstæðra fylkinga Mugabes og Tsvangirais, og er óttast að samkomulagið geti reynst torvelt í framkvæmd á stundum.

Einstrengingsháttur Mugabes síðustu árin hefur kostað heiftúðug átök við stjórnarandstæðinga, og efnahagsástandið er í kaldakolum með vöruskorti í verslunum og verðbólgu upp á milljónir prósenta. **- gb**

Seðlabanki Bandaríkjanna:

# Óbreyttir vextir vestanhafs

**VIÐSKIPTI Bankastjórn bandaríska seðlabankans ákvað í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum í tveimur prósentum. Þetta er í samræmi við væntingar.**

**Bankinn hefur staðið á stýrivaxtabremsunni síðustu mánuði eftir að hafa lækkað vexti hratt frá síðasta hausti. Fyrir ári stóðu þeir í 5,25 prósentum. Gripið var til lækkunar eftir að lausafjárkreppan tók að bíta í. Fjármálaskýrendur segja ákvörðunina rétta. Hefðu vextir verið lækkaðir hefði það verið vísbending um að efnahagslífið væri veikburða þrátt fyrir aðgerðir seðlabankans til þessa. - jab**



**RAF-FRAMTÍÐ** Nýi tengil-tvinnbíll GM á sviðinu í Detroit. LJÓSMYND/AUTOBLOGGREEN

GM fagnar aldarafmæli:

# Markaðsútgáfa Chevy Volt sýnd

**BANDARÍKIN, AP Rick Wagoner, forstjóri bandaríska bílarisans General Motors, svipti hulunni af markaðsútgáfu rafmagns-tvinnbílsins Chevrolet Volt á 100 ára afmælishátíð fyrirtækisins í gær.**

**GM, sem hefur átt í kröggum síðustu ár, bindur miklar vonir við að það skapi því góða sóknarstöðu fyrir næstu 100 ár að vera frumkvöðull að markaðssetningu tengil-tvinnbíla, sem knúnir eru bæði af rafmótor og hefðbundinni vél en er auk þess hægt að hlaða rafmagni úr heimainnstungu. Opel-bíll á grunni Volt kemur á Evrópumarkað árið 2011 en Opel er í eigu GM. - aa**

Frístundaheimili í Reykjavík:

# Þúsund börn enn á biðlista

**BORGARMÁL** Um 1.000 börn bíða enn eftir plássi á frístundaheimilum Reykjavíkurborgar. Nokkuð hefur þó saxast á biðlistann, því á honum voru um 1.400 börn fyrir rúmri viku síðan.

Síðastliðinn föstudag samþykkti borgarráð samhljóða tillögu Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra um að sviðsstjórum mennta- og íþrótta- og tómstundasviðs yrði falið að leiða vinnu við tillögur um lausn málsins. **- kóp**

# Börðu starfsstúlku og ógnuðu með hníf

**Þrír menn rændu Skólavörubúðina um miðjan dag í gær. Starfsstúlka var slegin í handlegginn og síðan ógnað með dúkahníf. Ræningjarnir komust undan með fartölvu en voru handteknir í gær. Brotist var inn í búðina um helgina.**

**LÖGREGLUMÁL** Vopnað rán var framið í Skólavörubúðinni við Smiðjustíg í Kópavogi um klukkan 14.30 í gær. Þrír menn komu inn í búðina og voru með töluverða háreysti og læti. Einn þeirra stakk svo fartölvu inn á sig.

Það sá Sigurbjörg Jóhannesdóttir afgreiðslustúlka. „Ég hrópaði á þá hvað þeir væru að gera og þá sneri einn þeirra sér við og sló mig í handlegginn. Annar dró svo upp hníf og ógnaði mér og þá bakkaði ég. Þeir hlupu síðan í burtu,“ segir Sigurbjörg.

Hún segir að sér hafi verið mikið brugðið við atburðinn en hún afþakkaði þó áfallahjálp og ákvað að klára vaktina sína. „Ég titra öll og skelf og þetta var alveg hræðilegt. Auðvitað er maður í sjokki og kannski á það eftir að koma enn frekar fram þegar ég kem heim. En ég verð að sinna mínum kúnnum,“ segir Sigurbjörg.



**TITRAÐI ÖLL** Sigurbjörg Jóhannesdóttir varð fyrir nokkru áfalli þegar ræningjarnir slógu hana og ógnuðu með hníf. Hún þáði þó ekki áfallahjálp og kláraði vaktina fyrir „kúnnana sína“. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Að sögn starfsfólks búðarinnar voru mennirnir á milli 25 ára og þrítugs. Þeir voru „hálfeymdarlegir“ og gerðu ekkert til að fela veru sína í búðinni. Þvert á móti gengu þeir um og könnuðu aðstæður með nokkrum bægslagangi.

„Ég var að afgreiða konu, en vissi af þeim í búðinni, enda voru nokkur læti í þeim. Svo kom ég fyrir hornið og sá hann vera að stinga tölvunni inn á sig. Þá fór allt af stað,“ segir Sigurbjörg.

Um helgina var brotist inn í Skólavörubúðina og þaðan stolið myndavélum og prentara. Ekki er vitað hvort sömu menn voru á ferð.

Starfsfólk gat gefið greinargóða lýsingu á ræningjunum. Lögreglan kannaðist við lýsinguna og handtók um klukkan 17 þrjá menn grunaða um verknaðinn. Þeir hafa allir komið við sögu lögreglu áður.

Ekkert myndavélakerfi er í búðinni. „Við vorum búin að fá tilboð í kerfi en höfðum ekki tekið ákvörðun. Ætli við gerum ekki eitthvað í því núna,“ segir Rafn Benedikt Rafnsson, framkvæmdastjóri Skólavörubúðarinnar.

Hann segir að Sigurbjörgu standi öll aðstoð sem hún þarfnast til boða. „Við buðum henni að sjá sjálfsögðu áfallahjálp en hún er hörkutól og þáði hana ekki og vildi ekki fara heim. En hún getur hvenær sem er fengið aðstoð ef eitthvað kemur upp.“ **kolbeinn@frettabladid.is**

### ATBURÐARÁSIN

- Klukkan 14.30 komu þrír menn inn í Skólavörubúðina við Smiðjustíg í Kópavogi.
- Mennirnir voru mjög áberandi, með nokkur læti og gengu um búðina.
- Afgreiðslukona sá einn þeirra stinga fartölvu inn á sig og hastaði á þá.
- Einn mannanna sló konuna í handlegginn og annar ógnaði henni með hníf. Mennirnir hlupu út úr búðinni með fenginn.
- Klukkan 17 handsamaði lögreglan mennina.



**BOLTINN KOMINN TIL BÆJARSTJÓRANS** Gunnar Birgisson hefur tekið við undirskriftum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íbúasamtök Lindahverfis:

# Skora á bæjarstjóra að bakka

**SKIPULAGSMÁL** Gunnari Birgissyni, bæjarstjóra Kópavogs, voru í gær afhentir listar með 900 undirskriftum þar sem skorað er á yfirvöld í bænum að hverfa frá byggingaráformum sínum í Skógarlind. Þar er meðal annars gert ráð fyrir sjö og níu hæða byggingum sem er þremur hæðum meira en áður hafði verið áætlað.

Anna S. Magnúsdóttir frá samtökunum segir að engar mælingar hafi verið gerðar á svæðinu um það hvaða mengunar- eða umferðaráhrif það hefði ef þessi áform gengju eftir. **- jse**

Ólafur F. Magnússon:

# Vill setja vinnu í Vatnsmýri á ís

**BORGARMÁL Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi Frjálslynda flokksins, lagði á borgarstjórnarfundi í gær fram tillögu þess efnis að skipulagsvinnu í Vatnsmýri, eftir verðlaunatillögu í hugmyndasamkeppni, yrði hætt.**

**Í greinargerð með tillögunni segir að óvissa sú sem ríki um framtíðarstaðsetningu Reykjavíkurflugvallar setji vinnuna í uppnám. Því væri rétt að stöðva alla vinnu eftir tillögunni á þessu kjörtímabili og einbeita sér frekar að skipulagi vestan Vatnsmýrar. Tillagan var felld með fjórtán atkvæðum gegn einu. - kóp**




## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**LEIÐINDAVEÐUR Í KORTUNUM**
Eftir nokkuð hvassa nótt með miklu vatnsveðri á landinu sunnan og vestanverðu tekur lítið betra við. Í dag verður mikil úrkoma suðaustan til og áfram vindasamt á landinu. Sömu sögu er að segja um morgundaginn sem þó verður úrkomulítill. Ekki lægir almennilega fyrr en á sunnudag.




**Á MORGUN**
10-20 m/s. Úrkomulítið.

**FÖSTUDAGUR**
8-15 m/s.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Billund | 16° |
| Ósló | 16° |
| Stokkhólmur | 12° |
| Gautaborg | 14° |
| London | 17° |
| París | 18° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 19° |
| Berlín | 15° |
| Alicante | 28° |
| Mallorca | 29° |
| Basel | 19° |
| Eindhoven | 17° |
| Las Palmas | 26° |
| New York | 25° |
| Orlando | 31° |
| San Francisco | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# FRÁBÆR GÓLFEFNA SPRENGJA

Gildir 17.-21. september 2008

## 35% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FLÍSUM!*

*Gildir ekki með öðrum tilboðum!

35% afsláttur af öllum teppum og mottum!*

*Gildir ekki með öðrum tilboðum!

**950** kr./m²

Vnr. 0113558
**Plastparket**
Pastparket beyki,
7x195x1210 mm.

**2.990** kr./m²

Vnr. 0113713
**Parket**
NORDIC parket, hlynur,
15x189x2200 mm.

**5.990** kr./m²

Vnr. 0113851
**Parket**
WOODLINE parket eik rustik, fullplank, hvít-lakkað, 14x190x1820 mm.

**3.490** kr./m²

Vnr. 0113849
**Parket**
Woodline smelluparket
eik rustic hvítmattlakkað,
14x190x1820 mm.

BYKO

Þar sem fagmennirnir versla er þér óhætt!

## KJÖRKASSINN



*Ert þú sammála því að króna og evra séu einu raunhæfu kostirnir sem framtíðargjaldmiðill Íslands?*

| | |
|---|---|
| Já | 59% |
| Nei | 41% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Óttast þú að einn eða fleiri íslenskur banki verði gjaldþrota í efnahagskreppunni sem nú stendur yfir?*

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

Björn Bjarnason á fundi sagnfræðingafélagsins um kalda stríðið:

# Lítið eftirlit í kalda stríðinu

**STJÓRNMÁL** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra sagði að í raun hafi það eftirlit sem stjórnvöld höfðu uppi í kalda stríðinu hér á landi verið lítilfjörlegt. Það hafi verið varúðarráðstöfun við ákveðnar aðstæður.

Björn flutti erindi í hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands í Þjóðminjasafninu í gær. Hann sagði dóm sögunnar um átök austurs og vesturs þegar vera fallinn og sameiningu Austur- og Vestur-Berlínar vera skýrasta dæmið um inntak þess dóms.

Hann sagði fráleitt að kalla hleranir þær sem stundaðar voru hér á landi pólitískar hleranir. Þegar hann var spurður út í þau gögn sem brennd voru um miðjan áttunda áratuginn, en það voru bréfsnifsi með hleranaskýrslum, sagði hann að skynsamlegra hefði verið að eiga þau gögn. Hann efist hins vegar ekki um að þau hafi verið lítilfjörleg.



**DÓMSMÁLARÁÐHERRA** Ræddi um dóm sögunnar yfir kalda stríðinu á fundi hjá Sagnfræðingafélagi Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í umræðum um afskipti Bandaríkjanna af Suður-Ameríku sagðist Björn ekki þess umkominn að fordæma dauðasveitir Bandaríkjamanna. Hann gæti ekki sett sig í spor annarra þjóða.

Hvað ástandið í heimsmálum nú áhrærir sagðist Björn þeirrar skoðunar að ekki væri ástæða fyrir nokkurt ríki að þenja sig hernaðarlega út á norðurslóðum og hvatti til borgaralegra en ekki hernaðarlegra viðbragða. **- kóp**

Héraðsdómur Reykjaness:

# Fangelsi fyrir vegabréfafals

**DÓMSMÁL** Tveir rúmlega þrítugir menn voru í gær dæmdir í þrjátíu daga fangelsi fyrir að framvísa vegabréfum sem ekki stóðust skoðun við komu þeirra til landsins nýverið. Báðir mennirnir játuðu sök.

Fyrri maðurinn, 31 árs gamall Angólabúi, framvísaði sænsku vegabréfi í eigu annars manns við komuna til landsins þann 9. september. Hann var dæmdur fyrir misnotkun skjala.

Síðari maðurinn, þrítugur Indverji, vísaði fölsuðu vegabréfi við komuna til Keflavíkur í gær og var dæmdur fyrir skjalafals. **- bj**



**KOMIÐ ÚR KLIFI** Yngvar stendur hér hjá bjarginu. MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

Hrun úr Klifinu í Eyjum:

# Bjarg fór eftir göngustíg

**NÁTTÚRA Um 30 tonna bjarg hrundi niður úr Klifi, sem er fyrir ofan hafnarsvæðið í Vestmannaeyjum, um hádegisbilið í gær. Valt það fyrsta spölinn eftir göngustíg sem liggur upp í Klif.**

**„Það er hæpið að tengja þetta við hræringarnar á Suðurlandi,“ segir Yngvar Atli Sigurðsson, forstöðumaður Náttúrustofu Suðurlands. „En það er hraun uppi á toppnum á Klifinu sem er allt krosssprungið og sennilega er rigningin að skola eitthvað undan þessu með þessum afleiðingum. Það hefur verið að hrynja svolítið niður að undanförnu svo það getur verið að skjálftinn í vor hafi hróflað eitthvað við þessu.“**

**Hann segir Eyjamenn þekkja hætturnar í umhverfi sínu en þó mætti brýna fyrir mönnum að hafa varann á undir Klifinu, sérstaklega þegar rignir.** **- jse**

# Fréttastofur sameinaðar hjá Ríkisútvarpinu og 365

**Breytingar urðu á fréttastofum Ríkisútvarpsins og 365 í gær. Fréttastofur Stöðvar 2 og vefmiðilsins Vísis sameinuðust, sem og fréttastofur RÚV. Fullyrt er að ekki muni koma til uppsagna vegna breytinganna.**

**FJÖLMIÐLAR** Fréttastofur Stöðvar 2 og vefmiðilsins Vísis voru sameinaðar í gær. Óskar Hrafn Þorvaldsson var ráðinn fréttastjóri sameinaðrar fréttastofu en hann hefur verið ritstjóri Vísis í um ár.

Samkvæmt upplýsingum frá fjölmiðlafyrirtækinu 365, sem gefur einnig út Fréttablaðið, eru breytingarnar liður í skipulagsbreytingum sem miða að því að efla fréttastofuna og ná meiri samlegð í rekstri Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar.

Óskar Hrafn segir að sér lítist ljómandi vel á nýja starfið og að vonandi muni áhorfendur taka eftir breytingum fljótlega. Hann vildi ekki skýra nánar hvaða breytingar væru fyrirhugaðar.

Sameining fréttastofanna er ekki sparnaðarráðstöfun í sjálfu sér, segir Óskar. „Auðvitað vilja menn hámarka arðsemi en ég held að þetta snúist eingöngu um að búa til öfluga fréttastofu.“

Óskar segir að ekki sé gert ráð fyrir því að starfsmönnum verði fækkað vegna þessara breytinga.

Steingrímur Sævarr Ólafsson lét í gær af störfum sem fréttastjóri Stöðvar 2. Hann sagði í gærkvöldi óráðið hvort hann taki við öðru starfi innan 365 eða láti af störfum hjá fyrirtækinu.

„Ég tel mig hafa verið á réttri leið með fréttastofuna, og það hljóta alltaf að vera vonbrigði að fá ekki að fylgja því eftir sem maður hefur verið að gera,“ sagði Steingrímur.

### Blendnar tilfinningar

Fréttastofur útvarps og sjónvarps hjá RÚV hafa verið sameinaðar undir merki fréttastofu RÚV. Óðinn Jónsson, sem áður var fréttastjóri útvarps, verður fréttastjóri. Elín Hirst, sem gegndi stöðu fréttastjóra sjónvarps, verður hvorki frétta- né varafréttastjóri.

Blendnar tilfinningar voru á meðal starfsmanna RÚV á fundi þar sem breytingin var tilkynnt. Páll Magnússon útvarpsstjóri fullvissaði starfsmenn um að starfsfólki yrði ekki sagt upp í kjölfar sameiningarinnar. Heyra mátti á starfsmönnum að ekki voru allir vissir um að sú fullyrðing stæðist til langs tíma.



**FUNDUR HJÁ 365** Ari Edwald, forstjóri 365, kynnti breytingar á fréttastofum Stöðvar 2 og Vísis á fundi með starfsmönnum í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




**FUNDUR HJÁ RÚV** Tilkynnt var um breytingar á fréttastofum Ríkisútvarpsins á starfsmannafundi í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON**



**ÓÐINN JÓNSSON**

Elín Hirst tók til máls og sagðist styðja sameininguna og hafa gert lengi enda væri hugmyndin ekki ný af nálinni. Hún ætlaði þó ekki að neita því að hún hefði kosið að leiða starfið. Hún væri hins vegar ekki á förum og mundi máta sig sem undirmaður Óðins Jónssonar.

Varafréttastjórar hinnar sameiginlegu fréttastofu eru Broddi Broddason, Ingólfur Bjarni Sigfússon, Margrét Marteinsdóttir og Sigríður Hagalín Björnsdóttir. Íþróttadeildin, sem áður var undir innlendri dagskrárdeild, færist nú undir fréttastofuna. Þá heyra svæðisstöðvar og ritstjórn ruv.is einnig undir fréttastofuna.

**brjann@frettabladid.is**
**kolbeinn@frettabladid.is**




Lokaspretturinn í framboði til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna framundan:

# Þungaviktarmaður leggur lið

**UTANRÍKISMÁL** Jan Eliasson, fyrrverandi utanríkisráðherra Svíþjóðar, mun taka virkan þátt í lokabaráttu íslenskra stjórnvalda fyrir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, og funda með fulltrúum ríkja SÞ fyrir Íslands hönd.

Þetta er hluti viðamikillar samvinnu Íslands og hinna Norðurlandaþjóðanna, sem styðja framboð Íslands, segir Kristín A. Árnadóttir, framkvæmdastjóri framboðs Íslands.

„Þetta er þungaviktarmaður, vel virtur og vel þekktur,“ segir Kristín. Eliasson var áður fastafulltrúi Svíþjóðar, og síðar forseti allsherjarþings SÞ. Frá desember 2006 hefur hann sinnt starfi sérstaks sendifulltrúa framkvæmdastjóra SÞ í Darfúrhéraði í Súdan.

Kosið verður milli Íslands, Austurríkis og Tyrklands um tvö laus sæti í ráðinu fyrir árin 2009 og 2010 þann 17. október. Spurð um möguleika Íslands segir Kristín að þjóðirnar þrjár hafi allar sterka stöðu.

Fjórir íslenskir sendiherrar munu starfa að framboðinu í höfuðstöðvum SÞ í New York vikurnar fyrir kosningarnar, auk sendinefndar Íslands og sendinefnda hinna Norðurlandanna hjá SÞ. Það er hluti af hernaðaráætlun íslenskra stjórnvalda fyrir þær vikur sem eftir eru fram að kosningum. Þá munu bæði utanríkisráðherra, forsætisráðherra og forseti Íslands vinna að framboðinu á vettvangi SÞ í New York. **- bj**



**JAN ELIASSON** Mikill fengur þykir í því að hafa fengið fyrrverandi utanríkisráðherra Svíþjóðar til liðs við framboð Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# MONGOOSE

## Nýtt í Hagkaup

á amerískum dögum




# 40% AFSLÁTTUR

## af öllum hjólum




Gildir til 30. september eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Inn á heimili hvaða verkalýðsforkólfs var brotist á dögunum?*

2 *Hvað heitir lögmaður Færeyinga sem sleit stjórnarsamstarfinu á mánudag?*

3 *Hvaða listamaður var dæmdur í 400 þúsund króna sekt í Kanada vegna listaverks?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Ungverskur öryggismálafræðingur um NATO-ríki í austanverðri Mið-Evrópu:

# Vilja vinna sér velvilja vestra

**ÖRYGGISMÁL** Ríkin í austanverðri Mið-Evrópu, sem á dögum kalda stríðsins voru austan járntjaldsins en eru nú flest gengin í Atlantshafsbandalagið, leggja sitt af mörkum til verkefna bandalagsins á fjarlægum slóðum, svo sem í Írak og Afganistan, nær eingöngu til að vinna sér inn velvilja hjá hinum leiðandi ríkjum bandalagsins, Bandaríkjunum fyrst og fremst, en ekki vegna þess að þau telji þessi nýju verkefni NATO samræmast eiginlegum hagsmunum sínum.

Þetta sagði ungverski öryggismálasérfræðingurinn dr. Pál Dunay í erindi sem hann flutti á opnum málfundi Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands í gær.



**PÁL DUNAY** Klúðurslega staðið að stefnumótun NATO gagnvart Rússlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Evrópa er ekki lengur þungamiðjan í stefnu NATO," segir Dunay í samtali við Fréttablaðið. Sú þungamiðja hafi færst frá því að snúast um staðbundnar varnir (Vestur-)Evrópu gegn áþreifanlegri ógn (úr austri) í að framfylgja hnattrænum stefnumálum sem Bandaríkjamenn hafi forgöngu um að ákveða.

Dunay segir NATO hafa allt frá miðjum síðasta áratug staðið mjög klúðurslega að stefnumótun sinni gagnvart Rússlandi. Þetta eigi sinn þátt í því að í það stefni að ríkin í austanverðri Mið-Evrópu meti NATO minna og styðji það að Evrópusambandið láti meira að sér kveða í öryggismálum álfunnar. - aa

Stjórnarformaður Orkuveitu:

# Tilkynnt um nýjan forstjóra

**STJÓRNSÝSLA Stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur stefnir á að greina frá því hver verði ráðinn forstjóri fyrirtækisins á stjórnarfundi næsta föstudag.**

**Guðlaugur G. Sverrisson stjórnarformaður verður þögull sem gröfin þangað til. „Annars yrði þetta bara eins og nýtt REI-mál, þegar allir leka í fjölmiðla. Við viljum koma í veg fyrir það," segir Guðlaugur. Hann haldi trúnað við eigendur fyrirtækisins. Guðlaugur segir mannvalið gott og ekki létt verk að velja úr. Um starfið sóttu 18 manns. Hjörleifur B. Kvaran hefur verið starfandi forstjóri OR. - kóþ**


Flokksstjórnarfundur Samfylkingarinnar

Í FLENSBORGARSKÓLA Í HAFNARFIRÐI
LAUGARDAGINN 20. SEPTEMBER 2008 KL. 11.00



**Dagskrá:**

- **Ræða Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur**, formanns Samfylkingarinnar
- **Efnahagsvandinn – leiðir til framtíðar**

  **Pallborðsumræður**

  **Þátttakendur:**

  Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar
  Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ
  Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA
  Jónas H. Haralz, hagfræðingur
- **Almennar stjórnmálaumræður**
- **Ráðherrar sitja fyrir svörum**

Málefnanefndir Samfylkingarinnar funda frá kl. 9.00 á sama stað
Verkalýðsmálaráð flokksins fundar frá kl. 9.30

**Allir velkomnir!**
**Nánari upplýsingar á** *www.samfylking.is*

Samfylkingin



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki







**GATNAMÓTIN VIÐ VIRKJUNINA VERÐA SVIPUÐ ÞESSUM** Mörg mislæg gatnamót munu rísa á þjóðvegi 1 þegar Suðurlandsvegur verður tvöfaldaður. MYND/LÍNUHÖNNUN

# Mislæg gatnamót við Hverahlíðarvirkjun

**Bæjarstjóri Ölfuss segir litla prýði af mislægum gatnamótum og að hann vilji helst fækka þeim sem mest. Aðkoma að virkjunarsvæðinu við Hverahlíð verður um mislæg gatnamót á þjóðveginum.**

**SKIPULAG** „Ég skammast mín ekkert fyrir mannvirki og atvinnuhúsnæði en mislæg gatnamót taka feiknamikið landsvæði og er engin prýði að þeim. Við viljum helst leysa þetta á annan hátt, með tengivegum og þess háttar. En gatnamótin við Hverahlíðarvirkjun verða að vera þarna," segir Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri Ölfuss.

Deiliskipulagning 350 hektara, báðum megin við þjóðveg 1, hefur verið auglýst af bæjarstjórn Ölfuss vegna fyrirhugaðrar Hverahlíðarvirkjunar. Aðkoma að virkjunarsvæðinu verður um mislæg gatnamót á þjóðveginum.

Verða gatnamótin ein af mörgum mislægum gatnamótum sem koma til með að vera á nýjum tvöföldum Suðurlandsvegi.

Í auglýsingunni segir að leitast verði við að halda vegaframkvæmdum, tengdum virkjuninni, í lágmarki og reynt verði að endurnýta vegstæði.

Ólafur Áki segir sveitarfélagið leggja áherslu á að fækka þeim eins og hægt sé innan sveitarmarka.

Útstreymi jarðhitalofttegunda frá Hverahlíðarvirkjun er áætlað um 30.000 tonn á ári og verður útblásturinn hreinsaður eins og í öðrum virkjunum í nágrenninu.

Ólafur Áki kveður hönnun Hverahlíðarvirkjunar ólíka hönnun Hellisheiðarvirkjunar.

„Meiningin er að stöðvarhúsið verði í hvilft og falli þannig inn í landslagið. Húsið á lítið að sjást frá þjóðveginum," segir hann. Leiðslur verði flestar í jörðu.



**RÖR VIÐ HELLISHEIÐARVIRKJUN** Hönnun Hellisheiðarvirkjunar hefur verið umdeild, en móttökuhús er áberandi og við rör liggja yfir landið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Spurður um rörin í kringum Hellisheiðarvirkjun segir Ólafur Áki að það rask megi bæta.

„Það er hægt að setja rörin í jörðu þótt það kosti líka rask," segir hann. Ölfussbúar myndu fagna því ef það yrði gert.

Sveitarfélagið hafi „alltaf lagt áherslu á að hafa lagnir sem mest í jörðu og alla vegagerð eins lítið áberandi og hægt er. Við gerðum okkar athugasemdir vegna Hellisheiðarvirkjunar en Orkuveitan mat þetta svona."

Deiliskipulagið verður til sýnis í Ráðhúsi Ölfuss til 7. október og er gefinn kostur á að skila athugasemdum til 21. október.

klemens@frettabladid.is

# Hvaða vexti ert þú með á þínum launareikningi?

- Betri innlánsvextir
- Betri yfirdráttarvextir
- Hagstæðari launareikningur




Sæktu um og þú gætir unnið 10.000 kr. gjafabréf á Argentínu Steikhús

ARGENTÍNA

S24 …og þú hagnast

Stofnaðu reikning... **www.s24.is** 533 2424 – Sætún 1



**Á HÆGRI FERÐ TIL JARÐAR** Nokkrir suðurkóreskir hermenn sýndu listir sínar í fallhlífarstökki í gær, á æfingu fyrir hersýningu sem haldin verður 1. október þegar landsmenn halda upp á sextíu ára afmæli hersins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flótti eftirlýsts manns úr landi var sök einstaklings í rannsóknardeild:

# Ekki ástæða til áminningar

**LÖGREGLUMÁL** Yfirmaður rannsóknardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Friðrik Smári Björgvinsson, sér ekki ástæðu til að áminna starfsmanninn, sem láðist að tilkynna landamæraeftirliti í Keflavík að meintur ofbeldismaður, Ivan Kovulenko, væri eftirlýstur.

Kovulenko gekk óáreittur í gegnum landamæraeftirlitið í síðustu viku, en hann var eftirlýstur vegna alvarlegrar líkamsárásar.

„Það verður enginn einn dreginn til ábyrgðar og ég get ekki séð ástæðu til þess,“ segir Friðrik Smári. Slíkt hafi ekki komið til tals.



**IVAN KOVULENKO**

Spurður um málsatvik, segir Friðrik: „Ég veit ekki hvaða skýring liggur að baki. Það var skammur tími frá því að þetta uppgötvaðist [hver Kovulenko var] og þangað til maðurinn komst úr landi. Og það var mikið að gera, en það afsakar ekki neitt.“

Starfsmaðurinn vinnur innan rannsóknardeildar lögreglunnar og Friðrik Smári segir að verklagsreglur hennar verði endurskoðaðar og farið yfir atvikið í heild sinni. - kóþ



**FRIÐRIK SMÁRI BJÖRGVINSSON** Yfirmaður rannsóknardeildar sér ekki ástæðu til að veita áminningu.

Í Ráðhúsinu í kvöld:

# Samtök stofnuð um líf án bíls

**SAMGÖNGUR** Stofnuð verða samtök um bíllausan lífsstíl í Tjarnarsal Ráðhússins klukkan 20 í kvöld og kosið í stjórn þeirra.

Í tilkynningu segir að samtökin séu þverpólitískt félag fólks sem hafi að áhugamáli að gera bíllausan lífsstíl að vænlegri kosti en nú er.

Markmiðið sé ekki að berjast gegn einkabílnum eða bíleigendum, heldur að stuðla að fjölbreyttari samgöngum. Einnig að berjast fyrir því að jafnræðis sé gætt milli samgöngukosta.

Allir áhugasamir eru boðnir velkomnir á stofnfundinn. - kóþ



**ODIERNO OG PETRAEUS** Núverandi og fráfarandi yfirmaður erlenda heraflans. NORDICPHOTOS/AFP

Herforingjaskipti í Írak:

# Odierno tekur við af Petraeus

**ÍRAK, AP Bandaríski herforinginn David Petraeus, sem hefur stjórnað herafla Bandaríkjanna í Írak síðan snemma á síðasta ári, kvaddi þann starfsvettvang í gær.**

**Við tók Ray Odierno, annar bandarískur herforingi, sem fær nú það erfiða verkefni að stjórna erlendum her sem nýtur lítilla vinsælda í landinu. Herforingjaskiptin fóru fram við hátíðlega athöfn í einni af höllum Saddams Hussein, fyrrverandi forseta Íraks. Petraeus sagði þar að Odierno væri fullkominn maður í þetta starf.** - gb

**SLÖKKVILIÐ**

## Eldsvoði á Laugarvatni

Einbýlishús á Laugarvatni skemmdist mikið í eldi um hádegisbil í gær. Samkvæmt lögreglu á Selfossi gekk vel að slökkva eldinn en tjónið varð mikið. Engan sakaði en húsið var mannlaust þegar eldsins varð vart.

# Óttast klofning Bólivíu

**Forsetar Suður-Ameríkuríkja segjast staðráðnir í að finna lausn á átökunum í Bólivíu sem hafa kostað tugi manna lífið síðustu daga. Evo Morales, forseti Bólivíu, hefur misst tökin á stórum hluta landsins.**

**BÓLIVÍA, AP** Forsetar ríkja Suður-Ameríku ætla að vinna saman að lausn á harðvítugum deilum stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga í Bólivíu, sem hafa orðið til þess að Evo Morales forseti hefur í raun misst tökin á stórum hluta landsins.

Átökin hafa kostað tugi manna lífið síðasta hálfa mánuðinn, en á mánudag komu þjóðarleiðtogar ríkja álfunnar saman í Chile til að fjalla um ástandið og lýstu yfir stuðningi við Morales. Þeir hvetja uppreisnarmenn til að hætta þegar í stað öllu ofbeldi.

„Við getum ekki staðið hjá andspænis þessu ástandi sem veldur okkur öllum áhyggjum,“ sagði Michelle Bachelet, forseti Chile, en hún er jafnframt forseti Bandalags Suður-Ameríkulanda.

Uppreisnin er í fjórum héruðum í austanverðri Bólivíu. Þessi héruð krefjast aukinnar sjálfstjórnar og vilja að Morales forseti hætti við að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá, sem myndi auka miðstýringu og veita forsetanum meiri völd.

Morales, sem er vinstrimaður eins og leiðtogar margra Suður-Ameríkulanda nú um stundir, segir stjórnarskrárbreytinguna nauðsynlega til að styrkja stöðu hinna fátæku frumbyggja, sem eru í miklum meirihluta meðal landsmanna. Sjálfur er Morales úr röðum frumbyggja.

Héruðin fjögur, Pando, Santa Cruz, Tarija og Beni, lýstu yfir sjálfstæði í desember síðastliðnum. Jarðgasframleiðsla Bólivíu er einkum í þessum fjórum héruðum, en eitt fyrsta verk Morales þegar hann komst til valda árið 2006 var að þjóðnýta jarðgasauðlindirnar við litla ánægju heimamanna.

Morales hefur sakað Bandaríkjamenn um að styðja uppreisnarmenn og hvetja þá til dáða.

Verst hefur ástandið verið í Pando-héraði, þar sem herlög hafa verið í gildi síðan á föstudag. Morales forseti sakar uppreisnarmenn þar um að hafa framið fjöldamorð á stuðningsmönnum stjórnarinnar.

Hugo Chavez, forseti í Venesúela, hefur óspart tekið undir þessar ásakanir og í síðustu viku ráku bæði Chavez og Morales sendiherra Bandaríkjanna úr löndum sínum.

„Fasismann verður að stöðva í Bólivíu,“ sagði Chavez á laugardaginn og vonast til að leiðtogafundurinn í Chile skipti sköpum.

gudsteinn@frettabladid.is




**ÆTTINGJAR HINNA LÁTNU** Ættingjar þeirra sem fallið hafa í átökum síðustu daga bíðu frétta fyrir utan stjórnarhöllina í La Paz. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


# REACH - Ertu ekki viss?

**Fundur um nýja reglugerð um skráningu efna, mat, leyfisveitingar og takmarkanir.**
**18. september í Yale salnum á RadissonSAS**
**Hótel Sögu kl. 09.00 - 12.00**

**Dagskrá**

9.00 *Bryndís Skúladóttir, Samtök iðnaðarins*
**Breytt lagaumhverfi og aukin ábyrgð framleiðenda**

*Doris Thieman, Efnastofnun Evrópu (ECHA)*

**Kaffihlé**

*Sigríður Kristjánsdóttir, Umhverfisstofnun*
**Skyldur íslenskra fyrirtækja og fyrstu skrefin**

*Doris Thieman, Efnastofnun Evrópu*
**Forskráning og leiðbeiningarskjöl**

**Samantekt og spurningar**

Fundurinn er öllum opinn og aðgangur ókeypis.
Skráning á mottaka@si.is eða í síma 591 0100.

www.si.is

FÍS
SVÞ
UMHVERFISSTOFNUN
SI Samtök iðnaðarins

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


Auglýsingar segja ekki alla söguna:

# Tilboð á allt nema það sem hann vildi sjá

Auglýsingar geta oft verið villandi og slegið ryki í augu neytenda. Það vill Jón að minnsta kosti meina. Hann skrifar: *„Ég heyrði auglýsingu frá Þjóðleikhúsinu í útvarpinu þar sem auglýst er að miðinn í leikhúsið fyrir okkur sem erum yngri en 25 ára kosti 1.500 kr. Þar kemur einnig fram að þetta gildi á allar sýningar, hvenær sem er. Mér fannst þetta ágætis „díll“ og ætlaði að kaupa miða á söngleikinn Ástin er diskó. Þá er mér sagt að tilboðið gildi ekki á þá sýningu og ég þurfi að borga 3.500 kr. Þvílíkt okur! Þau í miðasölunni sögðu að tilboðið gilti ekki á allar sýningar. Þetta finnst mér fáránlegt. Það kom ekkert fram um þetta í auglýsingunni! Það er út í hött að auglýsa svona þegar eina sýningin sem ég og mínir jafnaldrar hafa einhvern áhuga á að sjá í leikhúsinu er ekki innifalin í „dílnum“. Ekki langar mig á Hart í bak, sem mér var boðið að sjá í staðinn!“*

Kristrún Heiða Hauksdóttir, kynningarstjóri Þjóðleikhússins, svarar Jóni: *„Það er löng hefð fyrir því í leikhúsum að miðaverð á söngleiki sé hærra en á almennar sýningar. Söngleikjum fylgir umtalsvert hærri kostnaður við uppsetningu sökum þess að sýningar þeirra útheimta iðulega fleira starfsfólk, dansara, tónlist og flóknari tæknibúnað heldur en aðrar sýningar. Tilboð Þjóðleikhússins til leikhúsgesta 25 ára og yngri er 1.500 kr. á almennar sýningar, þ.e. ekki á söngleiki.*

*Tilboðsverð fyrir 25 ára og yngri á Ástin er diskó, lífið er pönk er 2.500 kr. (ekki 3.500 kr. eins og fram kemur í bréfi Jóns.) Fullt verð er 3.600 kr. og það er jafnaðarverð.*

*Okkur þykir leitt að Jón hafði ekki nánari upplýsingar um tilboðið og kom fýluferð alla leið í miðasöluna, en það er eðli auglýsinga að þær geta því miður ekki alltaf sagt alla söguna.“ Þá segir að í útvarpsauglýsingunni sem vísað er til sé bent á heimasíðuna, www.leikhusid.is, sem og miðasölu Þjóðleikhússins í síma 551-1200 til að fá nánari upplýsingar.*





**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

**Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# ÓDÝRT Í MATINN!




298

KJÖTFARS, FERSKT
FRÁ KJARNAFÆÐI
10% afsláttur
MERKT VERÐ 332 KR./KG.




40%
AFSLÁTTUR
UNGHROSSA STROGANOFF, FERSKVARA
FRÁ KJARNAFÆÐI
562 kr./kg.
MERKT VERÐ 937 KR./KG.




40%
AFSLÁTTUR
HEIMILISBÚÐINGUR
FRÁ KJARNAFÆÐI
479 kr./kg.
MERKT VERÐ 799 KR./KG.




25%
AFSLÁTTUR
HEIMILISPYLSUR
FRÁ KJARNAFÆÐI
476 kr./kg.
MERKT VERÐ 635 KR./KG.




98 KR./PK.
BÓNUS
BÓNDABJÚGU
10% afsláttur
MERKT VERÐ 109 KR./PK.

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: MÁN. - FIM. 12:00-18:30, FÖS. 10:00-19:30, LAU. 10:00-18:00 OG SUN. 12:00-18:00.

## Ákvörðun liggi fljótlega fyrir

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, formaður Gjaldmiðilsnefndarinnar, segir að talsvert þurfi að gerast svo hægt sé að halda í krónuna. Á móti komi að það kosti mikið átak að taka upp nýjan gjaldmiðil. „Evran krefst miklu agaðari vinnubragða en hér hafa verið stunduð,“ segir hann. Ljóst sé að ekki verði búið við ástandið eins og það er og eins sé mikilvægt að ákvörðun um hvað gera eigi liggi fljótlega fyrir. „Efnahagslífið byggist mikið til á væntingum og það eitt að menn hafi ákveðið hvað gera eigi getur skapað ákveðna ró.“ Hann segir tímann sem til stefnu sé mældan í misserum en ekki árum. - bþs

## Krónan skoðuð fyrst

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, segir niðurstöðu skýrslu Gjaldmiðilsnefndar flokksins ljósa; tveir kostir í peningamálum séu vænlegastir. „Annars vegar að hafa krónuna áfram með gjörbreyttri peningastefnu eða leita eftir evru. Þar eru svo tvær leiðir nefndar, að láta reyna á EES-samninginn og ganga í Myntbandalag Evrópu eða í gegnum Evrópusambandið sem er allt annað mál.“



GUÐNI ÁGÚSTSSON

Guðni segir að hvað sem þessu líði sé skammtímakostur stjórnmálamanna og atvinnulífsins aðeins einn. „Við tökum ekki upp evru á morgun eða í nálægri framtíð og þurfum þess vegna að vinna með krónuna eins og við séum á leið inn í Myntbandalagið.“

Spurður um eigin skoðun á fyrirliggjandi kostum segir Guðni að þá þurfi að skoða með framtíð þjóðarinnar í huga. „Ég vil byrja á að skoða mjög vel hvort krónan sé hentug áfram því á meðan við höfum hana förum við sjálf með peningamálastjórnina sem getur verið mikilvægt. En kafa þarf djúpt í báða kosti.“ - bþs

## Evran er eina leiðin

Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins, segir að með hliðsjón af skýrslunni og mati hagfræðinganna Gylfa Magnússonar og Björns Rúnars Guðmundssonar sé í raun ein leið fær. Að sækja um aðild að Evrópusambandinu. „Í skýrslunni eru í raun tveir möguleikar því ég tel að upptaka evru með sérstöku samkomulagi sé ekki inni í myndinni. Sérfræðingunum sögðu okkur að krónan gagnist okkur ekki sem gjaldmiðill í framtíðinni og þá er eina leiðin að sækja um aðild að Evrópusambandinu.“



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Valgerður segir Framsóknarflokkinn hafa ályktað um að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram um hvort þjóðin vilji hefja aðildarviðræður. Sjálf vilji hún undirbúa aðildarumsókn.

Valgerður segir mikilvægt að umræðan um peningamálin hafi nú verið þrengd, því geti menn einbeitt sér að því að vinna málið áfram. „Í því verki höfum við framsóknarmenn ekki annað hlutverk en að veita ríkisstjórninni aðhald og leggja fram okkar hugmyndir. - bþs

### LAUSATÖK OG TILTRÚ

■ Það verður að viðurkennast að í tíð fyrri ríkisstjórnar hvíldi þungi hagstjórnarinnar of mikið á peningamálastjórn Seðlabanka Íslands. Stjórn ríkisfjármála hefði samhliða aðgerðum Seðlabankans þurft að vera markvissari.
■ Núverandi ríkisstjórn bætti svo um betur við fjárlagagerðina fyrir árið 2008 með því að auka útgjaldarammann um upp undir 20% og neita að horfast í augu við vandann með því að benda á mikinn afgang af rekstri ríkissjóðs.
■ Með aðhaldssamari ríkisfjármálum og meiri samtakamætti þessara aðila [Seðlabanka og ríkisstjórnar] hefði mátt forða svo miklum stýrivaxtahækkunum Seðalabanka Íslands.
■ Sögu sinnar vegna býr Seðlabanki Íslands hins vegar ekki við nægjanlega mikinn trúverðugleika sem gerir honum erfiðara fyrir en ella. Á síðustu mánuðum vaxandi verðbólgu er óhætt að fullyrða að Seðlabankinn hafi þurft að halda vöxtum hærri en ella til að byggja upp og viðhalda trúverðugleika. Deila má um hvort það hafi tekist.
■ Á tímum fljótandi gengis eins og nú er sér hin ósýnilega hönd markaðarins um að stjórna sveiflum í gengi krónunnar og enn sem fyrr ríkir tortryggni varðandi það hverjir hagnast í raun á gengislækkunum. Afleiðingin hefur undantekningalaust verið sú að verðbólga hefur aukist til mikilla muna.

*Úr skýrslunni*

# Dýrt að efla varasjóðinn

**Hvort sem evra eða stórefld króna verða framtíðargjaldmiðill Íslands þarf að taka ákvörðun sem fyrst. Það er mat gjaldmiðilsnefndar Framsóknarflokksins. Efling gjaldeyrisvaraforða kostar 25 milljarða á ári.**

Íslendingar standa frammi fyrir tveimur kostum í gjaldeyrismálum sínum; að stórefla krónuna með margvíslegum aðgerðum eða taka upp evru.

Þetta er niðurstaða tveggja mánaða athugunar níu manna gjaldmiðilsnefndar Framsóknarflokksins.

Í skýrslu nefndarinnar, sem kynnt var í gær, er lagt mat á þá kosti sem eru í stöðunni auk þess sem farið er yfir helstu viðburði í þyrnum stráðri sögu peningamála á Íslandi þar sem verðbólga og gengisfellingar eru í aðalhlutverkum.

Nefndin sem Jóhannes Geir Sigurgeirsson, fyrrverandi þingmaður Framsóknarflokksins, veitti formennsku segir að hvorki upptaka evru né stórefling krónunnar séu einfaldar aðgerðir. Báðar kosti fórnir á móti ávinningi. Og hvorug leiðin sé fær öðruvísi en að komið verði á meiri festu í almennri efnahagsstjórn auk þess sem breyta þurfi stjórn efnahags- og peningamála. Í tilviki eflingar krónunnar er það mat nefndarinnar að efla þurfi gjaldeyrisvarasjóðinn verulega svo hann nemi minnst tíu prósentum af efnahag bankanna. Kostnaður við slíkt getur numið um 25 milljörðum króna á ári. Þá þarf að skerpa stjórntæki Seðlabankans og breyta uppbyggingu hans og starfsháttum. Í þeim efnum bendir nefndin á að umfjöllun bankans um vaxtaákvarðanir þurfi að vera gegnsæjar og tryggja þurfi að í stjórn og framkvæmdastjórn sé á hverjum tíma hagnýt þekking úr atvinnulífinu til viðbótar við grunnþekkingu í hagfræði. Einnig þurfi að beina til stóru bankanna að skilja erlenda starfsemi sína frá innlendri.



SKÝRSLAN KYNNT Jóhannes Geir Sigurgeirsson kynnir kostina í gjaldeyrismálum þjóðarinnar að mati gjaldmiðilsnefndar Framsóknarflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Verði evran gjaldmiðill Íslands færi Seðlabanki Evrópu með vaxtaákvarðanir og Seðlabanki Íslands yrði einungis fulltrúi hins evrópska og sæi um að framfylgja stefnu hans.

Nefndin dregur upp lauslegt mat sitt á kostum og göllum hvorrar leiðar fyrir sig. Helstu kostir við krónuna eru að efnahagslífið getur áfram aðlagast breyttum aðstæðum með gengisbreytingum og er ekki bundið einu svæði umfram öðru í utanríkisviðskiptum á grundvelli þess gjaldmiðils sem er notaður. Gallar við krónuna eru á hinn bóginn þeir helstir að vandkvæðum verður bundið fyrir íslensku fjármálafyrirtækin og hugsanlega önnur alþjóðleg fyrirtæki að vaxa og dafna áfram. Lítill gjaldmiðill verði alltaf ákveðin hindrun í milliríkjaviðskiptum auk þess sem honum fylgi aukinn kostnaður. Þá fylgi verulegur kostnaður því að byggja upp þann gjaldeyrisvarasjóð sem þarf til að standa að baki krónunnar.

Helstu kostir við evruna eru lægri vextir, mun minna gengisflökt og aukin utanríkisviðskipti. Gallar evrunnar eru á hinn bóginn hugsanleg hindrun í viðskiptum við fyrirtæki utan evrusvæðisins, sveiflum í atvinnulífi verður ekki mætt með gengisbreytingum eins og tíðkast hefur og íslenska krónan hverfur sem þjóðernistákn.

bjorn@frettabladid.is




sjónlag
augnlækningar
laseraðgerðir



Tilkynning

Hef flutt augnlæknastofu mína
í nýja augnlæknastöð okkar í Sjónlagi
í Vesturhúsi Glæsibæjar, 5. hæð.

Óskar Jónsson, augnlæknir.
Sérfræðingur í sjónhimnulækningum og
augasteinsaðgerðum.


Gylfi Magnússon um sögu íslensku krónunnar:

# Nánast endalaus hrakfallasaga

**EFNAHAGSMÁL** Ekki er hægt að byggja framtíðarskipan peningamála á núverandi fyrirkomulagi. Sú hagfræðitilraun sem hefur verið stunduð gengur ekki upp.

Þetta er mat Gylfa Magnússonar, hagfræðings og dósents við Háskóla Íslands, á stöðu peningamála. Á fundi Framsóknarflokksins í gær sagði hann sögu íslensku krónunnar nánast endalausa hrakfallasögu.



GYLFI MAGNÚSSON



BJÖRN RÚNAR GUÐMUNDSSON

Gylfi fór nokkrum orðum um stöðuna. Sagði gjaldmiðilinn lítinn og fljótandi í opnu hagkerfi þar sem fjármagnsflutningar væru frjálsir. Gjaldeyrisvaraforðinn væri lítill og Seðlabankinn að mörgu öðru leyti veikburða og ótrúverðugur. Andspænis þessu stæði stórt og ört vaxandi fjármálakerfi. „Þessi samsetning gengur ekki. Það held ég að sé orðið öllum ljóst,“ sagði hann og svaraði neitandi eigin spurningu um hvort hægt væri að laga bakgrunn krónunnar svo hún yrði boðlegur gjaldmiðill. Það væri í það minnsta afar ólíklegt.

Gylfi sagði að ef undan væri skilinn síðari hluti tíunda áratugarins hefði ríkt óstöðugleiki í íslenskum efnahagsmálum frá stríðslokum. Í sextíu ár hefðum við því ekki haft stjórn á peningamálunum. Sagði hann lykil að farsælli siglingu út úr núverandi ágjöf vera trúverðug stefna til langtíma. Smáskammtalækningar á borð við þær sem stundaðar voru áður fyrr dugi ekki lengur.

Gylfi hélt til haga að Íslendingar hefðu náð góðum lífskjörum með krónunni. En það hefði gerst þrátt fyrir krónuna, ekki vegna hennar.

Um leið og Björn Rúnar Guðmundsson, hagfræðingur og forstöðumaður hjá Landsbanka Íslands, tók í sama streng og Gylfi var hann afdráttarlaus í niðurstöðum sínum. Þó tilraunin með flotgengisstefnuna hafi verið ómaksins virði væri svo komið að Ísland þyrfti traust akkeri. Það akkeri væri evra. - bþs

**Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:**

# Tölvunám haustið 2008 Menntun sem gefur þér forskot



1986 - 2008 • 22 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa fleiri en 37.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á 22 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

**Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

Microsoft CERTIFIED Partner · PEARSON VUE · PROMETRIC Testing Centre

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

### MCSA og MCP netstjórn



**Netumsjón MCP**

Þetta er besta námið fyrir þig ef þú vilt sjá um netrekstur í fyrirtækjum og skapa þér ný tækifæri á vinnumarkaði. Lærðu grunnfræði netkerfa, Windows XP Professional (70-270) og Windows 2003 Server (70-290). Tvö MCP próf innifalin. *Fyrsti áfangi að MCSA gráðu.*

**Lengd**: 121 st./81 klst. Kennt 16:15-19:15
**Verð**: 174.900 (*146.000* án prófa)
*Kennt mán/mið - Hefst 24. september*

**MCSA netstjórnun**

Taktu MCSA (Microsoft Certified Systems Administrator) gráðu og vertu í hópi þeirra eftirsóttustu. Fáðu yfirburða þekkingu á netstjórnun og Exchange.

Þú lærir netfræði, TCP/IP, Windows XP Professional (70-270), Windows 2003 Server MCP (70-290), stjórnun Windows neta og netumhverfi Windows 2003 (70-291) og Windows Vista (70-620).

Öll (4) nauðsynleg próf innifalin.

**Lengd**: 243 st./162 klst. Kennt 16:15-19:15
**Verð**: 329.900 (*274.000* án prófa)
*Kennt mán/mið - Hefst 24. september*

**Windows XP Professional MCP**

Fyrsti áfangi þinn að MCSA gráðu (70-270).
**Lengd**: 60 stundir/39 klst. **Verð**: 99.900

**Windows Server 2003 MCP**

Náðu tökum á netstjórnun strax (70-290).
**Lengd**: 60 stundir/39 klst. **Verð**: 99.900

Microsoft CERTIFIED Partner

### Hagnýt verkefnastjórnun



Þetta er nám er fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á verkefnastjórnun með því að beita nútíma aðferðum og ná þannig hámarks árangri við jafnt smærri sem stærri verkefni.

*Helstu kennslugreinar:*

- Undirstaða nútíma verkefnastjórnunar og helstu aðferðir sem leiða til vel heppnaðra verkefna og stjórnunar.
- PRINCE2 aðferðarfræðin sem beitt er til þess að undirbúa, áætla og stjórna smáum jafnt sem stórum verkefnum.
- Hugarkort - frábær aðferð til að skipuleggja og undirbúa.
- Microsoft Project við gerð verk- og kostnaðaráætlana, verkeftirlit, utanumhald um auðlindir og stjórnun verkefna og verkefnasafna.

**Lengd**: 54 stundir/36 klst. **Verð**: 99.900
*Kennt á föstudögum - hefst 26. september!*

### Vefhönnun og myndvinnsla



Þetta námskeið er ætlað þeim fjölmörgu sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að sjá um vef, hönnun hans og stjórnun. Námskeiðið er góður grunnur undir frekara nám og þekkingaröflun á þessu sviði.

*Dagskrá:*

- Hönnun og skipulag vefja. Farið er yfir hverning byggja á upp vef á skipulegan hátt og auðvelda þannig vefsíðugerðina.
- Forritun vefja með HTML. HTML er mikilvægur grunnur vefsíðugerðar.
- Vefsíðugerð með DreamWeaver. Farið er mjög ítarlega yfir alla eiginleika DreamWeaver við vefsíðugerð.
- Myndvinnsla og grafík. Kennt er á forritin Flash og Photoshop.
- Notkun tilbúinna JavaScript eininga. Kennt er að nota tilbúnar JavaScript einingar til að auðga vefsíðurnar.

**Lengd**: 90 stundir/60 klst. 16:15-19:15
**Verð**: 99.900 • Hefst 25. september

### Bókhald, tölvur og skrifstofa

**Hagnýtt bókhaldsnám**

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Þátttakendur fá innsýn í alla algengustu þætti daglegrar bókhaldsvinnu og eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni að loknu námi.

**Helstu kennslugreinar**

- Fjárhagsbókhald, töluvbókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti
- Laun, afstemningar, undirbúningur uppgjörs og margt fleira

**Lengd**: 94 stnd./63 klst. **Verð**: 108.900

**Skrifstofu- og bókhaldsnám**

Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access. ECDL hæft nám.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

**Lengd**: 300 stundir/200 klst. **Verð**: ~~249.900~~ 229.900

**Skrifstofu- og tölvunám**

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel. ECDL hæft nám.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

**Lengd**: 200 stundir/133 klst. **Verð**: ~~169.900~~ 159.900

**Tölvu- og bókhaldsnám**

Einstakt nám fyrir þig ef þú vilt leggja megináherslu á að læra hagnýta tölvunotkun og bókhald. Lærðu það sem þarf til að undirbúa þig undir krefjandi skrifstofustörf, bókhald eða sjálfstæðan atvinnurekstur.

**Helstu kennslugreinar**

- Upplýsingatækni, Excel, Access, Outlook, PowerPoint og Word
- Verslunarreikningur
- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, launamál ofl.
- Tíma- og verkefnastjórnun

**Lengd**: 225 stnd./150 klst. **Verð**: ~~199.900~~ 179.900

**Bókaðu þig strax í kvöld- eða morgunnám**

* Tilboð gildir í takmarkaðan tíma

### Stutt námskeið

**Byrjendanámskeið**

- Tölvufærni I - Byrjendur • *22 st./26.900*
- Windows, Word og Internetið • *22 st./26.900*
- Internetið og tölvupóstur • *9 stundir/11.900*
- Windows fyrir byrjendur • *9 stundir/11.900*
- Fingrasetning - tölvuvélritun • *6 st./7.500*

**Stafræn ljósmyndun og myndbönd**

- Ljósmyndavinnsla með Picasa • *9 st./12.900*
- Stafræn ljósmyndun • *13 stundir/16.900*
- Photoshop Elements • *13 stundir/17.900*
- Stafræn myndbandagerð • *13 stundir/17.900*

**Access**

- Access I: Almennt nám • *22 stundir/29.900*
- Access II: Sérhæft nám • *18 stundir/34.900*

**Word**

- Word I: Almenn ritvinnsla • *22 st./26.900*
- Word II: Kraftmikil ritvinnsla • *18 st./29.900*
- Word Ia: Grunnur ritvinnslu • *9 st./11.900*
- Word Ib: Betri ritvinnsla • *13 st./17.900*
- Töflur og eyðublöð í Word • *4 st./9.900*
- Vinnsla langra skjala í Word • *13 st./20.900*
- Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 st./9.900*

**Excel**

- Excel I: Almennt nám • *22 st./26.900*
- Excel IIa: Sérhæft nám • *18 st./32.900*
- Excel IIb: Fjárm.,bókh. og endsk. • *18 st./39.900*
- Excel III: Fjölvar og forritun • *32 st./49.900*

**PowerPoint**

- PowerPoint I: Almennt nám • *13 st./17.900*
- PowerPoint II: Sérhæft nám • *9 st./14.900*
- PowerPoint I + II • *22 st./26.900*

**Outlook**

- Outlook I: Póstur, dagbók ofl. • *13 st./17.900*
- Outlook II: Fyrir lengra komna • *9 st/14.900*

**Publisher og Visio**

- Publisher: Bæklingar,kort ofl. • *13 st./17.900*
- Visio - viðskiptamyndgerð • *13 st./19.900*

**Vefsíðugerð, Photoshop og Flash**

- DreamWeaver vefsíðugerð • *27 st./32.900*
- DreamWeaver og Photoshop • *54 st./55.900*
- DreamW., Photoshop og Flash • *72 st./76.900*
- Flash: Margmiðlun • *18 st/27.900*
- Flash II: Forritun • *18 st/39.900*
- Photoshop: Ljósmyndir og grafík • *27 st./32.900*

**Verkefna- og tímastjórnun**

- PRINCE2 verkefnastjórnun • *18 st./54.900*
- MS Project verkefnastjórnun • *22 st./44.900*
- Betri tímastjórnun • *9 st./16.900*
- Hugarkort og skipulagning • *4 st./9.900*

**Office 2007**

- Office 2007: Nýtt og breytt • *3 stundir/5.900*

### Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir greiðsluskilmálar og lán til allt að 5 ára (leitið nánari upplýsinga um kjör).

**Tölvunám TV til betri verka**
**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!**

www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www·tv·is

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi**

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

**100% FJÁRMÖGNUN**
50% ERLENT / 50% ÍSLENSKT LÁN

## Bílstjórar athugið!

# Rúúúúmgóð gullegg fyrir




Nokkur stk. á sértilboði

HYUNDAI

**Hyundai i30 CW**
5 dyra, bensín og beinskiptur.
**Verð áður: 2.880.000**

**2.590.000**
**290.000** afsláttur

Nokkur stk. á sértilboði

HYUNDAI

**Hyundai Tucson**
5 dyra, bensín og beinskiptur.
**Verð áður: 3.520.000**

**3.168.000**
**352.000** afsláttur

**200.000 kr. fyrir þann gamla.**

**Færir sá gamli þér gullegg?**
Við bjóðum þér uppítökutryggingu að upphæð **200.000 kr.** Það þýðir að bíllinn þinn, sama hversu gamall og reittur hann er, verður aldrei minna en **200.000 kr.** virði (þarf að vera gangfær og skoðaður ´09). Láttu sérfræðinga okkar meta bílinn og keyrðu burt á nýjum bíl.



**Gríptu gæsina í dag**
**og gerðu (g)eggjað góð kaup**



# unga sem aldna



Santa Fe farangursrými: 969/2213 lítrar

Nokkur stk. á sértilboði

HYUNDAI

**Hyundai Santa Fe**

5 dyra, bensín og sjálfskiptur.

**Verð áður: 4.900.000**

**4.410.000**

**490.000** afsláttur

Aukabúnaður á mynd: álfelgur og vindskeið. B&L áskilur sér rétt til verð- og búnaðarbreytinga án fyrirvara.

## Gríptu gæsina í dag og fáðu þér nýjan Hyundai á kostakjörum.

**HYUNDAI** eru hagkvæmir og sparneytnir bílar með lága bilanatíðni. Æ fleiri minnast á hversu snotrir þeir eru orðnir og skemmtilegir í akstri. Hyundai kemur ávallt vel út, þegar borin eru saman gæði og verð.

Við köllum þennan takmarkaða fjölda lagerbíla, gulleggin okkar. Þetta eru nokkur vel búin eintök sem við bjóðum nú á mun lægra verði en áður. Nýttu tækifærið og fáðu þér ódýran og hagkvæman bíl. **Komdu við á Grjóthálsi í dag og reynsluaktu Hyundai. Þú tapar engu á því.**

B&L | Með bílinn handa þér

Grjótháls 1 | 110 Reykjavík | S 575 1200 | www.bl.is | bl@bl.is

Opið: 10-18 virka daga, 12-16 laugardag.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Gjaldmiðilsskýrsla Framsóknarflokksins:

## Gaffall?

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Framsóknarflokkurinn er næstminnstur á Alþingi. Eigi að síður er það svo að hann er eini stjórnmálaflokkurinn sem lagt hefur verulega vinnu í málefnalegar úttektir innan eigin veggja vegna álitaefna sem tengjast hugsanlegri aðild að Evrópusambandinu og Evrópska myntbandalaginu.

Samfylkingin er eini stjórnmálaflokkurinn sem hefur aðild á dagskrá. Hún hefur hins vegar ekki lagt sambærilega innanbúðarvinnu til grundvallar þeirri stefnumörkun. Spurningar hafa því eðlilega vaknað hvort Samfylkingin sé nægjanlega undir það búin að taka á öllum þeim flóknu viðfangsefnum sem upp koma í tengslum við hugsanlega aðild.

Að þessu leyti er sérstaða Framsóknarflokksins talsverð. Hann hefur ekki tekið afstöðu til aðildar. En á hinn bóginn hefur hann undirbúið umræðuna af nokkurri kostgæfni. Ekki fer á milli mála að þar býr flokkurinn að þeirri málefnalegu arfleifð sem Halldór Ásgrímsson skildi eftir sig.

Guðni Ágústsson, núverandi formaður Framsóknarflokksins, kynnti í gær til sögunnar skýrslu sem unnin hefur verið á vegum flokksins um peningamálastefnuna og möguleikana á að taka upp nýjan gjaldmiðil. Alkunnugt er að formaðurinn hefur verið efasemdamaður um breytingar á þessu sviði. Því meiri ástæða er til að virða að slík málefnavinna skuli halda áfram undir hans forystu. Það ber hyggindum vitni.

Fyrir rúmum tveimur árum birti Framsóknarflokkurinn skýrslu á grundvelli ítarlegrar málefnavinnu um samningsmarkmið Íslands. Sú skýrsla var unnin í þeim tilgangi að flokkurinn yrði undir það búinn að aðildarspurningin kæmi á dagskrá. Nú er þeirri vinnu fylgt eftir með dýpri skoðun á gjaldmiðilsspurningum og peningastefnunni.

Nýja skýrslan hefur ekki að geyma ákveðnar tillögur. Hún dregur einfaldlega fram þá kosti sem fyrir hendi eru með skýrum og afgerandi hætti. Um leið er hún mikilvægt og þakkarvert pólitískt framlag til þeirrar umræðu sem nú fer fram um þetta stærsta álitaefni í íslenskum stjórnmálum.

Á þessu stigi er hins vegar of snemmt að segja til um hvort skýrslan hefur varanlegt pólitískt gildi eða er líkleg til að breyta vígstöðunni á taflborði stjórnmálanna. Það ræðst vitaskuld mest af því hvaða ályktanir Framsóknarflokkurinn sjálfur kemur til með að draga af henni við eigin stefnumótun.

Við síðustu kosningar gerði Samfylkingin Evrópumálin hvorki að kjarnaatriði í stefnuskrá sinni né úrslitaatriði við stjórnarmyndun. Niðurstaðan varð sú að Samfylkingin féllst á að aðildarspurningin kæmi ekki á dagskrá á þessu kjörtímabili. Eins og sakir hafa staðið hefur fátt bent til að Samfylkingin væri líkleg til að gera Evrópusambandsaðild að skilyrði fyrir stjórnarþátttöku við næstu kosningar. Afdráttarlaust skilyrði þar um yrði ugglaust talið þrengja kosti flokksins of mikið.

Í baklandi Sjálfstæðisflokksins er þung krafa um evruna uppi á borðum. Skýr og afdráttarlaus stefnumótun af hálfu Framsóknarflokksins um evru og aðild að Evrópusambandinu gæti í þessu ljósi sett gaffal á báða stjórnarflokkana fyrir næstu kosningar. Velji flokkurinn á hinn bóginn krónukostinn eru minni líkur á að hann geti notað stefnuna í peningamálum til að breyta stöðu sinni á taflborði stjórnmálanna. Þá þarf hann að finna önnur mál til þess.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefándsóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



„Hugurinn ber þig alla leið"

**Kári Eyþórsson MPNLP**

- Er sjálfstraustið í ólagi?
- Viltu betri líðan?
- Skilja þig fáir?
- Viltu vinna bug á einhverju í fari þínu?
- Gengur öðrum betur í lífinu en þér?
- Gengur illa að klára verkefni?
- Er erfitt að höndla gagnrýni?

**Með breyttu hugarfari getur þú öðlast það líf sem þú óskar þér.**

**NLP er notað af fólki um allan heim sem hefur náð frábærum árangri í lífinu.**

**NLP er öflugasta sjálfstyrkingarnámskeið sem völ er á.**

**Námskeið í NLP tækni verður haldið 26. - 28.sept. og 03. - 05.okt. 2008.**

www.ckari.com; Mail: rosa@ckari.com; Sími: 894-2992

© cKari.com

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Lyklavöldin

Eins og kunnugt er sleit Jafnaðarmannaflokkurinn stjórnarsamstarfi við Þjóðveldisflokkinn í Færeyjum í fyrradag. Að sögn Jóhannesar Eidesgaard, formanns jafnaðarmanna, var ágreiningurinn djúpstæður; Högni Hoydal, formaður Þjóðveldisflokksins, hafði lagt undir sig skrifstofur sem tilheyrðu honum ekki. Steininn hafi tekið úr þegar leita þurfti til lásasmiðs til að dýrka upp lása sem Högni hafi látið skipta um. Það kannast Högni reyndar ekki við, en skemmtilegt ef satt væri; það er ekki á hverjum degi sem lásasmiðir eru beinlínis lykilmenn í pólitískum sviptingum.



### Sérstakar ráðstafanir

Upphaflegur umsóknarfrestur um starf forstjóra Landsvirkjunar rann út 12. september en hefur verið framlengdur til 26. september. Að sögn Ingimundar Sigurpálssonar, stjórnarformanns Landsvirkjunar, er það meðal annars gert til að undirstrika að ekki sé búið að ráðstafa starfinu. Segir það ekki sína sögu um vinnubrögðin hingað til, þegar fyrirtæki þarf að grípa til sérstakra ráðstafana til að draga úr tortryggni þeirra sem sækja um starf hjá þeim?



### Nýr fundarstjóri

Utanríkisnefnd Sjálfstæðisflokksins heldur fund um hernaðarumsvif Rússa. Athygli vekur að skipt var um fundarstjóra með stuttum fyrirvara. Á mánudag var Ellisif Tinna Víðisdóttir, forstjóri Varnarmálastofnunar, sögð fundarstjóri í blaðaauglýsingu. Í auglýsingu í gær hafði Stefanía Óskarsdóttir stjórnmálafræðingur hins vegar tekið hennar stað. Á þessu geta verið ýmsar skýringar, kannski forfallaðist Ellisif einfaldlega. Eða kannski tók hún mark á bloggi Guðmundar Magnúsonar sagnfræðings, sem sagði það óviðeigandi að manneskja í þeirri stöðu sem Ellisif er í væri fundarstjóri á samkomu stjórnmálaflokks.

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Borgarstjórinn í Spír



**EINAR MÁR JÓNSSON**

**Í DAG** | Var Shakespeare arabi?

Sú kenning hefur stundum heyrst meðal araba að Shakespeare hafi í rauninni verið af þeirra kynþætti, arabi í húð og hár, og hafi hann nánar tiltekið verið höfðingi eða borgarstjóri, þ.e.a.s. „sjeik", yfir bænum Spír sem mun vera einhvers staðar norðarlega í Írak. Liggur þetta að sögn í augum uppi þegar nafnið er skrifað með arabísku letri, en auk þess hef ég heyrt fylgismenn þessarar kenningar benda á að til sé ljósmynd af hinu mikla leikritaskáldi klæddu á arabíska vísu, hvar svo sem hana er að finna. Frakkar hlæja gjarnan að þessu, svona álíka mikið og þeir hlæja þegar einhver heldur því fram að norrænir menn hafi siglt til Vínlands á austurströnd Norður-Ameríku á miðöldum.

En nú hafa arabar fært fram ný og sterk rök fyrir því að Shakespeare hafi í raun og veru skrifað frá hægri til vinstri og vafalaust borið túrban líka, með því að sýna „Ríkarð þriðja" á arabískri tungu í einu merkasta leikhúsi Parísar, „Le Théatre des Bouffes du Nord", þar sem hinn víðfrægi leikhúsmaður Peter Brook ræður ríkjum, og til að ekkert fari nú á milli mála var þessi gerð leikritsins kölluð „Richard III, An Arab Tragedy". Leikstjórinn hét Sulayman Al-Bassam og í titilhlutverkinu var leikari að nafni Fayez Kazaq.

Yfir þessari sýningu var óneitanlega sterkur heildarsvipur. Eins og hin enska útgáfa verksins gerðist þessi arabíska útgáfa á „15. öld", en það var að vísu samkvæmt arabísku tímatali og jafngildir sá tími seinni hluta 20. aldar og byrjun hinnar 21. eftir tímatali Vesturlandabúa; staðurinn var ónefnt furstadæmi eða konungdæmi í grennd við Persaflóa, þar sem auðugar olíulindir voru „í norðri". Sviðið var alveg autt, en aftast voru stór tjöld, þar sem stundum birtust silúettur af mönnum sem sátu og pikkuðu á tölvu eða töluðu í síma, en stundum urðu tjöldin að risastórum sjónvarpsskermi. Til hægri við sviðið var fimm manna arabísk hljómsveit sem lék á ásláttarhljóðfæri, svo og pípu og lútu. Ríkarður af Gloucester birtist fyrst í einkennisbúningi engilsaxneskra hershöfðingja, en svo var hann fljótt kominn í arabísk klæði eins og flestallar aðrar persónur leikritsins.

Í þessum búningum og öllu því látbragði sem þeim fylgdi, að ógleymdum hljóminum í tungumálinu, urðu samsærin, lygarnar og undirferlið í verkinu ákaflega sannfærandi, og sum atriði hittu svo vel í mark að varla varð á betra kosið. Það hefur t.d. oft vafist fyrir leikstjórum að setja á svið það atriði í fyrsta þætti verksins, þegar Ríkarður af Gloucester fer á fjörurnar við lafði Önnu við jarðarför Hinriks 6. tengdaföður hennar sem hann hafði sjálfur vegið, og biðlar til hennar með alls kyns leikaraskap. En í þessari arabísku gerð eru hinar syrgjandi konur að sjálfsögðu allar huldar svörtum blæjum svo það er hægðarleikur fyrir Ríkarð að dulbúa sig sem eina af þeim, bregða yfir sig sama hjúpi og laumast inn í jarðarförina með sitt ólíkindatal. Einungis nefið stendur út úr dúknum og kemur til kasta þess að túlka allt undirferlið. Manni finnst að þannig hljóti þetta atriði alltaf að hafa verið hugsað.

Þegar Ríkarður af Gloucester kemur af stað þeim orðrómi að synir Játvarðar konungs fjórða séu bastarðar og ekki réttbornir til ríkis er í þessari gerð vitnað til DNA-rannsóknar sem framkvæmd hafi verið í „erlendri rannsóknarstofu". Þá virðist Ríkarður standa næst því að erfa ríkið, en hann biðst undan því, í þriðja þætti verksins, en hér er það atriði sett upp sem sjónvarpsumræður í beinni útsendingu, nokkuð auknar miðað við enska textann, og í miðjum klíðum hringir síminn: það er formaður Arababandalagsins að hvetja Ríkarð til að láta undan óskum allra og taka á sig kongungdæmið. Þá var skúrkshátturinn orðinn svo yfirgengilegur að áhorfendur veltust um af hlátri.

Ýmsir setja sig á móti Ríkarði, og þegar einn þeirra komst undan rigndi yfir leikhúsgesti miðum með mynd af honum og áletrun á arabísku og ensku: „Þessi maður er hryðjuverkamaður. Ef þið sjáið hann, snúið ykkur þá til varnarmálaráðuneytisins þegar í stað." Hertoginn af Buckingham er Ríkarði innan handar í illvirkjunum, en snýst gegn honum, þegar hann fær ekki yfirráð yfir olíulindum sem honum hafði verið lofað.

Ýmis fórnarlömb Ríkarðs fá skjól í bandaríska sendiráðinu, það er að lokum sendiherrann Richmont sem stjórnar innrás í landið og hann steypir Ríkarði úr stóli í „móður allra bardaga". Eftir það felur hann ekkju Játvarðar konungs að semja nýja stjórnarskrá svo lýðræðislegar kosningar geti farið fram í landinu.

Var Shakespeare þá kannske arabi? Eftir að hafa séð þessa leiksýningu var ég ekki í neinum vafa um það: hann var arabi, og svo margt annað líka, hann á jafnt heima í Spír og Húsavík.

# Guðni leiðréttur

**UMRÆÐAN**

Ólafur F. Magnússon skrifar um borgarmál



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON**

Ótrúleg sjálfumgleði og rangtúlkun á störfum borgarstjórnar Reykjavíkur einkenna skrif Guðna Ágústssonar, formanns Framsóknarflokksins, í Fréttablaðinu í gær. Þar fullyrðir Guðni m.a. að fráfarandi meirihluti F-lista og Sjálfstæðisflokks hafi verið óstarfhæfur og þjóðinni til vansæmdar. Festa og ábyrgð ríki í höfuðstaðnum þó að verk nýs meirihluta hafi eðlilega ekki séð dagsins ljós eftir stutt starf. Hins vegar keyrir um þverbak þegar Guðni fullyrðir að Óskar Bergsson hafi komið fram „af virðingu, ró og festu".

Staðreyndin er nefnilega sú að í tíð síðasta meirihluta ríkti ófremdarástand á fundum borgarráðs vegna framkomu kjörinna fulltrúa, sem lögðu trúnaðarmálum jafnt sem öðru beint til fjölmiðla, meðan á fundum stóð. Sömu kjörnir fulltrúar fylgdust lítt eða ekki með umræðu í borgarráði og borgarstjórn, enda uppteknir af samskiptum við fjölmiðla á netinu. Umræðan á þessum fundum hefur einnig einkennst af uppákomum í tengslum við fréttaflutning kjörinna fulltrúa. Ljótt orðbragð og ruddaleg framkoma á þessum fundum hefur ekki tíðkast áður í þann langa tíma, sem ég hef starfað í borgarstjórn. Ég get fullyrt að þar fór Óskar Bergsson fremstur í flokki. „Virðing, ró og festa" eru ekki orð sem ég myndi nota um þann ágæta mann, eftir að hafa orðið vitni að framkomu hans og vinnubrögðum.

Fráfarandi meirihluti F-lista og Sjálfstæðisflokks vann eftir skýrri stefnuskrá og kom mörgum góðum verkum í framkvæmd. Hins vegar fjölluðu fjölmiðlar almennt ekki um verk meirihlutans og ógrynni tillagna í velferðar-, öryggis-, umhverfis- og skipulagsmálum. Þær má m.a. sjá í fundargerðum borgarráðs, sem eru öllum aðgengilegar. Ég var starfsamur borgarstjóri, sem vann ötullega að framgangi þeirra málefna, sem kveðið var á um í 17 atriða málefnasamningi og enginn þarf að efast um að borgarumhverfið og sérstaklega miðborgin okkar allra tók stakkaskiptum á liðnu sumri. Starfsemi borgarinnar var nefnilega á fljúgandi ferð í borgarstjóratíð minni, öfugt við frásagnir pólitískra andstæðinga.

*Höfundur er borgarfulltrúi og fyrrverandi borgarstjóri.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


ROLEX
Franch Michelsen
ÚRSMÍÐAMEISTARI
LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900
WWW.SVISS.IS



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...



Svansmerkt prentverk
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



Miðvikudagur 17. september 2008 – 38. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir


**Sagan á bak við**
Lehman Brothers heyrir sögunni til



7

**Skuldatryggingarálagið**
Mikill áhugi á CDS-inu



4

**Staða sparisjóðanna:**
Stór orð á veikum grunni



6

## „Persónulegar ástæður“

„Björgólfur Guðmundsson hefur aldrei komið nálægt flugrekstri,“ segir Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Björgólfsfeðga, í samtali við Markaðinn.

Ásgeir bendir á að Björgólfur Guðmundsson hafi verið stór hluthafi í Eimskip frá árinu 2003 og til þess dags að félagið var selt Avion Group. „Hann var ótengdur félaginu þegar sölusamningar á flugrekstrareiningum voru gerðir og skrifað var undir ábyrgðir sem nú hafa fallið á félagið. Hann var einnig ótengdur félaginu þegar upplýsingar komu frá XL–flugfélaginu í aðdraganda skráningar félagsins í Kauphöll á Íslandi en fréttir hafa verið um meinta fölsun þessara upplýsinga. Björgólfur kom aftur að félaginu eftir skráningu í Kauphöllinni og eftir að það var aftur orðið aðeins skipafélag,“ bætir Ásgeir við.

Hann bendir ennfremur á að Björgólfur Thor Björgólfsson hafi ekkert komið að Eimskip frá því það var selt til Avion Group. „Það er af persónulegum ástæðum sem hann tekur nú á sig ásamt föður sínum þær ábyrgðir sem fallið hafa á félagið.“ - bih



TrackWell
Tíma - og verkskráning
Flotastýring og eftirlit
www.trackwell.com


### HELST Í ÚTLÖNDUM

**Brann yfir** | Kauphöllinni í Moskvu í Rússlandi var lokað í klukkustund í gær eftir að MICEX-vísitalan hafði hrunið um 16,6 prósent. Þetta er þar með versti dagurinn í kauphöllinni í áratug. Vísitalan endaði í nítján prósenta falli.



**Óttast samdrátt** | Olíuverð fór niður fyrir 90 dali á tunnu í gærmorgun. Mikill taugatitringur hefur verið á fjármálamörkuðum í vikunni og hafa fjárfestar losað um stöður sínar í olíu af ótta við að samdráttarskeið sé að renna upp.

**Verðbólga eykst** | Verðbólga mældist 4,7 prósent í Bretlandi í síðasta mánuði, samkvæmt gögnum bresku hagstofunnar sem birt voru í dag. Hún hefur ekki verið meiri í ellefu ár og kemur í veg fyrir að Bretar geti lækkað stýrivexti í bráð.

**Vondur skellur** | Fall á bandarískum hlutabréfamörkuðum á mánudag er það versta frá hryðjuverkaárásunum á Bandaríkin 11. september árið 2001.

**Fljúgandi jákvæðir** | Norska ríkisstjórnin veitti samþykki sitt í vikunni fyrir hugsanlegri sölu á norræna flugfélaginu SAS. Líklegt er að þýski flugrisinn Lufthansa leggi fram tilboð í félagið.

# XL Leisure hafnaði endurfjármögnun

**Fyrrverandi stjórnarformaður Eimskips fullyrðir að tilboði um endurfjármögnun XL Leisure hafi verið hafnað í fyrrasumar. Stjórnarmaður í XL segir að allt hafi verið reynt.**

**Ingimar Karl Helgason**
skrifar

„XL fékk tilboð í endurfjármögnun um mitt síðasta sumar, en því var ekki tekið af því að menn töldu að betri kjör gætu fengist annars staðar. Skömmu síðar lokuðust allir lánsfjármagnsmarkaðir,“ segir Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður XL Leisure Group og fyrrverandi stjórnarformaður Eimskips.

Hann stýrði Avion Group á sínum tíma, þar á meðal kaupum á Excel Airways og átti síðar þátt í sölu til stjórnenda félagsins. XL Leisure Group varð gjaldþrota fyrir helgi. Þar með misstu hátt í tvö þúsund manns vinnuna og tugþúsundir viðskiptavina XL urðu strandaglópar víða um heim.

Eimskipafélagið var í ábyrgð fyrir yfirtöku stjórnenda á XL Leisure Group. Ábyrgðin nemur 280 milljónum Bandaríkjadala, eða sem nemur ríflega 25 milljörðum íslenskra króna. Ábyrgðin fellur á Eimskipafélagið, en Björgólfsfeðgar hafa raunar lýst því yfir að þeir taki hana yfir.

„Við fengum þetta tilboð í félagið. Stjórnin var einhuga um að það væri félaginu og þar með hluthöfum til hagsbóta að taka því, selja sig út úr flugrekstrinum og einbeita sér að öðru. Það var eflaust rétt ákvörðun á þeim tíma,“ segir Magnús Þorsteinsson, en stjórnendur XL keyptu félagið af Eimskipafélaginu. „Þá var líka allt annar aðgangur að lánsfé og ágætar áætlanir uppi til framtíðar af hálfu félagsins, sem menn höfðu fulla trú á. Við létum sérstaklega kanna þá kosti sem væru til endurfjármögnunar og það leit allt saman vel út,“ segir Magnús.

Magnús Stephensen, sem sat í stjórn XL og var í hópi þeirra stjórnenda sem keyptu félagið af Eimskipafélaginu, segir að ýmsar tillögur um endurfjármögnun hafi borist. „Allar þessar tillögur voru á umræðustigi.“ Stjórnin hafi engu hafnað. Allt hafi verið reynt til að endurfjármagna félagið. „Það er varla til sá banki eða fjárfestingarfélag sem við töluðum ekki við,“ segir Magnús. „Tillögurnar voru hins vegar allar háðar ýmsum skilyrðum sem félagið gat ekki endilega uppfyllt. Flest snerust þessi skilyrði um afkomu fyrirtækisins.“ Hann segir að hátt olíuverð hafi haft slæm áhrif á reksturinn. Þetta sé ekki ár flugfélaga. „Ef fjórði stærsti fjárfestingarbanki heims fær ekki endurfjármögnun, þá held ég að það segi allt sem segja þarf.“ Sjá síðu 4

# Lækkun ekki fyrr en á nýju ári

Lækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands hefst á fyrsta fjórðungi næsta árs þegar komin verða fram „sterk merki um kólnun“, segir í nýrri spá greiningardeildar Kaupþings. Óvissuþættir gætu hvort heldur sem er flýtt eða frestað lækkunarferlinu.

„Vextir gætu lækkað fyrr eða í desember næstkomandi ef kólnunin verður hraðari, svo sem ef aðstæður ytra versna enn frekar. Forsendur geta skapast fyrir hraða verðhjöðnun og bratt vaxtalækkunarferli á árinu 2009 ef stöðugleiki eða styrking skapast á gjaldeyrismarkaði,“ segir í spá greiningardeildarinnar. Í lok næsta árs er því spáð að stýrivextir standi hér í níu til tíu prósentum.

Fram kemur að skortur á trúverðugleika standi helst í vegi vaxtalækkunar á þessu ári, þar sem markaðurinn kunni að túlka of bráða vaxtalækkun sem eftirgjöf og undanlátssemi.

Um leið er bent á að hagtölur berist með nokkurri töf og því muni nokkur tími líða frá því að kólnunin hefst og þar til hún fæst staðfest í tölum. „Þessi skortur á trúverðugleika tefur því vaxtalækkunarferlið og felur í sér töluverðan kostnað þar sem niðursveiflan verður dýpri en ef vaxtalækkunarferlið hæfist fyrr. Við þetta má bæta að mjög erfitt er að hefja lækkun vaxta svo lengi sem krónan er undir jafnmiklum þrýstingi,“ segir í spánni. - óká


Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar
Peningabréf Landsbankans
Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.
ISK
GBP
DKK
USD
EUR
Landsbankinn
Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.
GOTT FÓLK

**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Alfesca | 0,6% | -5,6% |
| Atorka | 4,0% | -50,1% |
| Bakkavör | -8,9% | -60,0% |
| Exista | -12,4% | -70,2% |
| Glitnir | -5,3% | -38,8% |
| Eimskipafélagið | -35,8% | -82,5% |
| Icelandair | -0,5% | -27,0% |
| Kaupþing | -2,0% | -22,5% |
| Landsbankinn | -3,4% | -39,3% |
| Marel | -1,7% | -18,6% |
| SPRON | -9,1% | -67,1% |
| Straumur | -5,8% | -47,0% |
| Össur | -3,5% | -7,6% |

**Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.*

# Nýsislán tekin að falla í gjalddaga

Skuldbindingar Nýsis eru byrjaðar að falla í gjalddaga en fjárhagslegri endurskipulagningu er enn ólokið.

Þetta staðfestir Höskuldur Ásgeirsson, forstjóri Nýsis, í samtali við Markaðinn. „Við erum bara á kafi í þessu. Við eigum eftir að ljúka þessu á einhverjum vikum frekar en mánuðum," segir Höskuldur um hvenær endurskipulagningunni ljúki.

Eftir því sem Markaðurinn kemst næst hafa skuldarar gefið kröfur sínar eftir að einhverju leyti. Þá hefur einnig verið rætt um að eitthvað af kröfum verði breytt í hlutafé í Nýsi.

Landsbankinn hefur farið fyrir málinu, en fyrir fáum vikum hóf Kaupþing einnig afskipti af endurskipulagningunni.

Óvíst er hversu mikið er í húfi fyrir hvorn banka um sig. Landsbankinn er í nánu samstarfi við Nýsi í félaginu Portus, sem sér um byggingu tónlistarhúss. Eftir því sem kunnugir herma hvílir verkefnið fyrst og fremst á Landsbankanum.

Heildarskuldir Nýsis námu tæplega 50 milljörðum króna um áramót, samkvæmt uppgjöri. Þar af námu skammtímaskuldirnar rúmlega 17 milljörðum króna. **- ikh**



**HÖSKULDUR ÁSGEIRSSON** Forstjóri Nýsis staðfestir að skuldir félagsins séu byrjaðar að falla á gjalddaga, en fjármál félagsins séu ekki komin í höfn.

# Fons með NTH

Stoðir (áður FL Group) hafa gengið frá sölu á nærri 35 prósenta hlut sínum í Northern Travel Holding til Fons, eignarhaldsfélags Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar.

Undir hatti Northern Travel Holding eru flugfélögin Iceland Express og Sterling, sem nú er á ný komið að fullu í eigu Fons, líkt og Markaðurinn greindi frá í síðasta mánuði.

Í tilkynningu frá Stoðum segir að með sölunni hafi félagið að fullu dregið sig út úr fjárfestingum í flugrekstri. Í eignasafni FL Group voru um tíma stórir hlutir í American Airlines og Finnair. **- jab**









# Skuldtryggingarálag eykst vegna óróleika

## Skuldtryggingarálag íslensku bankanna fylgir áhættufælni á erlendum mörkuðum, en lítil viðskipti eru að baki

**Magnús Sveinn Helgason**
skrifar

„Það er líklega engin þjóð í heiminum sem hefur eins mikinn áhuga á skuldtryggingarálagi fjármálastofnana og Íslendingar" segir Jón Bjarki Bentsson hjá greiningardeild Glitnis. Meðan íslenskir fjölmiðlar fjalla reglulega um breytingar á skuldtryggingarálagi (CDS) bankanna er mjög fátítt að viðskiptapressan í Bandaríkjunum og Evrópu fjalli um slíkar breytingar.

Á þessu hefur hins vegar orðið breyting að undanförnu þegar hrun bandaríska fjárfestingarbankans Lehman Brothers og áhyggjur af afdrifum stórra bankastofnana á borð við Washington Mutual og tryggingarfélagsins AIG hafa kynt undir áhættufælni fjárfesta. Hækkanir á skuldtryggingarálagi Lehman Brothers fyrir helgi voru til dæmis nefndar til sönnunar um að markaðir teldu stórauknar líkur á að bankinn yrði gjaldþrota. Álag Lehman náði þó aldrei CDS íslensku bankanna, líkt og línuritið hér til hliðar ber með sér.

„Við höfum stundum bent á þetta, til að undirstrika að skuldtryggingarálagið sé ekki mjög góður kvarði á áhættuna sem fylgir bönkunum," segir Jón Bjarki. Stundum er notuð sú þumalfingursregla að við 1.000 punkta álag séu 50 prósent líkur á gjaldþroti. „Þessi markaður virðist því ekki vera að spá vel fyrir um greiðslufallsáhættu, sérstaklega þegar kemur að íslensku bönkunum," segir Jón.

**SKULDTRYGGINGARÁLAG TIL FIMM ÁRA**




Sveinn Þórarinsson hjá Glitni segir að skuldtryggingarmarkaðir séu augljóslega mjög „fyrirsagnarstýrðir". „Miðlararnir virðast horfa á stórar fyrirsagnir, viðskiptahalla, gengisbreytingar og verðbólgu, sem líta illa út á blaði, en kafa ekki dýpra í tölurnar, sem sýna að hér er ekki allt í kalda koli."

Jón Bjarki bendir á að þróun síðustu missera sýni einnig mjög vel hversu mikið íslensku bankarnir fylgi eftir þegar áhættumat í fjármálakerfinu eykst. Álagið hafi byrjað að hækka í upphafi lánsfjárkrísunnar, og hafi fylgt hækkunum, þó það hafi yfirleitt ekki lækkað aftur þegar áhættumat á mörkuðum minnkar. „Yfirleitt virðist þó mjög lítið af viðskiptum vera á bak við hækkanir. Þetta á sér í lagi við nú" segir Jón, og bætir við að sér hafi oft virst þessir markaðir mjög óskilvirkir, „en þó aldrei eins og núna." Smæð íslensku bankanna verður til þess að viðskipti með skuldtryggingar þeirra eru mjög strjál, og verðmyndun fylgir því einnig eftir þróun á erlendum mörkuðum.





VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR
R-61321
Velkomin á bensínstöðvar Shell um allt land
Skeljungur
– með þér alla leið
Shell umboð
Vörumerki Shell eru notuð með leyfi Shell Brands International AG
DYNAMO REYKJAVIK

# „Það tapaði enginn meiri peningum á þessu en ég“




Markaðsvirði Eimskips hefur hrunið á árinu. Avion-ævintýrið virðist hafa verið óskabarni þjóðarinnar fjötur um fót. Stjórnendur þess reyna nú að færa rekstur þess nær því sem áður var. Björn Ingi Hrafnsson og Ingimar Karl Helgason ræða við Magnús Þorsteinsson, fyrrverandi stjórnarformann félagsins og helsta eiganda þess, og fara yfir stöðu mála.

Kauphöllin hefur gert athugasemdir. Fjármálaeftirlitið hefur að minnsta kosti þrennt til skoðunar. Fyrrverandi forstjóri hefur stefnt félaginu. Heilt fyrirtæki hefur verið afskrifað. Tugmilljarða ábyrgð hefur fallið. Eigið fé er með minnsta móti. Stærsta eignin er til sölu og Björgólfsfeðgar sjá fram á yfirtökuskyldu. Félagið hefur tvisvar skipt um nafn.

Hér er rætt um stutt skeið í lífi „óskabarns þjóðarinnar“ – Eimskipafélags Íslands.

**ERFIÐLEIKAR UPP Á YFIRBORÐIÐ**

Engan grunaði hvað væri í aðsigi hjá Eimskipafélaginu framan af síðasta ári og í byrjun þessa árs. Félagið hafði orðið hluti af Avion Group-samstæðunni. Þar með var það þátttakandi í flugrekstri og fleiru. Eignum fjölgaði, en síðan var hætt í fluginu og áherslan lögð á sjóflutninga og frystigeymslur.

Félögin Innovate, Atlas og Versacold voru keypt.

Magnús Þorsteinsson, eigandi stærsta hlutarins og stjórnarformaður, hættir síðan óvænt, löngu fyrir aðalfund. Í febrúar hættir forstjórinn Baldur Guðnason. Svo var Innovate afskrifað og ábyrgð vegna XL Leisure féll á félagið.

**GRUGG Í BÓKHALDINU**

Kauphöllin gerði athugasemdir við afskriftirnar á Innovate og það tók Fjármálaeftirlitið síðan til rannsóknar. Rannsóknin stendur enn. Eftirlitið veltir líka fyrir sér hugsanlegri yfirtökuskyldu Björgólfsfeðga á fyrirtækinu, í kjölfarið á stóru gjaldþroti XL Leisure Group, en Eimskipafélagið hafði tekið við ábyrgð á lánum þess við Landsbankann, þegar stjórnendur þess keyptu félagið. Skýringin, samkvæmt heimildum Markaðarins, er einföld: Landsbankinn neitaði að flytja lánið til kaupendanna nema seljandinn ábyrgðist það. Feðgarnir tilkynntu í síðustu viku að þeir myndu ábyrgjast lánið, félli það á Eimskip.

Eimskipafélagið gerði Fjármálaeftirlitinu að fyrra bragði viðvart um athugasemdir sem endurskoðunarfyrirtækið KPMG gerði sumarið 2006, vegna bókhalds Excel Airways, sem síðar varð XL Leisure. Fram kom í fréttum breskra miðla um helgina að KPMG hefði sagt sig frá endurskoðun reikninga vegna „tiltekinnar óreiðu“ í bókhaldi XL (þá Excel), vegna samninga við Alpha Airports.

„Við tókum þessar ábendingar mjög alvarlega, þvert á það sem gefið hefur verið í skyn og sendum frá okkur tilkynningu til Kauphallarinnar. Þá hafði ég sjálfur frumkvæði að því að leita til Fjármálaeftirlitsins og skýra þeim frá rannsókn okkar og málavöxtum, enda vildi ég hafa alla þessa hluti á hreinu,“ segir Magnús Þorsteinsson, fyrrverandi stjórnarformaður Eimskips og Avion Group.

Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins var að engin gögn bentu til þess að stjórnendur Avion hefðu átt þátt í eða vitað um óreiðu hjá Excel.

**HÆGT AÐ VERA VITUR EFTIR Á**

Varðandi hvort farið hafi verið fram meira af kappi en forsjá í fjárfestingum á vegum Eimskips, segir Magnús að eflaust megi gagnrýna eitt og annað. „Keypt voru ákaflega mörg félög, tólf til fimmtán á tiltölulega stuttum tíma. Flest hafa gengið ljómandi vel og verið félaginu til framdráttar. Því miður tókst þetta ekki allt saman og eftir á að hyggja, hefði maður vitað að ekki yrði hægt að fá lánaða peninga nokkurs staðar í veröldinni, hefði verið rétt að fara einhvers staðar aðeins hægar yfir.“

**STJÓRNIN RANNSAKAR MAGNÚS**

Stjórn Eimskips tilkynnti á dögunum að fram færi rannsókn á ýmsum þáttum „sem tengjast rekstri félagsins frá fyrri tíð“, eins og segir í tilkynningu.

Magnús segist engar athugasemdir gera við rannsóknina á þáttum í rekstrinum meðan hann var þar stjórnarformaður. Hann kveðst gjarnan vilja að allt komi upp á yfirborðið, hann hafi ekkert að fela. „Stjórn er valin af hluthöfum og ber skylda til að kanna hvort eitthvað hafi verið athugavert við fyrri störf stjórnenda, vakni spurningar um slíkt,“ segir hann. Allar ákvarðanir hafi verið teknar í fullu umboði og unnar í samræmi við það sem alvanalegt er. „Ég var þarna stjórnarformaður, en sá ekki um daglegan rekstur. Forstjórinn sinnti þeim störfum.“

**HVER Á EIMSKIP?**

Ekki hefur verið talið fullvíst hver fari í raun með þriðjungshlut í Eimskipafélaginu, sem skráður er á félag Magnúsar Þorsteinssonar, Frontline Holding. Jafnvel hefur verið talið að hann sé í höndum Landsbankans. Fjárfestingarfélagið Grettir á svo annan þriðjung. Þar ræður Björgólfur Guðmundsson mestu.

Magnús segist enn eiga þriðjungshlut sinn í Eimskip og hafnar því að Björgólfsfeðgar eða Landsbankinn fari með þann hlut, eins og fullyrt hefur verið. „Ég held á þessum hlut og þannig er það,“ segir hann og neitar því um leið að hann sé alfarinn úr landi. „Ég sinni mínum fjárfestingum úti um allan heim og dvel í Rússlandi þeirra vegna stóran hluta í hverjum mánuði. Mitt heimili og varnarþing er á Akureyri.“

**RANGFÆRSLUR BALDURS**

Í bréfi sem upplýst hefur verið að Baldur Guðnason, fyrrverandi forstjóri, hafi sent stjórn félagsins fyrir síðustu áramót, kemur fram að hann hafi varað við flugrekstrinum og ætlað þá að segja upp störfum sínum af þeim sökum. „Þetta er innanhússplagg sem ég harma, Baldurs vegna og félagsins, að hann hafi birt. Það er mikið af rangfærslum í þessu bréfi og ég hef í sjálfu sér ekkert meira um það að segja,“ segir Magnús.

Þá telur hann óréttmætt að draga upp þá mynd að hefðbundinn flutningarekstur Eimskips blæði nú fyrir fjárfestingar í flugrekstri sem alltaf hafi verið tap á. „Þegar Avion keypti Eimskip voru innan þess félög á borð við Atlanta og XL að hluta til. Atlanta hafði gengið misvel eins og gengur, en rekstur XL hafði gengið ljómandi vel tvö árin á undan og mjög fínn hagnaður af rekstri þess. Á þeim tíma, eða fyrir þremur árum, voru því engin teikn um annað en þetta gæti lukkast mjög vel og styrkt hvert annað. En ef kristalskúlan hérna á borðinu mínu væri aðeins skýrari en hún er, hefði maður ekki verið jafn stór í flugrekstri og raun bar vitni. Aðgangur að lánsfjármagni hefur hins vegar gjörbreyst, olíuverð margfaldast og allar aðstæður eru nú aðrar.“

**ENGINN TAPAÐ MEIRU**

Magnús vill taka skýrt fram, að honum þyki mjög miður hvernig málum er komið. Hann segir, aðspurður, að enn ríki full vinátta milli sín og Björgólfsfeðga. „Það er ekkert illt á milli okkar feðga. Við erum enn þá viðskiptafélagar á ýmsum stöðum. Samgangur eða samskipti eru ekki eins og þau voru, þegar við rákum fyrirtæki beinlínis saman, en það er ástæðulaust að lesa eitthvað í það.“

Magnús segir vel hægt að rétta við rekstur Eimskipafélagsins og ekki trúa öðru en núverandi stjórn og hluthafar einhendi sér í að hjálpa þessu fornfræga félagi. Spurður hvort hann sé reiðubúinn að koma að þeirri endurskipulagningu, jafnvel með nýtt fjármagn, segir hann að slíkt megi vel skoða. „Ég tek afstöðu til þess eftir því hvernig það liggur á hverjum tíma,“ segir hann og kveðst tilbúinn að gera það sem hann getur til að hjálpa. „Þessi staða er auðvitað alvarleg. Það er alvarleg staða í viðskiptalífi heimsins yfirhöfuð og áföll dynja yfir á öllum sviðum. Engum þykir staða Eimskipafélagsins nú leiðinlegri heldur en mér og enginn hefur tapað meiri peningum á þessu en ég, það er ágætt að menn geri sér grein fyrir því,“ segir Magnús, en þriðjungshlutur hans í félaginu, sem metinn var á 25 milljarða í fyrra, er nú tæplega fjögurra milljarða króna virði.




„Allir vegir færir“

*„Glanni ehf. sér um vöruflutninga á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur og þurfum við að geta treyst á að ökutæki okkar séu í fullkomnu lagi. Þegar við höfum þurft að kaupa nýja bíla hefur verið gott að leita til ráðgjafa Lýsingar sem hafa greitt leið okkar og leiðbeint okkur við fjármögnun. Með hjálp starfsfólks Lýsingar eru okkur allir vegir færir.“*

**Agnar Þór Sigurðsson og Bjarni Kristján Gunnarsson, Glanni ehf**

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING

LÝSING.IS // 540 1500



**DVD-SPILARI** er tilvalinn í bílinn þegar leggja á af stað í lengri ferðalög með fjölskylduna. Þá getur yngsta kynslóðin haft gaman af því að horfa á myndir eins og Bubbi byggir í spilaranum á meðan sú eldri getur notið alls þess sem íslenskt landslag hefur upp á að bjóða.



**Sölufulltrúar** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

**Rýmingarsala á hitaveituskeljum**




Arctic Spas • Kleppsvegur 152 • 104 Reykjavík • Sími 554 7755
www.heitirpottar.is

**SPORT KLÚBBURINN**

Kaupauki að verðmæti 59.000.- fyrir aðeins 4.990.- á mánuði!

- frítt í allar ÍTR sundlaugarnar
- frír mánuður fyrir vin
- tækjakennsla
- bolur
- brúsi
- 5 tímar í skvass
- 5 tímar í Golf
- máltíð á BK Kjúkling
- 5 tímar í ljós

EFTIR HVERJU ERTU AÐ BÍÐA?

SPORTHÚSIÐ heilsurækt fyrir alla
www.sporthusid.is | Dalsmára 9-11 | Kópavogi | Sími: 564 4050 | sporthusid@sporthusid.is



Karl Sverrisson á nokkur óhefðbundin ferðalög að baki. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Ævintýralegt sumar í óbyggðum Grænlands

**Vélstjórinn Karl Sverrisson fer ekki troðnar slóðir þegar hann ferðast út í heim og gauki einhver að honum skemmtilegri ævintýrahugmynd slær hann gjarnan til.**

Karl Sverrisson á nokkur óhefðbundin ferðalög að baki og starfaði meðal annars hjá Stefáni Hrafni Magnússyni, hreindýrabónda á Grænlandi, sumarið 2003.

„Það kom þannig til að kunningi minn sem var að vinna hjá Stefáni hafði samband. Það vantaði starfskraft og honum datt í hug að ég myndi slá til,“ segir Karl, sem var ekki lengi að hugsa sig um og tók til hendinni við girðingarvinnu og slátrun.

„Hreindýrabúið er mjög afskekkt en næstu alvöru mannabyggðir eru Narsaq og Narsassuaq. Yfir sumartímann eru um fjórir til fimm starfsmenn á búinu en þeim fjölgar svo í kringum sláturtíð,“ útskýrir Karl, sem segir einsemdina í óbyggðunum ekki hafa fengið á sig og að hann hafi komið endurnærður til baka.

„Yfir sumarið vorum við mikið í girðingavinnu. Þá vorum við í sex vikur í gömlu kofaræksni og tjöldum langt frá búgarðinum. Við höfðum takmarkaðar vistir og veiddum í matinn. Við köstuðum út neti og veiddum á stöng og ef það vantaði kjöt skutum við hreindýr,“ segir Karl og rifjar upp eftirminnilegan hádegisverð. „Við sátum að snæðingi í dalbotni þegar hreindýr gekk fram hjá. Þá rauk Stefán á fætur með riffilinn í hönd, skreið yfir hálfan dalinn og skaut dýrið á meðan við héldum áfram að borða.“

Karl lumar á fleiri ævintýrum en hann fór til að mynda á túnfiskveiðar til Brasilíu árið 2002 með Vestmannaeyingum sem hann þekkti ekki og vantaði vélstjóra. „Við sigldum í mánuð í bongóblíðu og drógum síðan alls kyns ófreskjur upp úr sjónum og má þar nefna túnfisk, sverðfisk og hákarla.“

Karl kveður enga svaðilför á dagskrá í bili en að það segi ekki mikið enda hafi hinar ferðirnar ekki verið planaðar.

*vera@frettabladid.is*

**Bremsuhlutir í alla jeppa og pickupa**

Diskar
Klossar
Dælur
Borðar



Ísetningarþjónusta

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

PRENTSNIÐ EHF

;ALLT HEILSA
Alla fimmtudaga




**Geymslu- og dekkjahillur**

í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið

Þessar hillur geta allir sett saman.
Skrúfufrítt og smellt saman.

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS



**FERÐAMÁLASTOFA** heldur úti heimasíðunni www.icetourist.is, sem er upplýsingabrunnur um ferðalög um Ísland. Þar er að finna upplýsingar sem geta nýst Íslendingum við að skipuleggja ferðir um landið. Meðal annars er fræðsla um áhugaverð svæði, náttúrufar, gönguleiðir og fleira.


2 fyrir 1 til
Montreal – Kanada
26. september
frá kr. 29.990



Ótrúlegt helgartilboð – aðeins 30 sæti!

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á allra síðustu sætunum til Montreal 26. sept. Þú bókar 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1. Bjóðum líka einstök sértilboð á gistingu t.d. á Travelodge Montreal eða á Best Western Ville Marie hótelinu sem er gott og vel staðsett fjögurra stjörnu hótel. Þetta er einstakt tækifæri til að njóta lífsins í þessari stórkostlega spennandi borg. Í borginni mætast gamli og nýi tíminn, rík sagan og iðandi nýbreytni. Það er frábært að versla og njóta lífsins í Montreal; fallegar byggingar, endalaust úrval verslana og veitingastaða og hagstætt verðlag. Gríptu tækifærið og smelltu þér í þriggja nátta helgarferð, þar sem tíminn nýtist einstaklega vel til og njóttu þess besta sem heimsborgin Montreal hefur að bjóða.

Verð kr. 29.990
Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum, 26.-29. september. 2 fyrir 1 tilboð.

Gisting frá kr. 4.900
Netverð á mann á nótt, m.v. gistingu í tvíbýli á Travelodge Montreal með morgunverði. Gisting á Best Western Ville Marie kr. 5.900 á mann á nótt.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.




Nornin var skartbúin og stendur hér við nokkurs konar altari þar sem fólk setti ýmsar jurtir þegar á leið samkomuna. Sú stutta undi sér vel.



„Ég held mig við mína kristnu trú," segir Rakel Dögg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Góð stund í náttúrunni

**Samkvæmt ævintýrum og sögum eru nornir ólíkindatól sem hafa örlög manna í hendi sér. Rakel Dögg Óskarsdóttir nemi sá auglýsta nornaferð fyrir fjölskyldur á Þingvöll og forvitnin dró hana af stað.**

„Nornir aðhyllast wikka sem er heiðin náttúrutrú. Mig langaði að kynnast þessum hlutum og fór ásamt vinkonum og dóttur á samkomu á Þingvöllum." Það er Rakel Dögg Óskarsdóttir, nemi sem starfar auk þess við höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð, sem segir frá. „Við vinkonurnar mættum í sjoppuna og þaðan var haldið í fallegan lund þar sem sest var í hring og norn útskýrði fræðin. Ég hef alltaf haft áhuga á öllu dulrænu og þetta var góð stund þarna í náttúrunni. Nornirnar hafa einn guð og eina gyðju og halda í heiðri gamlar alþýðuhefðir eins og að tigna orkuna sem fylgir fullu tungli, sólstöðum og jafndægrum sem allt minnir okkur á hina eilífu hringrás."

Rakel segir börnin hafa þegið andlitsmálun og horft leikþátt um sólina og mánann svo dóttir hennar hafi verið ánægð. „Eftir grill var dansað og kyrjað við brennu en þá var ég farin heim með þá stuttu," lýsir hún. „Fólk setti jurtir og fleira á altarið. Svo var dansaður spíraldans, jurtirnar settar á bálið og kyrjað. Þá var verið að sýna náttúrunni virðingu og lotningu."

Allt sem fram fór þótti Rakel harla athyglisvert. „Það er misjafnt hvernig fólk lítur á nornatilveruna," segir hún. „Sumir telja hana trúarbrögð og aðrir lífsstíl en ég held mig við mína kristnu trú."

*gun@frettabladid.is*




Hvalaskoðun
Þriggja klst. ferðir
alla daga.
-September
kl: 9:00 & 13:00
-Október kl 13:00



Sjóstangaveiði
Þriggja klst. ferðir
alla daga
í September kl 11:00

BÓKANIR Í SÍMA: 555 3565

Elding adventure at sea
Hvalaskoðun Reykjavík
www.elding.is
sími: 555 3565



;ALLT HEIMILI
Mánudaga og fimmtudaga





Skiptinemar sjá heiminn með öðrum augum
Er skiptinemadvöl eitthvað fyrir þig?
Fjölmörg lönd í boði. Ársdvöl, hálfsársdvöl, 3 mánaða dvöl og 4-6 vikna dvöl. **Hafðu samband!**
www.afs.is
info-isl@afs.org
552 5450
AFS
AFS á Íslandi
Alþjóðleg fræðsla og samskipti
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



Volkswagen hefur selt flesta bíla á árinu.

## Minni eftirspurn en á síðasta ári

NÝSKRÁÐIR BÍLAR FÆRRI Í ÁR EN Á SAMA TÍMA Í FYRRA.

Samtök evrópskra bílaframleiðenda segja eftirspurn eftir nýjum bílum í Evrópu minni í sumar en á sama tíma í fyrra. Þetta kemur fram á heimasíðu samtakanna.

Þar segir að sala nýrra bíla hafi verið 7,2 prósentum minni í júlí á þessu ári en í fyrra. Salan í ágúst reyndist 15,6 prósentum minni en í ágúst í fyrra. Salan dróst alls saman um 3,9 prósent í Evrópu fyrstu átta mánuðina miðað við síðasta ár.

Nissan sækir mest í sig veðrið. Fyrstu sjö mánuði ársins voru 23,9 prósent fleiri Nissanbílar nýskráðir en á sama tímabili í fyrra. Þar á eftir kemur Smart með 22,5 prósent og Jagúar með 18,1 prósent. Mestur samdráttur varð hjá Alfa Romeo, 32,4 próent, Lexus með 24,2 prósent og Land Rover með 21,6 prósent. Mest seldu bílarnir eru Volkswagen með 983.071 bíla, Ford með 797.850 bíla og Opel/Vauxhall með 772.780 bíla. Sjá www.fib.is.

*-rve*



Hjalti Guðmundsson hefur keyrt fjárflutningabíl í tuttugu ár. MYND/MAGNÚS HLYNUR

# Mjúkur á bremsunni

**Fjárflutningabílar setja svip sinn á umferðina á þjóðvegum landsins á haustin.**

Nú stendur sláturtíðin sem hæst og stórir fjárflutningabílar á ferð um þjóðvegina. Hjalti Guðmundsson á Kjóastöðum í Biskupstungum hefur keyrt fjárflutningabíl árum saman. „Þetta er sennilega tuttugasta haustið sem ég keyri, ég hef nú oft hugsað mér að hætta en einhvern veginn endist maður áfram,“ segir Hjalti, sem hætti sjálfur að búa fyrir þremur árum.

Hann segir fjárflutningana hafa breyst. Vegirnir hafi batnað og eins aðstaðan við bæina og nú heyri það sögunni til að fólk standi uppi á opnum bílunum til að passa féð. „Bílarnir eru nú yfirleitt á þremur hæðum og miðað við að hafa tíu lömb í stíu. Þá er það rúmt hjá þeim að þau geta legið.“ Bíll Hjalta tekur um 250 lömb og oft dregur hann tengivagn sem tekur annað eins.

„Þetta eru miklir flutningar á þessum greyjum. Ég keyri í sláturhúsið á Selfossi og þetta eru gríðarlegar vegalengdir. Lengstu ferðirnar geta verið átta til tólf tímar með öllu. Við erum tveir á bílnum sem skiptumst á. Það þarf að gera sér grein fyrir því að maður er með 250 til 500 lifandi farþega og vera mjúkur á bremsunum, alveg eins og þegar farþegarnir eru fólk.“

*heida@frettabladid.is*

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf
bfo@bfo.is
NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL
SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

;ALLT MATUR
Alla föstudaga

Varahlutir
í flestar gerðir lyftara



Legur, allar gerðir



Rafgeymaklær



Lyftaragafflar



Lyftaradekk



Lyftarafelgur

TMH Ísland - Toyota vörulausnir
Vesturvör 30B
200 Kópavogur
S: 563 4500
tmh@tmh.is
tmh.is

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

;ALLT TÍSKA
Alla fimmtudaga

Njóttu náttúrunnar



Sólarsellur
Vindrafalar
Gasmiðstöðvar
Ljósavélar
Sparljós og perur
Vatnshitarar



Allar nánari upplýsingar um þjónustu og vörur á www.rotor.is.
rotor
VERSLUN / VERKSTÆÐI Helluhrauni 4 220 Hafnarfjörður Sími 555 4900

THE ENGLISH PUB

## Enski barinn

**Ert þú hress og skemmtilegur? Þá vantar okkur barþjóna og fólk í sal í kvöld og helgarvinnu. Uppl. á staðnum Austurstræti 12, eftir kl. 15:00 alla daga.**

### HENDUR.IS

Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

### Pizzuverksmiðjan Lækjargötu 8

Óskar eftir að ráða pizzubakara í fullt starf og aukabakara um helgar í næturvinnu. Uppl. gefur Ólafur á staðnum eftir kl. 15:00 á miðvikudag og fimmtudag eða í s. 578 8555.

### Verkamenn / Workers

Óska eftir verkamönnum, mikil vinna í boði. Stundvísi og reglusemi skilyrði. Workers wanted, a lot of work. S. 824 7565 & 696 6676.

### Söluturninn Jolli Hafnarfirði.

Söluturninn Jolli óskar eftir áreiðanlegu og stundvísu fólki í vinnu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknareyðublöð á staðnum og á umsokn.foodco.is

Óska eftir góðum manni á aldrinum 22-30 ára í hellulagnir og vinnu tengda lóðum og frágangi. Einar 864-8100

### Hlutastarf

Efnalaug óskar eftir starfsmanni í afgreiðslu virka daga, frá kl. 14-18, hentar öllum aldri. Uppl. í s. 561 1216

### Pizzuverksmiðjan Lækjargötu 8

Óskar eftir að ráða pizzubakara í fullt starf og aukabakara um helgar í næturvinnu. Uppl. gefur Ólafur á staðnum eftir kl. 15:00 á miðvikudag og fimmtudag eða í s. 578 8555.

Tískuvöruverslun í Hfj óskar eftir starfsstúlku í fullt starf. Ekki yngri en 18. Uppl sendist á kls1@hi.is

Leitum eftir aðstoðarmanni í mötuneyti okkar í Skógarhlíð 12. Vinnutími er frá 10:30 - 14:30. Starfið felur í sér uppvask, aðstoð við salatbar, aðstoð við þrif í matsal og annað tilfallandi. Áhugasamir hafið samband við mannauðsstjóra PwC - thorunn.audunsdottir@is.pwc.com

Starfmann vantar í efnalaug. Helst vanann. Íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsingar í síma 561 1216.

Meiraprófsbílstjórar óskast í hópferðakeyrslu á kvöldin og nóttunni um helgar, uppl. í s. 858 5868.

### Ritfanga- og leikfangaverslun

Óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Umsóknir sendist á hugsel@gmail.com

Háseta vantar á ísfisktogara. Uppl. í síma 899 0830.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

### HENDUR.IS

Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbílstjórar, vélamenn, suðumenn, fiskvinnslufólk o.fl. S. 845 7158.

47 ára vanur neta og línu sjómaður óskar eftir skips plássi. Er búsettur á norð-austur landi. Allt kemur til greina. S. 561 5065 & 892 7061.

Getum bætt við okkur verkefnum í okt. Vanir mótauppslætti. Áhugasamir hafi samb. í s. 820 3265 Grandverk ehf.

Smiði vantar vinnu. Áhugasamir hafið samb. í s. 847 0638.

25 ára kk. óskar eftir hlutastarfi fyrir hádegi. S. 847 4306.

Matsveinn óksar eftir starfi til sjós eða í landi. S. 898 3443.

Young Woman from Germany (26), with Expirences in Service, Cleaning and Kitchen searching for Job. 6638846-Marieke

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Hljómsveitin Silfur. Vantar þig hljómsveit á dansleik, árshátíð eða skólaball? Umboðssími 8970858

## Einkamál

### SÍMAÞJÓNUSTUR

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldómur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**908 6666**
**Tvær nýjar byrjaðar og eru í góðum gír. Hver verður kærastan þín í kvöld ? Opið allan sólarhringinn, engin bið.**

### Stefnumót.is

Nýr vefur: „Þar sem íslendingar kynnast". Nýttu þér vandaðan vef fyrir fólk sem gerir kröfur! Vertu velkomin/n.

### Leitar þú að dansfélaga?

Nýttu þér nýjan vef, www.stefnumót.is, til að kynnast dansfélaga við hæfi. Stefnumót.is.

### Viltu eignast nýja vini?

Nýttu þér nýjan vef, www.stefnumót.is, til að kynnast nýju fólki á þínum forsendum. Stefnumót.is

### Leitar þú varanlegra kynna?

Ertu í makaleit? Leitar þú að rómantík? Nýttu þér nýjan vef, www.stefnumót.is, til að kynnast fólki sem leitar þess sama og þú. Stefnumót.is.

### Ung, grannvaxin

kona með svart, sítt hár leitar vinskapar við karlmann. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (visa, mastercard), augl.nr. 8558.

### Karlmaður

á þrítugsaldri vill kynnast karli með tilbreytingu í huga. Auglýsing hans er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (visa, mastercard), augl.nr. 8801.

## Til sölu

**GRINDAVIKURBÆR**
• Forstöðumaður Tæknideildar •
16. September 2008

### Tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Svartsengi í Grindavík:

Bæjarstjórn Grindavíkur auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði í Svartsengi ásamt umhverfisskýrslu skv 1.mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 m.s.br. Tillögur að breytingum eru eftirfarandi:

- Nýju bygginga- og framkvæmdasvæði bætt við austurhluta skipulagssvæðis.
- Byggingareitum og aðkomu vegna koldíðoxíðvinnslu bætt við á nýju bygginga- og framkvæmdasvæði.

Núverandi tillaga að deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í Svartsengi er í samræmi við Aðalskipulag Grindavíkur 2000-2020 en þar er m.a. gert ráð fyrir orkuvinnslu og léttum iðnaði á iðnaðarsvæðinu í Svartsengi. Í skipulaginu er einnig gert ráð fyrir möguleika á aukinni orkuvinnslu ásamt verslunar- og þjónustusvæði.

Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofum Grindavíkurbæjar að Víkurbraut 62 í Grindavík, virka daga kl. 9:30 – 15:00, frá 17. september til og með 15. október 2008. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til forstöðumanns Tæknideildar Grindavíkurbæjar eigi síðar en 29. október 2008. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Grindavík, 16. september 2008
Bæjarstjóri Grindavíkur/Forstöðumaður Tæknideildar

**vísir.is**
„...ég sá það á vísi"

## Fasteignir

### Miðhella 2

221 Hafnarfjörður
Glæsilegt Atvinnuhúsnæði

**Stærð: 1634 fm**
**Fjöldi herbergja: 0**
**Byggingarár: 2008**
**Brunabótamat: 0**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Lind



**Hentar vel fyrir iðnað, verslun og þjónustu** **Verð: 0**





Einstaklega glæsilegt atvinnuhúsnæði og frábærlega staðsett. Stór lóð og mikil lofthæð. Aðgengi við Reykjanesbraut um nýjan Krísuvíkurveg og gegnum Vallarhverfið. Húsið er alls um 1634 fermetrar, þar af um 460 fermetrar á annari hæð. Hér er um vandaða húseign að ræða sem býður uppá mikla möguleika fyrir iðnað, verslun og þjónustu. Stórar innkeyrsludyr. Eign á frábærum stað sem hentar vel fyrir ýmsan atvinnurekstur. Eignin er tilbúinn til afhendingar. Hér er frábært tækifæri fyrir fjárfesta. Staðsetning við íbúðarhverfi og iðnaðarhverfi þannig möguleikarnir eru margir. Allar nánari upplýsingar veitir Þórarinn s. 770-0309



Gunnar Valsson
Sölufulltrúi
**822 3702**
gv@remax.is



Þórarinn Th
Sölufulltrúi
**770 0309**
th@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**

## Atvinna

# MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.
**Kraftafl ehf S: 840-1616**

# SMIÐIR

Erum með vana smiði á skrá sem eru klárir til vinnu.
**Kraftafl ehf S: 840-1616**

# MÁLMIÐNAÐARMENN OG JÁRNSMIÐIR

Erum með vana málmiðnaðarmenn og járnsmiði sem óska eftir mikilli vinnu.
**Upplýsingar í s. 840 1616**
**Kraftafl ehf**

**ALLT HEILSA**
Alla fimmtudaga

## Fasteignir

**HRAUNHAMAR**
FASTEIGNASALA
**Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is**

### Kaplaskjólsvegur - Rvík.




Sérlega falleg 60 fm 2ja herb. Íbúð á annarri hæð í góðu fjölbýli á þessum frábæra stað í vesturbænum, til afhendingar strax. Góður inngangur, rúmgott hol. Björt og falleg stofa með útgangi á góðar suður svalir. Eldhús, snyrtil stílhrein innrétting, góður borðkrókur. Rúmgott svefnherbergi með góðum skápum. Baðherbergi er flísalagt, baðkar með sturtu. Eikar parket á gólfum. Góð sameign. Hús í góðu standi að utan. Mjög góð og vel staðsett eign. **Verð 19,2 millj.**, mjög hagstæð greiðslukjör, allt að 100% lán á hagstæðum kjörum. Greiðslubyrgði ca 100 þ á mánuði, án tillits til vaxtabóta sem geta numið allt að 24þ á mánuði.

**ATH MJÖG HAGSTÆÐ KAUP. Allar frekari uppls. gefur Hilmar sölumaður í síma 892-9694,**

### Álfholt - Hf.




**Álfholt - Hf. neðri sérh.**

Um er að ræða 56 fm. neðri sérhæð í góðu tvíbýli .Íbúðin þarfnast málunar og smá standsettningar. Gott skipulag, allt sér. Hagstætt verð og greiðslukjör allt að 100% lán í boði á mjög hagstæðum kjörum. **Verð 15,6 millj.**
**Allar frekari uppl. Gefur Hilmar Þór Bryde í síma 892-9694**

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

sjáðu
heyrðu
lifðu



## Hljóðlausnir - Náðu athygli, náðu árangri

Með vönduðum hljóð- og stjórnbúnaði tryggir þú viðskiptavinum góða upplifun og starfsfólki afslappað vinnuumhverfi.
Bjóðum sérsniðnar lausnir fyrir veitingastaði, verslanir, ráðstefnu- og tónleikasali.

**Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar í Hlíðasmára 3, 201 Kópavogi.**

sense
er hluti af Nýherja
NÝHERJI

BOSE
audio-technica
BIAMP SYSTEMS
ARTCOUSTIC

sense

Hlíðasmára 3 201 Kópavogur sími 585 3800 www.sense.is

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Hrun á fjármálamörkuðum flýtir fyrir samrunum.

# Aðgerðir ráðast af skynsemi og nauðsyn

Björn Ingi Hrafnsson

Við lifum á athyglisverðum tímum, segir einhvers staðar, og víst er að það á vel við um síðustu daga, vikur og mánuði á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Nýir kaflar í heimssögu viðskiptanna eru ritaðir á hverjum degi, stórar og öflugar stofnanir riða til falls, aðrar hefur þegar þrotið örendi. Hver hefði trúað því að stofnun á borð við Lehman Brothers yrði gjaldþrota? Banki sem í ríflega hundrað ár hefur lifað kreppur og heimsstyrjaldir en er stærsta fórnarlamb undirmálslánakreppunnar til þessa.

Markaðurinn skýrði frá því á forsíðu Fréttablaðsins í gær að erfiðleikar í rekstri margra af stærstu fjármálafyrirtækjum heims væru líklegir til að flýta fyrir því sem ýmsir teldu nauðsynlegan samruna íslenskra fjármálafyrirtækja. Þannig væri töluverður gangur kominn í samrunaviðræður Glitnis og sparisjóðsins Byrs, sem breytt hefur verið í hlutafélag. Eins væru aðaleigendur Landsbankans og Straums með sameiningu til alvarlegrar skoðunar.

Þetta eru eðlileg tíðindi. Þau koma til viðbótar vangaveltum um framtíð nokkurra sparisjóða sem glíma við lausafjárskort og hafa sumir kosið að sameinast öðrum fjármálastofnunum eða hreinlega neyðst til þess. Víst er að frekari sameiningar eða yfirtökur eru fram undan á þeim bænum. Aðgerðir í hagkerfi nútímans ráðast nefnilega hvort tveggja af skynsemi og nauðsyn. Margir hafa lengi talið að íslenskar fjármálastofnanir séu of margar og ná megi fram hagræðingu með samruna og yfirtökum. Nú hefur rík nauðsyn bæst við í grunn röksemdafærslunnar og þá verður væntanlega ekki að sökum að spyrja.

Í því tilliti er hins vegar rétt að hvetja hið opinbera, bæði stjórnvöld og eftirlitsstofnanir, til að gæta þess að hamla ekki nauðsynlegum samrunum og hætta þar með á að einstök fyrirtæki gefist upp. Athyglisvert er í því sambandi að hafa í huga að samruni risafyrirtækjanna Bank of America og Merrill Lynch hefði verið keyrður í gegn á 48 klukkustundum og án athugasemda frá eftirlitsstofnunum. Á það hefur verið bent, að hér geti tekið margar vikur að fá skorið úr mun smærri málum með tilheyrandi kostnaði og töfum.

Undir þetta skal tekið. Vonandi afgreiðir Samkeppniseftirlitið sem fyrst samruna Kaupþings og SPRON, svo óvissu varðandi framtíð síðarnefnda félagsins megi eyða. Forstjóri Fjármálaeftirlitsins hefur enda hvatt sérstaklega til samruna fjármálafyrirtækja. Að sama skapi er rétt að vitna til orða Geirs H. Haarde forsætisráðherra sem sagði í nýlegu viðtali við Markaðinn: „Ég tel víst að það sé unnt að hagræða í bankakerfinu, til dæmis með sameiningu eða samruna fyrirtækja. Ríkisstjórnin mun stuðla að því fyrir sitt leyti."

Frekari vitna þarf varla við.

bjorn.ingi@markadurinn.is | gudny@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

Microsoft sérfræðingar, ekki missa af þessu!

Hvað leynist undir yfirborðinu?

Dive Deeper 08

Tækninámsstefna í Smárabíó 9-10 október

Nánari upplýsingar og skráning í síma 544 4500 og www.ntv.is/divedeeper

# Stór orð á veikum grunni

ORÐ Í BELG



Guðjón Guðmundsson
framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sparisjóða

Staða sparisjóða er mun sterkari en skilja má af ummælum og umræðu undanfarnar vikur. Samkvæmt sex mánaða uppgjöri er eigið fé sparisjóða í landinu í lok júní rúmlega 79 milljarðar króna og eiginfjárhlutfall (CAD) er 14,37. Eiginfjárhlutfall má lægst vera 8 þannig að það má vera ljóst að staða sparisjóðanna í heild er mjög sterk. (Sparisjóður Mýrasýslu er ekki tekinn með í þessum útreikningum vegna þess að sérstaða hans er mikil og hann er nú kominn í „eigu" Kaupþings.) Eiginfjárstaða viðskiptabankanna er umtalsvert lægri en eiginfjárstaða sparisjóðanna.

Í töflunni hér til hliðar eru nokkrar lykiltölur úr reikningum sparisjóða fyrir fyrri hluta ársins. Þar kemur skýrt fram að staða sparisjóðanna er mjög velviðunandi miðað við hið erfiða árferði sem nú ríkir í rekstri fjármálafyrirtækja. Túlkun FME á afkomu af kjarnastarfsemi, eins og fram kom í Fréttablaðinu 10. september, er að mati sparisjóðanna mjög misvísandi. Samanburður við kjarnastarfsemi viðskiptabankanna er líka misvísandi því ýmsar þóknunartekjur sem FME reiknar sem kjarnastarfsemi hjá viðskiptabönkunum eru mjög líklega tengdari eignaumsýslu þeirra og ættu því að vera utan kjarnastarfsemi til að leiðrétta samanburðinn. Þess vegna er dregið fram hver afkoma sparisjóðanna væri ef þeir losuðu eignir sínar í hlutabréfum og hlutdeildarfélögum og legðu andvirðið inn á reikning í Seðlabankanum. Þá kemur fram að tapið snýst í hagnað.

Það er ábyrgðarhluti að svo virðist sem þær opinberu stofnanir sem stjórna starfsgrundvelli fjármálafyrirtækja virðast vera í krossferð gegn sparisjóðum og minni fjármálafyrirtækjum. Seðlabankinn breytir reglum sínum um endurhverf viðskipti (fjármögnun fjármálafyrirtækja) og fleiri þætti miðað við forsendur og út frá hagsmunum viðskiptabanka en skilur sparisjóði og minni fjármálafyrirtæki eftir. Aðgerðir Seðlabankans hafa í besta falli verið skaðlausar en í mörgum tilvikum mjög íþyngjandi fyrir sparisjóðina.

FME hefur með orðum sínum og athöfnum svert stöðu sparisjóða og gert samskipti þeirra við viðskiptavini og lánveitendur erfiðari en efni standa til.

Þannig gætu nýleg ummæli forstjóra FME orðið til þess að innlánseigendur tækju peninga sína út úr sparisjóðum þó að þeir séu fullkomlega tryggir hjá þeim. Jafnframt sá FME ástæðu til að gefa út sérstaka fréttatilkynningu um að „stóru viðskiptabankarnir" stæðust álagspróf (svokallað stresstest) en neita sparisjóðum um samsvarandi „vottorð" þótt tölurnar gefi fullt tilefni til þess. Þetta túlka lánveitendur sem merki frá FME um að sparisjóðir séu ekki í lagi með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir lánsmöguleika þeirra og lánskjör.

Samhliða þessu er Samkeppniseftirlitið að fetta fingur út í samstarf sparisjóða og viðhorf embættismanna í viðskiptaráðuneytinu virðist vera að fákeppni á viðskiptabankamarkaði sé æskilegri heldur en að heimila sparisjóðum að mynda sameiginlega mótvægi og samkeppni við turnana þrjá.

Kannanir hafa margoft leitt í ljós að meirihluti landsmanna telur það skipta miklu máli að sparisjóðirnir haldi áfram starfi sínu á fjármálamarkaði. Þeir eru elstu starfandi fjármálastofnanir landsins og hafa unnið traust viðskiptavina með því að veita vandaða fjármálaþjónustu sem einkennist af fagmennsku og alúð. Sparisjóðirnir hafa einnig lagt mikið af mörkum til margs konar uppbyggingar í héraði og tekið virkan þátt í mannlífi á hverjum stað, eflt atvinnulíf og stutt líknar- og íþróttastarf. Meginmarkmið þeirra er að eiga arðsöm langtímaviðskiptasambönd og það hefur sýnt sig að viðskiptavinir kunna að meta þjónustu sparisjóðanna, enda hafa þeir ár eftir ár hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir vel unnin störf og ánægjuvogina.

Það hlýtur að vera krafa sparisjóða og viðskiptavina þeirra að opinberir aðilar, Seðlabanki, embættismenn og eftirlitsstofnanir vinni ekki gegn sparisjóðum og geri þannig samkeppni í fjármálaþjónustu í landinu fátæklegri. Sparisjóðir hafa eins og önnur fyrirtæki lent í mótbyr sem meðbyr og hafa þróast með hliðsjón af aðstæðum og stöðu á hverjum tíma. Það er engin ástæða til að ætla annað en að sparisjóðunum takist að sigla í gegnum þann skafl sem nú ríður yfir og þjóna viðskiptavinum sínum um allt land hér eftir sem hingað til.



**Í AFGREIÐSLU SPRON** Greinarhöfundur átelur Fjármálaeftirlit, Samkeppniseftirlit og Seðlabanka fyrir orð og æði sem komi sparisjóðunum illa.

**TÖLUR SPARISJÓÐANNA**

| | Allir sparisjóðir | Þrír stærstu | Aðrir sparisjóðir |
|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 41.110 | 38.125 | 2.985 |
| Reikn. vaxtat. v/fjáreigna | 3.512 | 2.785 | 728 |
| Hreinar leiðr. vaxtatekjur | 11.182 | 9.924 1.259 | |
| Hreinar þjónustutekjur | 2.029 | 1.853 | 176 |
| Virðisrýrnun útlána | 4.314 | 4.057 | 257 |
| Leiðrétt afkoma | 2.168 | 1.736 | 433 |
| Heildarfjármagn | 607.306 | 563.434 | 43.872 |
| Útlán | 444.412 | 417.883 | 26.529 |
| Fjáreignir, hlutabréf o.fl. | 110.356 | 97.454 | 12.902 |
| Innlán | 251.107 | 227.079 | 24.028 |
| Lántaka | 183.903 | 178.179 | 5.724 |
| Eigið fé | 77.619 | 70.742 | 6.877 |
| CAD | 16,08 | 16,38 | 12,46 |
| Hlutfall innlána af útlánum | 57% | 54% | 91% |

** Sparisjóður Mýrasýslu er ekki tekinn með í þessum útreikningum vegna sérstöðu sinnar.*

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson RITSTJÓRN: Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Sindri Sindrason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

40%

SAGAN Á BAKVIÐ

# Lehman Brothers

Með gjaldþroti Lehman Brothers hverfur eitt sögufrægasta fyrirtæki Wall Street af sjónarsviðinu. Það var stofnað 1850 í Montgomery í Alabama og fékkst í fyrstu aðallega við bómullarviðskipti. Árið 1906 tók fyrirtækið að fást við verðbréfaverslun þegar það tók í félagi við Goldman Sachs að sér fyrstu hlutafjárútboð margra mikilvægustu fyrirtækja Bandaríkjanna.

Lehman sérhæfði sig í fasteignatryggðum verðbréfum og var með fyrstu fyrirtækjunum á Wall Street til að bjóða upp á fjármálagerninga og skuldvafninga byggða á þeim. Eftir 2001 nýtti fyrirtækið þessa sérþekkingu til að sækja inn á áhættusaman markað með ýmis fasteignaskuldabréf. Þegar fjármálakreppan skall á var Lehman stærsti útgefandi fasteignatryggðra skuldvafninga í Bandaríkjunum.

Þegar undirmálslánakreppan gerði vart við sig fullvissaði forstjórinn Richard Fuld fjárfesta hins vegar um að fyrirtækið stæði traustum fótum og ætti lítið af áhættusömum skuldvafningum.

Síðan þá hefur komið í ljós að uppgjör félagsins voru fegruð með bókhaldsbrellum. Síðan í vor hefur Lehman afskrifað 8,2 milljarða og ljóst var að afkoma þriðja ársfjórðungs yrði síst skárri. Áætlað hefur verið að Lehman hafi átt um 61 milljarð dala í ýmsum fasteignatryggðum skuldabréfum, og meira af eiginfé fyrirtækisins var bundið í illseljanlegum skuldvafningum en nokkurs annars fjárfestingarbanka, að Merrill Lynch frátöldum. Ólíkt Merrill átti Lehman hins vegar lítið af eignum sem auðvelt var að koma í verð til að bregðast við tapi og afskriftum. Eina leið Lehman út úr vandanum var því að finna nýja hluthafa sem hefðu getað endurfjármagnað reksturinn, og þegar sú leit bar engan árangur var gjaldþrot óumflýjanlegt. - msh



HÖFUÐSTÖÐVAR LEHMAN





512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

LÆGRI YFIRDRÁTTARVEXTIR OG ENGIN FÆRSLUGJÖLD

Nýir viðskiptavinir Netbankans sem sækja um debetkort án færslu- og árgjalda, fá 18,45% yfirdráttarvexti fyrstu 6 mánuðina sem þeir eru í viðskiptum. Að auki býðst nýjum viðskiptavinum almennt e-Vildarkort án árgjalds fyrsta árið.

Kynntu þér málið og sæktu um á www.nb.is eða hafðu samband við þjónustufulltrúa okkar í síma 550 1800.

www.nb.is

Netbankinn – með betri vexti

Miðast við meðal-yfirdráttarvexti á sambærilegum reikningum.

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**20** milljónir evra er tap Eimskipafélagsins á þriðja ársfjórðungi samkvæmt uppgjöri sem birt var í síðustu viku.

**1,9** milljarða króna halli var á greiðsluafkomu ríkisins á öðrum fjórðungi þessa árs samkvæmt nýbirtum tölum Hagstofunnar.

**170** stiga múr gengisvísitölu krónunnar var rofinn í byrjun vikunnar. Hún hefur haldið áfram að veikjast síðan og er nú nálægt 173 stigum.

BANKAHÓLFIÐ

## Góð tilraun

„Í fyrra var í fyrsta skipti sem allir hlauparar í Reykjavíkurmaraþoni Glitnis gátu safnað áheitum en áður höfðu aðeins starfsmenn Glitnis hlaupið til góðs. Það má segja að þetta hafi verið tilraun, sem gafst vel,“ segir Már Másson, forstöðumaður samskiptasviðs Glitnis.

Bankinn styrkti starfsmenn um þrjú þúsund krónur fyrir hvern kílómetra í Reykjavíkurmaraþoni Glitnis í fyrra og hét 500 krónum á viðskiptavini bankans. Í ár námu áheitin eitt þúsund krónum á starfsmenn og 300 krónum á viðskiptavini.

Már segir að áheitasöfnunin í fyrra hafi hvatt menn til dáða, hlaupurum hafi fjölgað milli ára og fleiri hlaupið lengri vegalengdir.



Í fyrra söfnuðust 41,3 milljónir króna í maraþoninu. Niðurstöðunnar nú er að vænta á næstu dögum.

## Útvegs- hvað?

Miklar sviptingar hafa skekið alþjóðlegan fjármálaheim upp á síðkastið, nú síðast með greiðslustöðvun Lehman Brothers og kaupum Bank of America á Merrill Lynch í vikunni. Finnst mörgum nóg um og sjá þeir ofsjónum yfir því að banki geti farið á hliðina. Í þessu samhengi er vert að rýna í sögubækur. Áratugur er liðinn frá því bandaríski fjárfestingarbankinn Salomon Brothers þraut örendi og átta ár síðan fjárfestingarfélagið Long Term Capital fór sömu leið. Eru þá ótaldir allir þeir minni bankar úti í hinum stóra heimi sem rykfalla í sögubókum. Man kannski enginn lengur eftir Útvegsbankanum?

## Allt í háaloft

Það er vægt til orða tekið að flug- og ferðaskrifstofuheimurinn hafi farið í háaloft í síðustu viku eftir að breska flugfélagið XL Airways brotlenti og vélar spænskra kollega hjá Futura Airways voru kyrrsettar. Margir ferðalangar urðu strandaglópar víða um heim af þessum sökum. Aðrir urðu að gera breytingar á ferðatilhögun sinni þegar flug voru sameinuð í eina vél. Einn reiður viðmælandi Markaðarins átti að fljúga til Portúgals fyrir helgi. Býsnaðist hann yfir því að þurfa að fara í vél nokkrum klukkustundum fyrr en áætlað var. Reiðin var líklega óþörf enda gleymdist að reikna með því að sá hinn sami steig sömuleiðis fyrr á portúgalska grund en áætlað var.








Nú höfum við opnað nýja Vínbúð í Skútuvogi 2 og aukum þar með þjónustu okkar við viðskiptavini.
VÍNBÚÐIN
vinbudin.is


*connectedthinking
Hvers vegna PwC?
Þekkingarfyrirtæki í fremstu röð á Íslandi og leiðandi á alþjóðavettvangi.
● Endurskoðun ● Fyrirtækjaráðgjöf ● Skatta- og lögfræðiráðgjöf
Reykjavík - Akureyri - Húsavík - Selfoss - Reykjanesbær **www.pwc.com/is**
PRICEWATERHOUSECOOPERS

# Að hengja bakara fyrir smið

**UMRÆÐAN**

Víglundur Þorsteinsson skrifar um krónur, evrur og íslenska „kreppu“

Mikil umræða hefur farið fram í fjölmiðlum á þessu sumri um íslensku krónuna og upptöku evru sem kost til að ráða bug á „efnahagsvandanum“ sem nú er talinn ríkja hér á landi. Af þessari umræðu hefur helst mátt ráða að höfuðvandamálið í efnahagsmálum okkar nú sé íslenska krónan.

Talað er um kreppu eða kreppuástand við þessar aðstæður og kallað eftir „nýrri þjóðarsátt“ eða bara einhverju til úrbóta. Nú er það svo að rétt er að sjúkdómsgreina sjúklinga áður en lækningar hefjast. Tilgangurinn má ekki helga meðalið. Einhvern veginn sýnist mér sem sjúkdómsgreiningunni sé ekki alveg lokið.

Vissulega er vandi á höndum hjá okkur í dag en það er ólíku saman að jafna ástandinu sem ríkti hér á landi fyrir 20 árum í aðdraganda þjóðarsáttarinnar og stöðunni í dag. Það eina sameiginlega í stöðunni er verðbólga þó miklu minni sé nú en þá. Í okkar hagsögu getum við fundið mörg dæmi um hagstjórn og afleiðingar hennar sem valdið hafa öfgafullum hagsveiflum, viðskiptahalla og verðbólgu líkt og nú. Oftast þó við mun verri aðstæður í þjóðarbúskapnum. Hvað fór úrskeiðis? Hvernig gerðist þetta?

Öllum sem vilja sjá er ljóst að ástæðan er mikið framboð af ódýrum peningum. Það framboð stafaði af víðtækri lágvaxtastefnu nokkurra helstu seðlabanka heimsins og seðlaprentun til að auka peningaframboð í heiminum af ótta við samdrátt og kreppu. Aðalmótandi þessarar stefnu var seðlabankastjóri Bandaríkjanna, Alan Greenspan og aðrir stórir seðlabankar fylgdu honum að málum.

Þessi framkvæmd hófst fyrir síðustu aldamót af ótta við dot.com bólur og aldamótavanda tölvukerfa. Ótti sem leiddi til víðtækra vaxtalækkana og aukins framboðs peninga. Í kjölfarið fylgdu hryðjuverkin og voðaatburðirnir 11.september 2001 sem mætt var með enn frekari vaxtalækkunum og auknu peningaframboði með öðrum orðum seðlaprentun.

Þessi stefna leiddi síðan til offramboðs peninga á alþjóðamörkuðum, „atvinnulausra peninga“ í leit að vinnu. Við slíkar aðstæður víkur skynsemin stundum fyrir augnabliksvæntingum og áhættutaka vex. Undirmálslánakrísan bandaríska er eitt birtingarform og bein afleiðing þessarar áhættutöku en þær eru að sjálfsögðu fleiri um allan heim. Þetta offramboð peninga hefur leitt til víðtækrar þenslu og valdið miklum sviptingum í innbyrðis gengisþróun helstu gjaldmiðla heimsins. Læt ég nægja að minna á þær ógnarsveiflur sem orðið hafa milli dollars og evru frá upptöku evrunnar árið 1999.



VÍGLUNDUR ÞORSTEINSSON

Þá hefur þetta leitt til heimsþenslu sem valdið hefur víðtækum hækkunum á hvers konar hrávöru og orkugjöfum og leitt til mikilla almennra hækkana á þessum vörum. Þær hafa margar hverjar tvöfaldast og jafnvel þrefaldast í verði í dollurum, mælt á liðnum 5 árum. Nokkuð sem við verðum að hafa í huga þegar við greinum vandann og mótum nýja stefnu til að vinna okkur frá vandamálunum sem vissulega eru ærin þótt fráleitt sé að kalla vandann kreppu í sögulegu samhengi.

Á þessum tíma hófst nýtt tímabil í íslenskri peningamálastjórnun.
Árið 2001 var innleidd markaðsskráning íslensku krónunnar og Seðlabanki Íslands hætti þeirri skráningu krónunnar sem áður tíðkaðist. Nú skyldi stýrt með stýrivöxtum bankans í þeim tilgangi að móta hegðun markaðarins. Í upphafi voru stýrivextirnir 7 %, lækkuðu nokkuð árin 2002 og 2003 en tóku síðan að hækka á árinu 2004 vegna ótta um þenslu vegna stóriðjuframkvæmda.

*Í okkar hagsögu getum við fundið mörg dæmi um hagstjórn og afleiðingar hennar sem valdið hafa öfgafullum hagsveiflum, viðskiptahalla og verðbólgu líkt og nú. Oftast þó við mun verri aðstæður í þjóðarbúskapnum.*

Hafa þeir nær óslitið hækkað síðan.

Hér var horft þröngt á málin frá séríslensku sjónarhorni og ekki gáð að því hvaða hliðaráhrif fylgdu slíkum vaxtahækkunum vegna ytri aðstæðna og mikils vaxtamunar milli innlendra hávaxta og erlendra lágvaxta.

Markmiðið var að hemja þenslu vegna stóriðjuframkvæmda en aðferðin leiddi til mun meiri þenslu en þær einar og sér hefðu haft í för með sér. Erlent lánainnstreymi vegna stefnunnar varð margfalt innstreymið vegna stóriðjuverkefnanna. Jafnvel meira en 10 falt nettó streymið vegna stóriðjunnar. Þenslan var kynt með innstreymi erlends fjár. Þessi áhrif eru ekki einsdæmi fyrir Ísland svipað hefur gerst annars staðar við hliðstæðar breytingar. Vegna smæðar vorum við ef til vill viðkvæmari en aðrir.

*Höfundur er stjórnarformaður BM Vallár.*


„...fyrst á visir.is“



visir.is
...ég sá það á visir.is





512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# 80% A

## EGG FLYTUR

# NÚ SELJUM VIÐ RESTINA!

EKKI MISSA AF ÞESSU!

**80%** AFSLÁTTUR AF STÓLUM

**80%** AFSLÁTTUR AF BORÐUM

**80%** AFSLÁTTUR AF SÓFUM

**80%** AFSLÁTTUR AF LÍNI

## OPNUM KLUKKAN 12 Í DAG

EGG Smáratorgi Sími 525 3400 egg@egg.is www.egg.is

# F ÖLLU!!

## RÝMINGARSÖLUNNI LÝKUR Á MORGUN

80%
AFSLÁTTUR AF
FLÍSUM

80%
AFSLÁTTUR AF
LJÓSUM

80%
AFSLÁTTUR AF
BÚSÁHÖLDUM

80%
AFSLÁTTUR AF
GJAFAVÖRUM

80%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
HÚSGÖGNUM

EGG
SMÁRATORGI

LEIKKONAN ANNE BANCROFT FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1931.

*„Hjónaband getur aldrei blessast ef gifst er rangri manneskju af röngum ástæðum; sama hversu mikið fólk leggur á sig. Ykkur mun ekki endast ævin til að gjörbreyta sjálfum ykkur.“*



***Hin dáða, ítalskættaða Anne Bancroft er flestum minnistæðust í hlutverki Mrs. Robinson í The Graduate á móti Dustin Hoffman 1967. Hún lést af völdum krabbameins í júní 2005.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 17. SEPTEMBER 1983**

## *Blökkukona krýnd fegurðardrottning*

Vanessa Willams komst í sögubækur þennan dag þegar hún var fyrst blökkukvenna krýnd Ungfrú Ameríka. Sigurinn var tárum blandinn því í fyrsta skipti í sögu keppninnar varð sigurvegarinn skotmark hótana og hatursbréfa kynþáttahatara.



Tíu mánuðum eftir krýninguna var Vanessu skýrt frá nektarmyndum sem væru að fara í birtingu. Myndirnar taldi hún vera í glatkistunni enda hefði hún aldrei skrifað undir birtingarleyfi.

Tilurð myndanna má rekja til ársins 1982 þegar Vanessa vann sem förðunarfræðingur fyrir Tom Chiapel ljósmyndara í New York. Hann fékk Vanessu til að sitja fyrir undir því yfirskini að prófa ætti nýja tækni við skuggamyndatöku með tveimur fyrirsætum, en Vanessu myndaði hann með nakinni konu í mismunandi uppstillingum.

Myndirnar draga upp milda mynd af ástalífi samkynhneigðra, sem var afar umdeilt á þeim tíma.

Hugh Hefner, útgefanda Playboy, voru upphaflega boðnar myndirnar til birtingar en vildi ekki. Seinna sagði hann Playboy ekki hafa viljað valda nýkrýndri Ungfrú Ameríku vandræðum, því myndirnar hefðu greinilega verið teknar án samþykkis til birtingar. Nokkru síðar tilkynnti Bob Guccione, útgefandi Penthouse, að hann mundi birta myndirnar í septemberheftinu 1984.

Eftir fjölmiðlafár og hótanir kostunaraðila jókst þrýstingur á Vanessu að afsala sér krúnunni, sem hún og gerði á blaðamannafundi 23. júlí 1984. Í september sama ár hóf hún málsókn gegn Chiapel og Guccione, en lét málið niður falla með orðunum: „Sætasta hefndin er velgengni“.

**MERKISATBURÐIR**

**1598** Hollenskir sjófarendur finna eyjuna Mauritius.

**1844** Kosið er til Alþingis í fyrsta sinn í Reykjavík, vegna fyrsta ráðgjafarþingsins.

**1896** Íbúar í Landeyjum sjá eld í hafi að kvöldi, suðvestur af Hellisey, og næstu tvö kvöld á eftir.

**1917** Verslunarráð Íslands stofnað.

**1966** Vegur fyrir Ólafsfjarðarmúla formlega opnaður.

**1986** Sex farast í sprengjuárás í París.

**1987** Fréttaþátturinn 19:19 fer í loftið á Stöð 2.

**1992** Landsbanki ákveður að taka flestar eignir Sambands íslenskra samvinnufélaga upp í skuldir.

AFMÆLI



**Anastacia** tónlistarkona er 35 ára.



**Keith Flint** söngvari Prodigy er 39 ára.



**Kyle Chandler** leikari er 43 ára.



**HEILLUÐ AF BREIÐHOLTI** Kamilla Ingibergsdóttir gekk meðal Breiðhyltinga sem hálfgildings fjölmenningartrúboði Alþjóðahúss í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**ALÞJÓÐAHÚS:** OPNAR ÚTIBÚ MEÐ NÝJUM TILGANGI Í EFRA-BREIÐHOLTI

# Breiðholt er New York Íslands

„Draumurinn er að fá fólk út úr félagslegri einangrun, vegna þess að það talar ekki tungumálið. Alþjóðahús í Breiðholti er því ekki útibú Alþjóðahúss á Hverfisgötu, sem gæfi til kynna sömu þjónustu og þar býðst, heldur verður hér unnið grasrótarstarf í samvinnu við fólkið í hverfinu,“ segir Kamilla Ingibergsdóttir verkefnisstjóri Alþjóðahúss í Breiðholti, sem opnaði með pomp og prakt í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi á yfirstandandi Breiðholtshátíð í gær.

„Við ákváðum í upphafi að byrja með autt blað og byggja flugvélina á meðan við fljúgum. Þannig leitum við að þörf og áhugamálum fólks og spyrjum hvað því finnst vanta í félagslíf sitt. Nú þegar eru nokkrar hugmyndir komnar á koppinn, eins og foreldramorgnar og fótbolti fyrir hressa karla á aldrinum 35 til 60 ára, sem er einangraður og stór hópur erlendra karlmanna, en hverfislöggan í Breiðholti ætlar að hjálpa þá á sunnudögum. Með lifandi félagsstarfi viljum við tengja fólkið í hverfinu saman, sama af hvaða þjóðerni það er og auðvitað eru Íslendingar velkomnir líka,“ segir Kamilla, sem eyddi sumrinu í að kynnast Breiðholti.

„Breiðholtið er vissulega mekka erlendra ríkisborgara, því hér býr yfir fjórðungur þeirra í Reykjavík. Þeim fjölgaði úr 4,1 í 9,6 prósent á árunum 2002 til 2008, og voru í janúar 2.010 manns,“ segir Kamilla til fróðleiks.

„Breiðholtið er tvímælalaust ríkara og sterkara vegna þess hve það er fjölmenningarlegt. Ef við hugsum okkur New York er hún suðupottur ólíkra menningarheima og þjóðerna, sem öllum finnst óskaplega spennandi, enda talinn einn skemmtilegasti staður heims. Breiðholtið er dálítið eins og New York Íslands og hefur komið mér þannig fyrir sjónir; það er ekkert einlitt við þetta hverfi. Það er ótrúlega frábært og með mjög sérstakan hverfisanda,“ segir Kamilla, sem að mörgu leyti er í hlutverki fjölmenningartrúboða sem röltir um hverfið og boðar fagnaðarerindið.

„Þetta er frumkvöðlastarf sem tekur tíma og gerist ekki á einum degi. Við ætlum að bjóða áhugaverð verkefni en ef enginn tekur þátt er það lítils virði. Mín mesta áskorun er því að ná til fólksins og er ég eins og loftnet sem sankar að sér hugmyndum frá fólki úr öllum áttum. Ég held það geti verið frábært að vera útlendingur á Íslandi ef manni er tekið opnum örmum og fær sömu tækifæri og aðrir. Íslendingar þurfa bara að setja sig í spor innflytjenda, sem allir eru í leit að betra lífi og bjartari framtíð fyrir börn sín. Við þurfum að skilja hversu mikil áskorun það er að flytja til nýs lands, kunna ekki tungumálið og byrja upp á nýtt. Upp til hópa eru erlendir ríkisborgarar frábært fólk og staðreynd að langflestir kaupa sitt eigið húsnæði, öfugt við þann útbreidda misskilning að saman fari hátt hlutfall útlendinga og félagslegra íbúða í Efra-Breiðholti,“ segir Kamilla sem auglýsir eftir hugmyndum og fólki sem vill leggja hönd á plóg. Netfang hennar er kamilla@ahus.is

**thordis@frettabladid.is**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Stefán Júlíusson**

bóndi, Breiðabóli, Svalbarðsströnd,

verður jarðsunginn frá Svalbarðskirkju föstudaginn 19. september kl. 14.00.

**Ásta Sigurjónsdóttir**
**Hilmar Stefánsson** — **Elín Valgerður Eggertsdóttir**
**Vignir Stefánsson** — **Kristín G. Pálsdóttir**
**Heimir Stefánsson** — **Gísley G. Hauksdóttir**
**Aðalheiður Stefánsdóttir** — **Þorgils Jóhannesson**
**Svala Stefánsdóttir** — **Þröstur Óskar Kolbeins**
**Alda Stefánsdóttir** — **Bjarni Pálsson**
**Linda Stefánsdóttir** — **Gylfi Halldórsson**
**Jón Haukur Stefánsson** — **Guðrún Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og tengdasonur,*

**Ólafur Guðmundsson**

fóðurfræðingur
Þinghólsbraut 22, Kópavogi,

sem andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 11. september, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju föstudaginn 19. september kl. 13.00.

**Lilja Ólafsdóttir**
**Sigríður Ólafsdóttir** — **Ingi Freyr Rafnsson**
**Ólöf Ólafsdóttir** — **Stefán Halldór Magnússon**
**Guðmundur Ólafsson**
**Dagbjört Guðjónsdóttir.**



†

*Faðir okkar,*

**Þórður Kristján Guðmundsson,**

lést á hjúkrunarheimilinu Víðinesi þann 3. september. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði 18. september kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Guðrún Elfa Þórðardóttir**
**Oddný Snjólaug Þórðardóttir**
**Guðmundur Egill Þórðarson**
**Þórunn Selma Þórðardóttir**
**og fjölskyldur.**



†

*Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Elís Kjaran Friðfinnsson**

lést 9. september síðastliðinn.

Útförin fer fram frá Þingeyrarkirkju laugardaginn 20. september kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeir sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands eða MND-félagið.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Katrín Gunnarsdóttir**
**Ragnar Kjaran Elísson** — **María Kristjánsdóttir**
**Hanna Laufey Elísdóttir** — **Bjarki Laxdal**
**Ósk Elísdóttir**
**Friðfinnur Elísson** — **Guðrún Fjóla Kristjánsdóttir**
**Þröstur Kjaran Elísson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi okkar,*

**Sveinn Kjartan Sveinsson**

verkfræðingur
Gullsmára 5, Kópavogi,

lést fimmtudaginn 11. september. Útförin fer fram frá Langholtskirkju fimmtudaginn 18. september kl. 15.00.

**Inga Valborg Einarsdóttir**
**Soffía Sveinsdóttir**
**Sveinn M. Sveinsson** — **Auður Elísabet Guðmundsdóttir**
**Guðmundur G. Sveinsson**
**Einar Sveinsson** — **Arnhild Mølnvik**
**Sigurður V. Sveinsson** — **Sigríður Héðinsdóttir**
**Þórlaug Sveinsdóttir** — **Guðmundur V. Friðjónsson**
**afabörn, langafabörn og langalangafabarn.**

# Fræðsla fyrir grunnskóla efld enn frekar

Nýlega var undirritaður samningur um að Landsvirkjun gerist bakhjarl Sesseljuhúss á Sólheimum.

Landsvirkjun verður einn af aðalsamstarfs- og styrktaraðilum hússins. Að sögn Bergþóru Hlíðkvist Skúladóttur, forstöðumanns Sesseljuhúss, mun samningurinn styrkja enn frekar starfsemina í húsinu og veita tækifæri til að byggja upp fræðslu fyrir grunnskóla.

Sesseljuhús – umhverfissetur er fræðslusetur um sjálfbæra þróun og fer þar fram fjölbreytt starfsemi. Landsvirkjun hefur unnið að fræðslu um raforkuvinnslu og umhverfismál fyrir almenning og er markmið samningsins að samnýta þá þekkingu sem báðir aðilar búa yfir við uppbyggingu á umhverfisfræðslu fyrir skólahópa og ferðamenn.

Umhverfisráðuneytið, Hitaveita Suðurnesja og Landsbankinn eru meðal bakhjarla Sesseljuhúss. Undirritun samningsins er talin styrkja starfsemina frekar.



**BAKHJARL SESSELJUHÚSS** Sesseljuhús er fræðslusetur um sjálfbæra þróun og hefur Landsvirkjun nú gerst einn af aðalsamstarfs- og styrktaraðilum hússins. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR



**GAF AFMÆLISPENINGA** Hjálparsveit skáta fékk 60.000 krónur að gjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Gjöf fyrir góð störf

Hjálparsveit skáta í Hveragerði barst hjálp úr óvæntri átt þegar Sæunn Freydís Grímsdóttir lét 60.000 krónur af hendi rakna til sveitarinnar.

Sæunn sem fagnaði sextugsafmæli fyrir skömmu tók fram í boðskorti í veisluna að gestir gætu styrkt sveitina með peningum. Sjálf afþakkaði hún gjafir og afhenti sveitinni féð sem safnaðist. „Hjálparsveitir vinna mikið og óeigingjarnt starf í þágu almennings og mér er það mikil ánægja að geta afhent Hjálparsveitinni örlítinn þakklætisvott fyrir að vera ávallt viðbúin þegar kallið kemur,“ hafði Suðurgluggainn eftir Sæunni. Ásgeir Ásgeirsson, gjaldkeri Hjálparsveitarinnar, segir féð koma sér vel þar sem hún er komin í endurbætt húsnæði og þar sé að mörgu að huga.

---



✝

*Sonur minn, bróðir og frændi,*

**Ísleifur H. Guðmundsson**

Háaleitisbraut 123, Reykjavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu mánudaginn 8. september. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 19. september kl. 13.00.

**Guðmundur F. Jónsson,**
**Jón Guðmundsson, Renate Gudmundsson,**
**Gunnar B. Guðmundsson,**
**Guðmundur Chr. Jónsson,**
**Juliane Gudmundsson.**

---



✝

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Elínborg Guðjónsdóttir**

frá Vésteinsholti í Haukadal,

sem lést á Hrafnistu í Hafnarfirði þriðjudaginn 9. september, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 19. september kl. 13.00.

**Guðmundur Jónsson — Magnea E. Auðunsdóttir**
**Sigurlaug J. Jónsdóttir — Ólafur K. Guðmundsson**
**Kristín Jónsdóttir — Haukur Björnsson**
**Kristbjörg Jónsdóttir — Jón Hreiðar Hansson**
**Vésteinn Jónsson — Þorbjörg Jónsdóttir**
**Jón Friðrik Jónsson — Jenný L. Kjartansdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Huldu Halldórsdóttur**

frá Sunnuhlíð, Svalbarðsströnd.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Sjúkrahúsi Akureyrar fyrir góða umönnun. Guð blessi ykkur öll.

**Hreinn Ketilsson**
**Hólmfríður Hreinsdóttir — Stefán Stefánsson**
**Ingibjörg Hreinsdóttir — Haukur Már Ingólfsson**
**Hólmkell Hreinsson — Kristín Sóley Sigursveinsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



✝

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegan andláts og útfarar*

**Sveins Guðbjarnasonar**

frá Ívarshúsum.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Dvalarheimilisins á Höfða Akranesi fyrir einstaka umönnun.

**Fjóla Guðbjarnadóttir**
**Vigdís Guðbjarnadóttir**
**Erna Guðbjarnadóttir**
**Sigmundur Guðbjarnason — Margrét Þorvaldsdóttir**
**Sveinbjörn Guðbjarnason — Sigríður Magnúsdóttir**
**Sturla Guðbjarnason — Dilja Sjöfn Pálsdóttir**
**Hannesína Guðbjarnadóttir — Eggert Þór Steinþórsson**
**Jón Hallgrímsson.**

---

✝



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Jósafats Vilhjálms Felixsonar**

Húsey.

Okkur er ógleymanleg öll sú góða hjálp og stuðningur sem við urðum aðnjótandi frá ykkur á erfiðum tímum. Guð blessi ykkur öll.

**Inda Indriðadóttir**
**Felix Jósafatsson — Baldvina G. Valdimarsdóttir**
**Indriði Jósafatsson — Hrönn Helgadóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---



✝

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, systir, mágkona, amma og langamma,*

**Steinunn Jóhanna Hróbjartsdóttir**

Kambaseli 54, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 9. september. Útförin fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 19. september.

**Hróbjartur Jónatansson — Valgerður Jóhannesdóttir**
**Pjetur Einar Árnason — Unnur Björg Hansdóttir**
**Agnar Þór Árnason — Lára Ingólfsdóttir**
**Áslaug Árnadóttir — Sigurður Páll Harðarson**
**Luther C.A. Hróbjartsson — Kolbrún Helgadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Hjartkær sonur okkar, bróðir og unnusti,*

**Sverrir Franz Gunnarsson**

Birtingakvísl 14, Reykjavík,

sem lést mánudaginn 8. september síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Langholtskirkju föstudaginn 19. september kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Hjartaheill njóta þess.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Gunnar Kristján Sigmundsson**
**Guðný Sverrisdóttir**
**Ari Þór Gunnarsson**
**Vala Hrönn Guðmundsdóttir.**

---

✝



*Innilegar þakkir til allra þeirra, sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Sigurðar Kjartans Brynjólfssonar.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á deild 13E og gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut. Einnig færum við Karlakórnum Stefni og öðru tónlistarfólki þakkir fyrir tónlistarflutning við útförina sem og Frímúrarareglunni fyrir þeirra aðstoð.

**Einar Sigurðsson — Jarþrúður Guðnadóttir**
**Auður G. Sigurðardóttir — Frosti Richardsson**
**og barnabörn.**

---



✝

*Elskuleg eiginkona mín, mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,*

**Halla Kristrún Jakobsdóttir**

Seljalandi 7, Reykjavík,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sóltúni mánudaginn 8. september. Hún verður jarðsungin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 18. september kl. 13.00.

**Friðrik Eiríksson**
**Sigurborg Sigurbjarnadóttir — Pétur P. Johnson**
**Herdís Ólöf Friðriksdóttir — Guðmundur Þór Guðbrandsson**
**Jakob Sigurður Friðriksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Láru Petrínu Guðrúnu Bjarnadóttur**

Háaleitisbraut 155, Reykjavík.

**Birna María Eggertsdóttir**
**Ásta Lóa Eggertsdóttir**
**Ingigerður Eggertsdóttir**
**Unnur Eggertsdóttir — Hermann Arnviðarson**
**Gunnhildur Hrefna Eggertsdóttir — Óskar Þorsteinsson**
**Kolbrún Eggertsdóttir — Arnaldur F. Axfjörð**
**Pétur Eggert Eggertsson — Sigurborg Steingrímsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Móðir mín og frænka,*

**Þorbjörg Möller Leifs**

Hávallagötu 17, 101 Reykjavík,

lést á Droplaugarstöðum sunnudaginn 7. september. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni, þriðjudaginn 16. september kl. 15.00. Blóm vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vildu minnast hinnar látnu er bent á Geðhjálp eða aðrar líknarstofnanir.

**Leifur Leifs og frændsystkini.**

BS sjóður, kt. 580308-9960, hefur birt grunnlýsingu vegna töku víxla til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. Hver víxlaflokkur getur verið að hámarki 2.000.000.000 kr. að nafnverði. Nafnverðseiningar víxlanna eru 10.000.000 kr. Víxlarnir eru vaxtalausir og óverðtryggðir. Helstu upplýsingar um hvern víxlaflokk, sem fyrirhugað er að gefa út og óska eftir að teknir verði til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf., koma fram í neðangreindri útboðsáætlun:

| Auðkenni | Söludagur | Útgáfudagur | Gjalddagi | ISIN númer |
|---|---|---|---|---|
| BS 08 0919 | 13.06.2008 | 13.06.2008 | 19.09.2008 | IS0000017978 |
| BS 08 1218 | 17.09.2008 | 17.09.2008 | 18.12.2008 | IS0000018455 |
| BS 09 0116 | 15.10.2008 | 15.10.2008 | 16.01.2009 | IS0000018422 |
| BS 09 0217 | 12.11.2008 | 12.11.2008 | 17.02.2009 | IS0000018471 |
| BS 09 0317 | 16.12.2008 | 16.12.2008 | 17.03.2009 | IS0000018448 |
| BS 09 0415 | 14.01.2009 | 14.01.2009 | 15.04.2009 | IS0000018414 |
| BS 09 0518 | 13.02.2009 | 13.02.2009 | 18.05.2009 | IS0000018463 |
| BS 09 0617 | 13.03.2009 | 13.03.2009 | 17.06.2009 | IS0000018430 |
| BS 09 0715 | 13.04.2009 | 13.04.2009 | 15.07.2009 | IS0000018406 |

Grunnlýsingu er hægt að nálgast hjá útgefanda, BS sjóði, að Borgartúni 19, 105 Reykjavík, í eitt ár frá birtingu grunnlýsingar, og á heimasíðu útgefanda, www.kaupthing.is/samsettarafurdir.

BS sjóður er fagfjárfestasjóður sem rekinn er af Rekstrarfélagi Kaupþings banka hf. Umsjónaraðili töku víxlanna til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. er Kaupþing banki hf.

Þann 13. júní sl. voru útgefnir víxlar að fjárhæð 590.000.000 kr. að nafnverði í einum flokki (BS 08 0919) og verður sá víxlaflokkur tekinn til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. þann 17. september nk.

Reykjavík, 17. september 2008

KAUPÞING




**Hreinn sparnaður**




MOST TRUSTED BRAND 2008

best brands 2008 das deutsche markenranking

vilborga@centrum.is

Miele þvottavélar eru allar með íslensku stjórnborði, íslenskum leiðbeiningum, stóru hurðaopi og tuttugu ára endingu.

**Miele þvottavél verð frá kr.:**

**109.995**

**Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur**

**EIRVÍK** -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

# Kraftur slúðursins



NOKKUR ORÐ

Alma Guðmundsdóttir



Slúðurfréttir eru eitthvað sem almenningur virðist aldrei fá nóg af, hvort sem við viljum viðurkenna að við lesum þær eða ekki. Það er eins og frægar manneskjur geti lífgað upp á hversdaginn. Þeir sem ekki fara inn á sérstakar slúðursíður til að lesa um misfræga einstaklinga fá varla staðist freistinguna að lesa greinar netfréttamiðla með fyrirsögnum á borð við „Nös Kate Moss vekur athygli“ eða „Svitakirtlar Jennifer Lopez áhyggjuefni“ – mörgum, ef ekki flestum þykir það einfaldlega of forvitnilegt til að sleppa því.

Yfirleitt eru það fyrirsagnirnar sem fela eitthvað neikvætt í sér sem fólk virðist lesa hvað mest. Skemmst er að minnast ófara söngkonunnar Britney Spears sem var milli tannanna á fólki daglega þegar henni virtist líða sem verst. Sömu sögu er að segja af söngkonunni Amy Winehouse, sem er illa haldin af áfengis- og fíkniefnaneyslu, en myndir af henni „prýða“ blöð úti um allan heim.

Slúðursíður á borð við Perezhilton.com lifa góðu lífi og tæplega níu milljónir manna heimsækja hana daglega. Maðurinn á bak við síðuna, sjálfur Perez Hilton (réttu nafni Mario Armando Lavandeira) hefur fengið hlutverk í sjónvarpsþáttum, bíómynd og tónlistarmyndböndum í kjölfar vinsældanna og fyrir upprennandi stjörnur getur það skipt sköpum að ná hylli hans. Nú býður hann upp á áskrifarþjónustu vestanhafs þar sem fólk fær slúðurfréttirnar beint í æð með reglulegum símtölum. Það er erfitt að ímynda sér heim án slúðurfrétta - en er ekki full langt gengið að fá símtal frá ókunnugum aðila sem segir manni fréttir af fólki sem maður þekkir ekki neitt?

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Týr til Íslands

Færeyska rokksveitin Týr er væntanleg til Íslands fyrstu helgina í október og ætlar að spila á þrennum tónleikum í Reykjavík og á Akureyri. Þetta verður í fimmta skiptið sem sveitin kemur til landsins.

Sveitin hefur skapað sér sess fyrir að flytja ýmis þjóðleg kvæði og vísur frá Norðurlöndunum og setja þau í þungarokksbúning. Á nýjustu plötunni, sem heitir einfaldlega Land, flytja þeir íslenska lagið Ævi mín er eintómt hlaup eftir brennivíni, gamla vísu sem birtist í útgáfu frá kvæðamannafélaginu Iðunni.

Fyrstu tónleikar Týs hérlendis verða á Græna hattinum á Akureyri 3. október þar sem Hvanndalsbræður og Disturbing Boner verða á meðal gesta. Kvöldið eftir verður tónleikaveisla á Nasa þar sem Mammút og Severed Crotch troða einnig upp ásamt fleirum. Sunnudaginn 5. október spilar Týr síðan í Hellinum fyrir alla aldurshópa.

# Brúðguminn fer í forvalið

**Kvikmyndin Brúðguminn í leikstjórn Baltasars Kormáks var valin framlag Íslands til forvals Óskarsverðlaunanna um bestu erlendu myndina. Kosning meðal meðlima Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsverðlaunanna stóð yfir frá föstudegi til miðnættis á mánudaginn. Þetta er annað árið í röð sem mynd eftir Baltasar er valin í forvalið en í fyrra varð mynd hans Mýrin fyrir valinu. Þær myndir sem hlutu ekki náð fyrir augum dómnefndarinnar voru Heiðin, Skrapp út, Stóra planið og Sveitabrúðkaup. Tilnefningar til Óskarsverðlauna verða kynntar í Los Angeles 22. janúar á næsta ári og hátíðin sjálf fer fram mánuði síðar, 22. febrúar.**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 17. september**

### → Tónleikar

**21.00 Rokk&Ról, 08** Rokkabillyband Reykjavíkur heldur útgáfutónleika í Iðnó. Þar koma einnig fram Bjartmar Guðlaugsson og hljómsveitin Vax.

### → Fyrirlestrar

**12.00 Af hverju verða Íslendingar blindir?** Ársæll Már Arnarsson, lektor í sálfræði, flytur fyrirlestur í Sólborg, L 201, í Háskólanum á Akureyri.

### → Námskeið

**Ljósmyndaranámskeið** Leiðbeinandi er Pálmi Guðmundsson. Skráning er hafin á www.ljosmyndari.is.



### → Uppákomur

**Breiðholtsdagar** standa yfir til 21. september. Nánari upplýsingar má finna á www.breidholt.is.

### → Tónlist

**17.00 Háskólatónleikar** Iris Kramer hornleikari og Hrólfur Vagnsson harmonikkuleikari spila tangótónlist, djass og klassík. Kaffi Bifröst, Háskólinn á Bifröst.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

Er HREINT hjá þér?
Fagleg ræsting fyrirtækja og stofnana
Hreint RÆSTING
• Reykjavík • Akureyri • Selfossi
Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is

# Ósáttir við niðurhal

Rokksveitin Metallica, sem gaf fyrir skömmu út plötuna Death Magnetic, hætti við að veita sænska dagblaðinu Sydsvenskan viðtal eftir að hún komst að því að blaðamaður þess hefði hlaðið plötunni ólöglega niður af netinu.

Metallica höfðaði mál gegn fyrirtækinu Napster fyrir nokkrum árum og er þekkt fyrir að hafa horn í síðu þeirra sem hlaða tónlist ólöglega niður af netinu. Í dómi sem blaðamaðurinn skrifaði um plötuna viðurkenndi hann að hafa hlaðið niður breyttri útgáfu af plötunni af netinu og sagði hana betri en þá sem var gefin út. Þegar yfirmenn útgáfufyrirtækis Metallica komust að þessu afboðaði hljómsveitin viðtalið við dagblaðið undir eins. „Að sækja tónlist sem aðrir hafa hlaðið niður á netinu er ólöglegt. Punktur. Sú staðreynd að Sydsvenskan hafi innan sinna raða blaðamann sem hefur hlaðið niður tónlist ólöglega og minnist á það í plötudómnum er algjörlega óviðunandi,“ sagði forseti Universal Music í Svíþjóð.



**METALLICA** Hljómsveitin Metallica hætti við að veita sænska dagblaðinu Sydsvenskan viðtal.

# Syrgir félaga sinn

David Gilmour, gítarleikari Pink Floyd, syrgir mjög félaga sinn Richard Wright, sem lést fyrir skömmu úr krabbameini, 65 ára gamall. „Að mínu mati urðu öll bestu augnablik Pink Floyd til þegar hann var í mesta stuðinu,“ sagði Gilmour. „Enginn getur komið í stað Richards Wright. Hann var félagi minn í tónlistinni og vinur.“

Á meðal þekktustu laga sem Wright samdi með Pink Floyd voru Us and Them og The Great Gig in the Sky af plötunni The Dark Side of the Moon.

Wright spilaði á fyrstu plötu Pink Floyd, The Piper at the Gates of Dawn, árið 1967 ásamt Syd Barrett, Roger Waters og Nick Mason. Bæði Barrett og Waters hættu í sveitinni en hinir meðlimirnir héldu áfram að spila og gefa út plötur með gítarleikarann Dave Gilmour innanborðs. Árið 2005 kom Pink Floyd saman á ný í fyrsta sinn í 24 ár með Waters innanborðs á Live 8-tónleikunum.



**PINK FLOYD** Hljómborðsleikarinn Richard Wright er lengst til hægri á myndinni.

Ódýrast í heimi?

Athyglisverð verðkönnun!

Í þau 18 ár sem Body Shop hefur starfað á Íslandi höfum við lagt mikla áherslu á gæða vöru á sanngjörnu verði.
Ef borin eru saman verð á nokkrum vörutegundum í Body Shop verslunum í þeim löndum sem við ferðumst helst til er niðurstaðan eftirfarandi:

| | SPÁNN | DANMÖRK | ENGLAND | ÍSLAND |
|---|---|---|---|---|
| Body Butter | 2.142 kr. | 2.700 kr. | 2.010 kr. | 1.690 kr. |
| Body Scrub | 2.142 kr. | 2.880 kr. | 2.093 kr. | 1.890 kr. |
| Face & Body Brush | 2.276 kr. | 2.520 kr. | 2.345 kr. | 1.680 kr. |
| Bronzing Powder | 2.142 kr. | 2.250 kr. | 2.010 kr. | 1.560 kr. |
| All in one Face Base | 2.812 kr. | 2.880 kr. | 2.010 kr. | 1.890 kr. |
| samtals: | 11.514 kr. | 13.230 kr. | 10.468 kr. | 8.710 kr. |

Verð miðast við seðlagengi Glitnis 16. sept. 08.

THE BODY SHOP®

KRINGLUNNI, SMÁRALIND, AKUREYRI

# Stebbi Hilmars gerir jólaplötu

„Já, ég er að fara að gera jólaplötu og hún kemur út nú fyrir jól,“ segir Stefán Hilmarsson, söngvari Sálarinnar hans Jóns míns. Hann taldi sig ekki geta rætt plötuna frekar á þessum tímapunkti, enda verkið ekki komið mjög langt áleiðis, en sagði aðspurður að hið vinsæla lag „Jólahjól“ yrði ekki á plötunni.

Það er ekki bara til þessarar jólaplötu sem aðdáendur Sálarinnar geta farið að hlakka á þessu afmælisári sveitarinnar. Sálarkassarnir tveir sem komu út í vor voru bara byrjunin og nú er von á ýmsum glaðningi. Ber þar hæst heimildarmyndina Hér er draumurinn sem Jón Egill Bergþórsson gerir um hljómsveitina.

„Myndin verður í léttari kantinum með alls konar sögum úr bransanum,“ segir Jón Egill.


**EKKERT JÓLAHJÓL** Stefán Hilmarsson gerir jólaplötu.

„Myndin byggir á nýjum viðtölum við meðlimi sveitarinnar og alls konar fólk sem hefur komið við sögu bandsins. Svo er til mjög mikið af myndefni sem verður hrært saman við.“

Þrjár mislangar útgáfur af heimildarmyndinni verða gerðar. Fimmtíu mínútna útgáfa sem verður frumsýnd á Stöð 23. febrúar, 90 mínútna útgáfa sem fer í bíóhús um svipað leyti og tveggja og hálfs tíma útgáfa sem verður gefin út á DVD. Einnig er von á tvöfaldri safnplötu með Sálinni, svokallaðri „Best of“.

- drg

# Íslenskur Hendrix í Hafnarfirði

**Ágúst Örn Gústafsson gefur út sína fyrstu plötu og er spáð miklum frama.**

„Ég hef viljað vera í felum þangað til ég gæti kynnt mitt stöff almennilega, og nú er minn tími kominn,“ segir Ágúst Örn Gústafsson, sem fer fyrir tríóinu Story Teller, semur öll lög og texta, syngur og spilar á gítar. Fyrsta plata tríósins, Riding the Stars, er komin út hjá bandaríska útgáfufyrirtækinu RSI.

„Ég rakst nú bara á það á netinu að þeir væru að leita að böndum til að gefa út. Við vorum eina bandið sem þeir gerðu samning við en mér skilst að um 500 bönd hafi reynt að komast á samning, þar af nokkur íslensk. Þeir hafa mikla trú á okkur og spara ekki stóru orðin: Segja að ég sé Jimi Hendrix afturgenginn og að við verðum álíka mikil sprengja fyrir rokkið og þegar Nirvana kom fram. Ég veit það ekki, við látum bara verkin tala.“

Tónlist Story Teller er klassískt rokk í nýjum búningi. „Við erum í raun að gera svipaða hluti og Led Zeppelin gerðu, að þróa rokkblúsinn áfram og gera hann að dægurtónlist,“ segir Ágúst. Hann er 28 ára og frá Hafnarfirði. Hann segist lengi hafa verið að leita að réttum mönnum til að spila með og var meðal annars búinn að prófa hammondorgel-leikara og ryþmaparið úr Benny Crespo‘s Gang, en ekkert gekk fyrr en hann fór að spila með trommaranum Friðriki Jónassyni og bassaleikaranum Jóni Guðjónssyni. „Þetta er rosalega óeðlileg hljómsveit en hún svínvirkar,“ segir Ágúst. „Við erum af þremur kynslóðum. Jón er fimmtugur og hefur spilað í Stálfélaginu, Exizt og fleiri hljómsveitum en Friðrik er ekki nema 17 ára og algjört undrabarn.“


**ÞRIGGJA KYNSLÓÐA ROKKBAND** Búist er við stórum hlutum af Story Teller.

Platan var tekin upp í Flórída á þremur dögum og Ágúst segir margt fram undan, tónleikaferð um Bandaríkin og fleira. „Það er komið grænt ljós frá fleiri hundruð útvarpsstöðvum sem eru að fara að spila okkur og þetta lítur mjög vel út. Við erum reyndar lamaðir eins og er, trommarinn okkar ristarbrotnaði á bassatrommufætinum og losnar ekki við gifsið fyrr en 20. september. Þá förum við á fullt!“


**LÆTUR VERKIN TALA** Ágúst Örn gerir dægurtónlist úr rokkblús.

drgunni@frettabladid.is

# Skógafoss á plötu

Breski popparinn Mike Skinner, eða The Streets eins og hann kallar sig, gaf út þriðju plötuna sína, Everything is borrowed, í vikunni. Á plötuumslaginu er gullfalleg mynd af Skógafossi og er þetta í annað sinn, að minnsta kosti, sem íslenskur foss prýðir breskt plötuumslag. Síðast var það hljómsveitin Echo & The Bunnymen sem stóð við Gullfoss í klakaböndum á umslagi plötunnar Porcupine árið 1983.


**GULLFALLEGUR** Skógafoss.

# Radiohead taka upp

Hljómsveitin Radiohead er á leiðinni í hljóðver á nýjan leik til að leggja lokahönd á sína áttundu hljóðsversplötu. Innan við ár er liðið síðan síðasta plata hennar, In Rainbows, kom út.

„Við erum búnir með meirihlutann og erum á leiðinni til Japans í tvær vikur til að klára hana,“ sagði bassaleikarinn Colin Greenwood. Gítarleikarinn Ed O´Brien bætti við: „Við hættum í tónleikaferðinni til að geta samið lög og það gekk svo vel að við ákváðum að halda ótrauðir áfram.“


SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| JOURNEY 3D | DIGITAL-3D | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| DEATH RACE | | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| TROPIC THUNDER | | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| SVEITA BRÚÐKAUP | | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| DARK KNIGHT | | kl. 8:30 | 12 |
| DARK KNIGHT | | kl. 5:50 - 8:30 | VIP |
| THE MUMMY 3 | | kl. 6 | 12 |
| STAR WARS | | kl. 5:50 | L |
| WALL-E | m/íslensku tali | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| JOURNEY 3D | DIGITAL-3D | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | L |
| SMART PEOPLE | | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| DEATH RACE | | kl. 10:10 | 16 |
| GET SMART | | kl. 5:50 - 8 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| TROPIC THUNDER | kl. 8 | 16 |
| DEATH RACE | kl. 10:20 | 16 |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 8 | L |
| THE STRANGERS | kl. 10:20 | 16 |
| MAMMA MÍA | sýnd næst 19,20,21 sept. | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MIRRORS | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 8 | L |
| DEATH RACE | kl. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE ROCKER | kl. 8 | 7 |
| X-FILES | kl 10:10 | 16 |
| SKRAPP ÚT | kl. 8 | 12 |
| DECEPTION | kl. 10 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| MIRRORS | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| MIRRORS LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| STEP BROTHERS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| TROPIC THUNDER | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| MAKE IT HAPPEN | kl. 4 - 6 | L |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 4 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| TROPIC THUNDER | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| THE ROCKER | kl. 8 - 10.20 | 7 |
| MAKE IT HAPPEN | kl. 6 - 8 - 10.20 | L |
| SKRAPP ÚT | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 6 | L |

allar myndir - allar sýningar - alla daga

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| MIRRORS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| STEP BROTHERS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 10.15 | L |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| JOURNEY TO THE CENTER EKKI Í 3D | kl. 8 - 10 | L |
| STEP BROTHERS | kl. 8 | 12 |
| TROPIC THUNDER | kl. 10 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 6 | L |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 6 - 650 KR. | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| JOURNEY 3D - DIGITAL 3D | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| STEP BROTHERS | kl. 8 og 10 | 7 |
| GRÍSIRNIR ÞRÍR | kl. 4 og 6 | L |
| MAMMA MIA | kl. 4, 6.30 og 9 | L |

ALLTAF 750 kr. í bíó

ef þú borgar með KORTINU

Gildir í öllum kvikmyndahúsum Sambíóanna



Sæktu um á kaupthing.is/kortid

KAUPÞING Hugsum lengra

KORTIÐ

# Mjallhvít með plötu

Poppsveitin Hvar er Mjallhvít? hefur gefið út samnefnda plötu sem er sú fyrsta úr hennar herbúðum. Hljómsveitin, sem er úr Reykjavík, var stofnuð árið 2004 og hefur síðan þá látið til sína taka í ballbransanum.

„Við vorum að spila á jólaballi fatlaðra og kynntumst þá Rúnna Júl. Hann vildi gera eitthvað í alvörustúdíói með okkur,“ segja félagarnir Gunnar Leó Pálsson og Helgi Reynir Jónsson um tilurð plötunnar, sem er gefin út af Geimsteini, plötufyrirtæki Rúnars.

Platan var tekin upp að mestu „live“ og lauk upptökum á síðasta ári. Eftir það lagði Jon Ashley lokahönd á hana í Bretlandi, en hann hefur unnið fyrir þekkt nöfn á borð við Sex Pistols, Led Zeppelin, The Who og ABBA. Útgáfutónleikar Hvar er Mjallhvít? verða í Iðnó 9. október. - fb



**HVAR ER MJALLHVÍT?** Hljómsveitin Hvar er Mjallhvít? hefur gefið út sína fyrstu plötu.



Helga Haraldsdóttir, Jódís Káradóttir og Frank Hall voru ánægð á frumsýningunni.



Leikarinn Gunnar Eyjólfsson og óperustjórinn Stefán Baldursson voru mættir í Borgarleikhúsið.



Edda Þórarinsdóttir og Hrafnhildur Theodórsdóttir voru glaðar í bragði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Frumsýning á Fýsn

**Leikritið Fýsn, eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann, var frumsýnt í Borgarleikhúsinu síðastliðið föstudagskvöld. Verkið er sigurverk leikritasamkeppninnar „Sakamál á svið“ og jafnframt síðasti hlutinn í þríleik Þórdísar, sem hófst á verkunum Brotinu og Hungri.**

# Sólarmegin í lífinu

Brian Wilson hefur fengið uppreisn æru síðustu ár. Fyrst var það Pet Sounds sem hann flutti í heild sinni á nokkrum tónleikum í Evrópu árið 2002. Það tókst svo vel að næst var ráðist í að klára stórvirkið Smile sem Brian flutti á tónleikum og gaf svo út í fyrsta sinn á plötu 2004. Brian var búinn að semja töluvert af nýju efni þegar Royal Festival Hall í Lundúnum hafði samband við hann og bað hann um nýtt verk til flutnings síðasta haust. Brian tók þá þessi lög og melódíur sem hann hafði samið og notaði í verkið That Lucky Old Sun sem hann flutti á sex tónleikum í London í fyrra og nú er komið út á plötu. Brian naut við verkið aðstoðar meðspilara síns Scotts Bennett og Van Dyke Parks sem á heiðurinn að textunum sem eru lesnir yfir millispil á milli laga á plötunni.

Eins og nafnið gefur til kynna er That Lucky Old Sun óður til Kaliforníu. Kveikjan að verkinu var lagið That Lucky Old Sun frá 1949 sem meðal annars varð vinsælt í flutningi Louis Armstrong.

That Lucky Old Sun skiptist í 17 kafla, þar af eru tíu eiginleg lög. Verkið er í þessum sígilda Brian Wilson/Beach Boys-stíl með flottum raddsetningum, miklum útsetningum og tíðum kaflaskiptum. Það brýtur ekki blað í dag, en mikið helvíti er þetta samt flott tónlist. Brian getur greinilega enn mokað út listilega sömdum melódíum. Þó að That Lucky Old Sun sé minna verk heldur en Smile þá er samt hiklaust hægt að mæla með því fyrir alla þá sem féllu fyrir Pet Sounds og Smile. **Trausti Júlíusson**




**TÓNLIST**

**That Lucky Old Sun**

Brian Wilson

★★★★

Óður Brians Wilson til Kaliforníu er nýtt verk í ætt við Pet Sounds og Smile. Flott verk sem sýnir að hann getur enn mokað út listilega sömdum melódíum.







## >Ísland leikur gegn Möltu

Knattspyrnusamband Íslands tilkynnti í gær að karlalandslið Íslands í fótbolta muni leika vináttulandsleik gegn Möltu miðvikudaginn 19. nóvember. Leikurinn fer fram á Möltu og þar sem um svokallaðan alþjóðlegan leikdag er að ræða þá getur landsliðsþjálfarinn Ólafur Jóhannesson teflt fram sínum sterkustu leikmönnum. Íslenska landsliðið mætti Möltubúum síðast á æfingamóti á Möltu í byrjun febrúar á þessu ári og þá fóru heimamenn með 1-0 sigur af hólmi. Næstu leikir Íslands eru gegn Hollandi á útivelli 11. október og gegn Makedóníu á heimavelli 15. október í undankeppni HM 2010.



**sport**
sport@frettabladid.is

**VALSKONAN DÓRA MARÍA LÁRUSDÓTTIR:** VALIN BEST Í UMFERÐUM ÞRETTÁN TIL ÁTJÁN

# *Þetta hefur verið draumastaðan mín lengi*

Dóra María Lárusdóttir var í gær valin besti leikmaður umferða 13 til 18 í Landsbankadeild kvenna.
„Það er mjög gaman að fá svona viðurkenningar. Þetta kom á óvart en ég held samt að það hafi verið rétt að einhver í Val hlyti þessa viðurkenningu," sagði Dóra María sátt. Dóra María hefur spilað vel í sumar en hefur hreinlega blómstrað eftir að hún var færð af kantinuum inn á miðjuna.
„Ég byrjaði í þessari stöðu í fyrsta leik og hef síðan fengið að fara í hana undir lok leikja af og til. Svo var það bara ákvörðun þjálfaranna að prófa þetta og það hefur bara gengið vel síðan," segir Dóra María og það er óhætt að taka undir það því Valsliðið hefur unnið alla sex leikina síðan að Dóra María fór inn á miðjuna og hefur jafnframt skorað 45 mörk í þeim eða 7,5 að meðaltali í leik.
„Ég er miklu meira í boltanum og þetta hefur verið draumastaðan mín lengi. Mér finnst ég nýtast best í þessari stöðu," segir Dóra María sem skoraði 15 mörk í deildinni í sumar.
Elísabet Gunnarsdóttir og Freyr Alexandersson voru kosin bestu þjálfarar síðustu sex umferða í Landsbankadeildinni. Elísabet var sátt með verðlaunin og ekki síst frammistöðu sinna stelpna. „Það hefur verið erfitt að taka eina út af þeim Dóru Maríu, Margréti Láru og Sophiu," segir Elísabet en hún er sátt með Dóru Maríu.
„Dóra María er búin að toppa sína getu leik eftir leik í sumar. Hún er að skora mikið og hún er að skora mikilvæg mörk. Hún hefur verið að koma okkur yfir í mörgum leikjum. Hún er að skora mikilvægari mörk en hún hefur nokkurn tímann gert áður," segir Elísabet sem ætti að þekkja hana vel. „Ég er búin að þjálfa hana í heildina í þrettán ár og ég hef oft sagt það að hún sé hæfileikaríkasti leikmaður sem ég hef þjálfað. Hana hefur bara oft skort sjálfstraust og smá egó til að sýna hæfileika sína sem best. Mér finnst hún hins vegar hafa verið að gera það í sumar. Hún er eins og nýr leikmaður fyrir okkur í sumar," sagði Elísabet að lokum.



Titilvörn Manchester United í Meistaradeild Evrópu hefst í kvöld:

# Ronaldo líklega með United

**FÓTBOLTI** Cristiano Ronaldo snýr væntanlega aftur í búningi Man. Utd í kvöld er United tekur á móti Villareal í Meistaradeildinni.

Ronaldo hefur verið á sjúkralistanum síðustu tvo mánuði eftir að hafa farið í uppskurð á ökkla.

Upphaflega var ekki búist við honum fyrr en í lok október þannig að hann er fyrr á ferðinni en áætlað var.

„Hann hefur tekið stórkostlegum framförum síðustu vikur og nálgast að geta spilað fótbolta með aðalliðinu," sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, sem gætu hleypt Ronaldo snemma af stað í kvöld.

United verður þó klárlega án Michaels Carrick sem er meiddur og svo er Paul Scholes í banni. Dimitar Berbatov er þess utan tæpur.

Arsenal á erfiðan leik fyrir höndum í Kænugarði gegn Dynamo Kiev. Vafasamt er hvort Samir Nasri geti spilað vegna ökklameiðsla en Mikael Silvestre gæti snúið aftur. **- hbg**

### MEISTARADEILDIN

**Leikir kvöldsins:**

| | |
|---|---|
| E-riðill: | |
| Man. Utd-Villareal | Stöð 2 Sport |
| Celtic-Aab | |
| F-riðill: | |
| Steaua Búkarest-Bayern Munchen | |
| Lyon-Fiorentina | |
| G-riðill: | |
| Porto-Fenerbahce | |
| Dynamo Kiev-Arsenal | Sport 3 |
| H-riðill: | |
| Juventus-Zenit | Sport 4 |
| Real Madrid-Bate Borisov | |



**CRISTIANO RONALDO** Snýr væntanlega aftur á Old Trafford í kvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



**TVENNA** Steven Gerrard fagnar hér sigurmarki sínu gegn Marseille í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

# Óvænt í Róm

## Stórliðin Chelsea, Liverpool, Barcelona og Inter unnu öll sína leiki á opnunarkvöldi Meistaradeildarinnar en Rúmenarnir í CFR Cluj áttu lið kvöldsins.

**FÓTBOLTI** Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, bjargaði sínu liði enn á ný á opnunardegi Meistaradeildarinnar í gær þegar hann skoraði bæði mörkin í dýrmætum útisigri í Marseille. Lið kvöldsins kom þó frá Rúmeníu því CFR Cluj tók sig til og vann Roma á Ólympíuleikvanginum í Róm en þetta var fyrsti Meistaradeildar leikur félagsins.

Það byrjaði ekki vel hjá Liverpool í Marseille þegar Lorik Cana lék á rangstöðutaktík Liverpool á 23. mínútu og kom franska liðinu yfir. Steven Gerrard var hins vegar fljótur að jafna með stórkostlegu marki með langskoti þremur mínútum síðar. Gerrard skoraði síðan sigurmarkið úr tvítekinni vítaspyrnu á 32. mínútu eftir að Ryan Babel hafði verið felldur. Babel fékk fjölda færa til að skora fleiri mörk fyrir Liverpool en undir lokin gat Liverpool þakkað markverði sínum Pepe Reina að stigin þrjú fóru með til Englands.

„Við spiluðum vel í fyrri hálfleik en í þeim seinni duttum við of aftarlega og þeir náðu upp góðri pressu. Aðalhetjur liðsins voru Reina markvörður og öll varnarlínan," sagði Gerrard eftir leikinn. Gerrard vildi ekki láta mikið með fyrra markið sitt en stjórinn Rafael Benitez hrósaði honum í hástert. „Þetta var frábært mark sem sýnir yfir hvers konar hæfileikum hann býr," sagði Benitez sem var ekki alltof ánægður með leik sinna manna en sagði sigurinn vera gríðarlega mikilvægan.

Chelsea fór létt með Bordeaux, Frank Lampard og Joe Cole skoruðu skallamörk í fyrri hálfleik og Frakkarnir Florent Malouda og Nicolas Anelka bættu síðan við mörkum í seinni hálfleiknum.

„Við byrjuðum vel sem er bæting frá því í fyrra þegar við lentum í vandræðum eftir að hafa byrjað illa," sagði Frank Lampard eftir leik.

Óvæntustu úrslit kvöldsins og hugsanlega ein sú óvæntustu í sögu keppninnar komu á Ólympíuleikvanginum í Róm. Argentínumaðurinn Juan Culio var hetja rúmenska liðsins CFR Cluj þegar hann skoraði sitt hvoru megin við hálfleikinn eftir að Christian Panucci hafði komið Roma yfir á 17. mínútu.

Hinir nýliðarnir í kýpverska liðinu Anorthosis Famagusta náðu einnig góðum úrslitum þegar þeir gerðu markalaust jafntefli við þýska liðið Werder Bremen á útivelli.

Það voru fleiri Argentínumenn sem voru í stuði í gær því Sergio Aguero skoraði tvö mörk í fyrri hálfleik í 3-0 útisigri Atletico Madrid á PSV Eindhoven en þetta var fyrsti Meistaradeildarleikur félagsins í ellefu ár.

Eiður Smári Guðjohnsen sat allan tímann á bekknum í 3-1 sigri Barceolona á Sporting Lissabon. Barca hafði aðeins skorað eitt mark í síðustu þremur leikjum en nú var allt annað að ská liðið.

ooj@frettabladid.is

### ÚRSLITIN Í GÆR

| | |
|---|---|
| **Meistaradeild A-riðill** | |
| Chelsea-Bordeaux | 4-0 |
| 1-0 Frank Lampard (14.), 2-0 Joe Cole (30.), 3-0 Florent Malouda (82.), 4-0 Nicolas Anelka (90.). | |
| Roma-Cluj | 1-2 |
| 1-0 Christian Panucci (17.), 1-1 Emmanuel Culio (28.), 1-2 Emmanuel Culio (49.). | |
| **Meistaradeild B-riðill** | |
| Werder Bremen-Famagusta | 0-0 |
| Panathinaikos-Inter | 0-2 |
| 0-1 Alessandro Mancini (27.), 0-2 Adriano (85.). | |
| **Meistaradeild C-riðill** | |
| Barcelona-Sporting | 3-1 |
| 1-0 Rafael MÃirquez (21.), 2-0 Samuel Eto'o (60.), 2-1 Tonel (72.), 3-1 Xavi (87.). | |
| Basel-Shakhtar Donetsk | 1-2 |
| 0-1 Fernandinho (25.), 0-2 Jadson (46.), 1-2 David Abraham (90.). | |
| **Meistaradeild D-riðill** | |
| PSV Eindhoven-Atlético Madrid | 0-3 |
| 0-1 Sergio Aguero (9.), 0-2 Sergio Aguero (36.), 0-3 Maniche (54.) | |
| Marseille-Liverpool | 1-2 |
| 1-0 Lorik Cana (23.), 1-1 Steven Gerrard (26.), 1-2 Steven Gerrard (32.). | |

LJÓSAKVÖLD Í LAUGARDAL
FRAM - FH
Miðvikudagurinn 17. september
Kl. 21:10
LANDSBANKA DEILDIN



Slippfélagið
GEVALIA Það er kaffið
TM
errea

Ísland mætir Svartfjallalandi í kvöld í síðasta heimaleiknum í Evrópukeppninni:

# Með fjóra sem voru valdir í NBA

**KÖRFUBOLTI** Íslenska karlalandsliðið mætir Svartfjallalandi í Laugardalshöllinni í kvöld í þriðja leik sínum í b-deild Evrópukeppninnar en leikurinn hefst klukkan 19.15. Þetta verður seinni heimaleikur liðsins í keppninni en það vann Danmörku 77-71 í fyrsta heimaleiknum fyrir viku. Lið Svartfjallalands er gríðarlega sterkt og í liðinu eru fjórir leikmenn sem voru valdir í nýliðavali NBA.

Nikola Pekovic er aðalstjarna liðsins í dag en hann er nýbúinn að gera þriggja ára samningu við gríska liðið Panathinaikos. Hann var valinn númer 31 af Minnesota Timberwolves í nýliðavali NBA-deildarinnar í sumar.



**ÖFLUGUR** Nikola Pekovic er einn besti miðherji Evrópu. NORDICPHOTOS/AFP

Predrag Drobnjak er gamalreyndur kappi sem varð meðal annars tvisvar sinnum heimsmeistari með Júgóslavíu á sínum tíma. Drobnjak var valinn af Washington Bullets í nýliðavali NBA sumarið 1997 og lék alls í fjögur tímabil í deildinni með Seattle, Los Angeles Clippers og Atlanta.

Þriðji leikmaðurinn í liðinu með tengingu við NBA er bandaríski leikstjórnandinn Omar Cook sem nýlega fékk ríkisfang í Svartfjallalandi. Cook blómstraði í St. John-háskólanum áður en hann var valinn inn í NBA-deildina af Orlando Magic.

Fjórði leikmaðurinn sem var valinn í NBA er Slavko Vranes sem er 229 cm miðherji sem var valinn af New York Knicks 2003 en lék aðeins einn leik í NBA.

Tíu af tólf leikmönnum liðsins spila utan Svartfjallands, á Spáni (2), í Grikklandi (2), í Frakklandi, Rússlandi, Tyrklandi, Úkraínu, Serbíu og Slóveníu. **- óój**



**FIMMTÁN MÖRK** Guðmundur Steinarsson, fyrirliði toppliðs Keflavíkur, hefur verið sjóðheitur fyrir framan markið í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Guðmundur Steinarsson, fyrirliði toppliðs Keflavíkur:

# Búinn að skora í sjö síðustu leikjum

**FÓTBOLTI** Guðmundur Steinarsson, fyrirliði Keflavíkur, hefur verið lykilmaður á bak við frábæran endasprett liðsins í Landsbankadeild karla en liðið hefur náð í 17 af 21 mögulegu stigi í síðustu sjö leikjum og hefur ennfremur ekki tapað leik síðan 23. júní.

Guðmundur hefur nú skorað í sjö leikjum í röð og átti þátt í marki að auki í síðustu sex leikjum. Guðmundur skoraði jöfnunarmark Keflavíkur gegn Fjölni um helgina og lagði síðan upp sigurmarkið fyrir Jóhann Birni Guðmundsson.

Guðmundur er sem stendur markahæsti leikmaður Landsbankadeildar karla með fimmtán mörk eða tveimur mörkum meira en Björgólfur Takefusa sem kemur næst. Guðmundur hefur komið með beinum hætti að 24 mörkum Keflavíkur í sumar eða helmingi marka liðsins á tímabilinu, en ekkert lið hefur skorað fleiri mörk í Landsbankadeildinni en lið Keflavíkur.

Guðmundur getur bætt árangur Björgólfs skori hann gegn Breiðabliki í dag því Björgólfur náði því að skora í sjö deildarleikjum í röð fyrr í sumar eða í öllum deildarleikjum Vesturbæjarliðsins frá lokum maí fram til 10. júlí. Guðmundur hefur skorað í öllum deildarleikjum Keflavíkur frá og með 28. júlí en síðasti markvörðurinn til að ná að halda hreinu gegn honum var markvörður Vals, Kjartan Sturluson. Það var þá fjórði leikurinn í röð þar sem Guðmundur náði ekki að skora en hann hafði gert sjö mörk í fyrstu átta leikjum liðsins.

Keflavíkurliðið spilar á heimavelli í dag og það ætti ekki að spilla fyrir líkunum á því að Guðmundur finni netmöskvana því hann er búinn að skora í átta af níu heimaleikjum liðsins í Landsbankadeildinni í sumar eða samtals tíu mörk. Eini heimaleikurinn sem Guðmundur náði ekki að skora í var á móti FH 6. júlí síðastliðinn en þá var það Magnús Þorsteinsson sem tryggði liðinu 1-0 sigur með marki í uppbótartíma. **- óój**

**MÖRK GUÐMUNDAR Í SÍÐUSTU SJÖ LEIKJUM:**

| | |
|---|---|
| 28. júlí Fylkir (úti) | 2 mörk |
| 6. ágúst HK (heima) | 1 mark |
| 11. ágúst ÍA (úti) | 1 mark |
| 17. ágúst Þróttur (heima) | 1 mark |
| 24. ágúst KR (úti) | 1 mark |
| 31. ágúst Grindavík (heima) | 1 mark |
| 14. september Fjölnir (úti) | 1 mark |

Toppbarátta Landsbankadeildar karla í kvöld:

# FH-leikurinn hefst fjórum tímum síðar

**FÓTBOLTI** Toppliðin Keflavík og FH verða bæði í eldlínunni í Landsbankadeild karla í dag. Keflvíkingar taka á móti Breiðabliki og hefst sá leikur klukkan 17.15 en klukkan 21.10 hefst síðan leikur Fram og FH á Laugardalsvellinum.

Það er nokkuð óvenjulegur tími en orsakast af því að Meistaradeildin er í gangi þetta kvöld og leikurinn verður sýndur í beinni á Sýn strax eftir að umfjöllun stöðvarinnar um Meistaradeildina lýkur. Þetta þýðir það að FH-ingar vita stöðu mála þegar þeir ganga út á Laugardalsvöllinn í kvöld.

Fyrir leiki kvöldsins munar fimm stigum á Keflavík og FH en Hafnarfjarðarliðið á leik til góða á móti Blikum á heimavelli. Það gætu því vissulega orðið tímamót í titilbaráttunni í Keflavík eða á Laugardalsvellinum í kvöld. **- óój**



**SPENNANDI KVÖLD** Heimir Guðjónsson, þjálfari FH. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# Glímutök geðsjúkdóma á aðstandendum

Fundur um málefni aðstandenda geðsjúkra

***18. september** á Grand Hótel Reykjavík **kl. 19:00-20:30** í samvinnu AstraZeneca, Geðhjálpar og Geðsviðs LSH.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson** *heilbrigðisráðherra* setur fundinn.
**Fundarstjóri:** Þórgunnur Ársælsdóttir, *geðlæknir*.

**18:30-19:00** Hressing og skráning.

**Fyrirlesarar:**
**19:00-19:40** Pete Earley, aðstandandi og höfundur bókarinnar *CRAZY: a Father´s Search Through America´s Mental Health Madness* sem tilnefnd var til Pulitzer bókmenntaverðlaunanna 2007.
**19:40-19:55** *Rebbi og græni frakkinn* - ætluð börnum geðsjúkra.
**19:55-20:15** Hulda Dóra Styrmisdóttir, aðstandandi: „Hafa skal það sem betra reynist"
**20:15-20:30** Samantekt/Umræður

**Skráning á fund:**
Katrín Sveinsdóttir sími 535-7186
katrin@veritascapital.is
í síðasta lagi fyrir 17. sept.

AstraZeneca annt um líf og líðan
GEÐHJÁLP
LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

# WEST HAM EVERTON

7.–9. NÓVEMBER

+ Nánari upplýsingar: www.icelandair.is/ithrottaferdir

Verð á mann í tvíbýli frá **57.900 KR.**

Icelandair er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjölmargir leikir framundan, s.s. á móti Portsmouth, Tottenham og Aston Villa.

WWW.ICELANDAIR.IS

# dagskrá



## > Drew Barrymore

„Hamingja gerir mann fallegan. Vissulega er gaman að horfa á fólk sem er fallegt en hamingjusamt fólk gefur frá sér fegurð sem smitast út í umhverfið og það finnst mér fallegast." Barrymore leikur í myndinni Music and Lyrics sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

**VIÐ TÆKIÐ** PÁLL BALDVIN BALDVINSSON HUGSAR UM FRÉTTASTJÓRA

# *Stórlega ofmetin stétt*

Það er ráðið og rekið í fréttastjóra sjónvarpsstöðvanna þessa sólarhringana. „Nú kom í ljós hver var duglegasta rasssleikjan," hvíslaði einn starfsmaður RÚV í eyra mitt í heita pottinum í eftirmiðdaginn í gær. „Og hverjum finnst tungan góð."

Af mínum kynnum eru fréttastjórar sjónvarpsstöðva ofmetið fyrirbæri. Flestir þeirra voru upphaflega sæmilega góðir í að lesa upphátt af talvél þokkalega beinir í baki, sem sagt þulur á ofurlaunum. Sá reyndasti þeirra, sem er enn að, hélt því fram að maður gæti ekki orðið langlífur í starfi þular nema það væri langt á milli augnanna á manni. Þetta sagði hann byggt á vísindalegum rannsóknum. Ekki skipti því máli hvort menn hafi eitthvað á milli eyrnanna heldur eitthvað á milli augnanna. Þeir þurftu ekki einu sinni að vera sæmilega læsir eins og mismælasúpur í öðrum stóra fréttatímanum reglulega undanfarin ár hafa sýnt. Þá þurftu menn bara að hafa góð tengsl við eitthvert sjálfstæðisfélagið.

Í eina tíð voru það vaktstjórar sem keyrðu fram fréttirnar, sáu til þess að mannskapurinn vann. Sumir gerðu það alltaf, aðrir sjaldnast. Letihaugar geta verið á fréttastofum sjónvarpsstöðva eins og annars staðar.

En nú verður allt til breytings: Óðinn og Óskar teknir við og verður gaman fyrir okkur að fylgjast með hvernig tónninn í fréttunum breytist.



## EKKI MISSA AF



▶ **18.30 Man. Utd. - Villareal**
BEINT STÖÐ 2 SPORT



▶ **21.00 Britain's Next Top Model**
SKJÁREINN



▶ **21.05 Hotel Babylon**
STÖÐ 2



▶ **21.15 Heimkoman (October Road II)**
SJÓNVARPIÐ



▶ **21.15 Skins** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.00 Út og suður** (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin**
**17.55 Gurra grís**
**18.00 Disneystundin** Nýi skólinn keisarans, Sígildar teiknimyndir, Fínni kostur.
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Afríka heillar** (Wild at Heart II) (6:10) Breskur myndaflokkur um hjón sem búa ásamt börnum sínum innan um villidýr á sléttum Afríku.
**20.50 Hvaða Samantha?** (Samantha Who?) (7:15) Bandarísk gamanþáttaröð um unga konu sem þjáist af minnisleysi.
▶**21.15 Heimkoman** (October Road II) (9:19) Bandarísk þáttaröð um ungan skáldsagnahöfund sem snýr aftur í heimahagana til að styrkja böndin við vini og vandamenn.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Kiljan** Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**23.10 Tónleikarnir** (A Mighty Wind) Bandarísk bíómynd frá 2003. Myndin er í heimildamyndastíl og segir frá þjóðlagatónlistarmönnum sem halda tónleika í New York til minningar um nýlátinn umboðsmann.
**00.40 Kastljós** (e)
**01.10 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Charlie and the Chocolate Factory**
**10.00 La vie aprés l'amour**
**12.00 Music and Lyrics**
**14.00 Beauty Shop**
**16.00 Charlie and the Chocolate Factory**
**18.00 La vie aprés l'amour**
**20.00 Music and Lyrics** Rómantísk gamanmynd með Hugh Grant og Drew Barrymore í aðalhlutverkum.
**22.00 Waiting**
**00.00 American Pie Presents Band Camp**
**02.00 The Descent**
**04.00 Waiting**
**06.00 Lady in the Water**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Sylvester og Tweety, Ben 10 og Kalli kanína og félagar.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (150:300)
**10.15 Missing** (14:19)
**11.10 60 minutes**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.35 Neighbours**
**13.00 Sisters** (7:28)
**13.45 Grey's Anatomy** (35:36)
**14.30 E.R.** (2:25)
**15.25 Friends** (11:23)
**15.55 Skrímslaspilið**
**16.18 BeyBlade**
**16.43 Tommi og Jenni**
**17.08 Ruff's Patch**
**17.18 Gulla og grænjaxlarnir**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.15 Víkingalottó**
**19.20 Veður**
**19.30 The Simpsons 9**
**19.55 Friends 3** (5:25)
**20.20 Project Runway** (3:15)
▶**21.05 Hotel Babylon** (6:8) Charlie Edwards er hótelstjóri á hóteli fína og fræga fólksins í London og sér til þess hvern dag að starfsfólkið hafi hugann við það þrennt sem öllu máli skiptir, þjónustu, þagmælsku og þjórfé.
**22.00 Ghost Whisperer** (44:44) Melinda á erfitt með að lifa venjulegu lífi þar sem hún þarf stöðugt að takast á við drauga sem birtast henni.
**22.45 The Complete Guide To Parenting** (5:6)
**23.10 Grey's Anatomy** (36:36)
**23.55 The Tudors** (7:10)
**00.50 E.R.** (2:25)
**01.35 Women's Murder Club** (13:13)
**02.20 Crossing Jordan** (12:21)
**03.05 New Suit**
**04.35 Pushing Daisies** (3:9)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeildin - Meistaramörk**
**07.40 Meistaradeildin - Meistaramörk**
**08.20 Meistaradeildin - Meistaramörk**
**09.00 Meistaradeildin - Meistaramörk**
**14.55 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
**16.35 Meistaradeildin - Meistaramörk**
**17.15 Spænsku mörkin**
**18.00 Meistaradeildin - Upphitun**
▶**18.30 Meistaradeild Evrópu** Bein útsending frá leik Man. Utd og Villareal í Meistaradeild Evrópu. Sport 3. Dinamo Kiev - Arsenal Sport 4. Juventus - Zenit
**20.40 Meistaradeildin - Meistaramörk**
**21.05 Landsbankadeildin 2008** Bein útsending frá leik Fram og FH í Landsbankadeild karla í knattspyrnu.
**23.15 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Dynamo Kiev í Meistaradeild Evrópu.
**01.05 Meistaradeild Evrópu** Juventus - Zenit.
**02.55 Meistaradeildin - Meistaramörk** Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð úr Meistaradeild Evrópu.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.50 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Fulham og Bolton í ensku úrvalsdeildinni.
**18.30 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**19.00 Coca Cola-mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaþætti.
**19.30 English Premier League**
**20.25 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.
**21.45 Leikur vikunnar**
**23.25 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Liverpool og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.45 Vörutorg**
**17.45 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
**18.30 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**19.20 Design Star** (e)
**20.10 Kitchen Nightmares** (4:10) Gordon Ramsey heimsækir ítalskan veitingastað í miklum vandræðum. Ungur eigandinn og starfsfólkið vill bara leika sér og það tekur óratíma að fá matinn afgreiddan. Risastórir skammtar þýða að kostnaðurinn rýkur upp úr öllu valdi. Gordon Ramsey þarf að sannfæra þetta partílið um að það sé kominn tími til að þroskast.
▶**21.00 Britain's Next Top Model** (11:12) Bresk raunveruleikasería þar sem leitað er að efnilegum fyrirsætum. Stúlkurnar koma til Suður-Afríku þar sem þeirra bíður spennandi verkefni. Huggy annast ljósmyndatökuna þar sem stúlkurnar þurfa að standa sig í stykkinu á myndum með Zulu-stríðsmönnum. Í lok þáttarins er ein stúlka send heim.
**21.50 Sexual Healing - Lokaþáttur** Í þessari þáttaröð fá áhorfendur að fylgjast með dr. Lauru Berman hjálpa pörum sem komin eru í kynlífskrísu. Þátttakendurnir kynnast dýpri og innilegri samskiptum en áður. Í hverjum þætti kynnumst við þremur pörum og fylgst er með þeim í ráðgjöfinni og hvernig þeim gengur að framkvæma „heimaverkefnin" sem þeim eru sett fyrir.
**22.50 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.40 Friday Night Lights** (e)
**00.30 Eureka** (e)
**01.20 Vörutorg**
**02.20 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að Norðan** Endurtekið á klukkutíma fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.20**

### Project Runway

Vinsælasti og besti tískuraunveruleikaþátturinn í Bandaríkjunum. Ofurfyrirsætan Heidi Klum og tískugúrúinn Tim Gunn stjórna hörkuspennandi tískuhönnunarkeppni þar sem markmiðið er að uppgötva næsta snilling í heimi hátískunnar. Ungir og upprennandi fatahönnuðir mæta til leiks og takast á við fjölbreyttar áskoranir þar til aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari.



## VIÐ MÆLUM MEÐ

**Kiljan**

**Sjónvarpið kl. 22.25**

Bókaþátturinn Kiljan hefst aftur í kvöld og verður á miðvikudagskvöldum í vetur. Eins og fyrr er Egill Helgason umsjónarmaður og Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson álitsgjafar þáttarins auk þess sem Bragi Kristjónsson bókakaupmaður segir frá forvitnilegum bókum.




## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Heimur óperunnar
**15.03** Útvarpssagan: Dyr standa opnar
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Þýtt, skráð og skáldað
**23.10** Heimsmynd á Húsavík
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (17:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

**16.30 Hollyoaks** (18:260)

**17.00 Seinfeld** (17:24)

**17.30 Special Unit 2** (16:19)

**18.15 Skins** (3:10)

**19.00 Hollyoaks** (17:260)

**19.30 Hollyoaks** (18:260)

**20.00 Seinfeld** (17:24)

**20.30 Special Unit 2** (16:19) Gamansamir bandarískir spennuþættir.

▶**21.15 Skins** (3:10) Önnur þáttaröð þessara geysivinsælu en átakanlegu bresku þátta.

**22.00 Chuck** (3:13) Chuck Bartowski lifir frekar óspennandi lífi allt þar til hann opnar tölvupóst sem matar hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.

**22.45 Terminator: The Sarah Connor Chronicles** (1:9) Sarah Connor og sonur hennar John eru á stöðugum flótta undan valdagráðugum vélmennum framtíðarinnar. Þau hafa verið forrituð til þess að koma syninum, sjálfum byltingar- og frelsisleiðtoga framtíðarinnar, fyrir kattarnef og afstýra þar með uppreisn mannkynsins gegn vélakyninu.

**23.30 Twenty Four 3** (17:24)

**00.15 Myndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Vangaveltur** Umsjón: Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir.

**21.00 Sveitapólík** Valdemar K. T. Ásgeirsson bóndi á Auðkúlu tjáir sig um málefni bænda.

**21.30 Jón Kristinn** Umsjón: Jón Kristinn Snæhólm. Hann fær til sín góðan gest.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Kontant **10.35** Aftenshowet **11.00** Aftenshowet 2. del **11.25** Grøn glæde **11.50** Ha' det godt **12.20** Hammerslag **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.35** Pigebandet Frank **14.00** Pigerne Mod Drengene **14.30** Hannah Montana **14.55** Svampebob Firkant **15.20** Grumme historier om grusomme børn **15.30** Skæg med tal **15.55** Gurli Gris **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Tæt på. Hurtigløber uden ben **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt med Paralympiske Lege **20.05** En sag for Frost **21.20** OBS **21.25** Onsdags Lotto **21.30** Seinfeld **21.55** Den menneskelige zoo

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Med hjartet på rette staden **11.00** NRK nyheter **11.05** Jessica Fletcher **12.00** NRK nyheter **12.05** Niklas' mat **12.30** ,Allo, ,Allo! **13.00** NRK nyheter **13.01** Utfordringen **13.30** Dracula junior **14.01** NRK nyheter **14.10** Hannah Montana **14.35** Edgar og Ellen **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Uventet besøk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Rupert Bjørn **16.10** Ugler i mosen **16.30** Lure Lucy **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspektørene **17.55** Tingenes tilstand **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** House **20.30** Migrapolis. Forbudt kjærlighet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Stavanger - Europeisk kulturhovedstad 2008 **21.45** The Wire **22.40** Plutselig rik **23.10** Kulturnytt

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Bostad sökes **11.20** Eternal Sunshine of the Spotless Mind **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hannah Montana **14.30** Mega **15.00** Charlie och Lola **15.10** Dra mig baklänges **15.25** Den itusågade kaninen **15.40** Hemska Henry **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Plus **19.30** Carin **21.30** **20.00** Paralympics 2008 **20.30** Tell me You Love me **21.20** Kulturnyheterna **21.35** Väsenpumpen **22.35** Svensson, Svensson **23.05** Sändningar från SVT24




## MORGUNMATURINN



*„Ég er nýbúin að venja mig á að borða morgunmat og er að vinna með snilldar ab-mjólk-urhristing sem ég bý til með frosnum berjum, múslí og einni skeið af sykurlausri sultu. Svo fæ ég mér rótsterkt kaffi og þá er ég tilbúin í átökin.“*

Elsa María Jakobsdóttir sjónvarpskona.



**LÁRÉTT:** 2. fjötur, **6.** í röð, **8.** fley, **9.** illæri, **11.** bókstafur, **12.** óbundið mál, **14.** púla, **16.** í röð, **17.** bókstafur, **18.** ennþá, **20.** óhreinindi, **21.** góð einkunn.

**LÓÐRÉTT:** 1. stórgerð jökulrák, **3.** frá, **4.** stjónmálastefna, **5.** viður, **7.** biðja innilega, **10.** sefa, **13.** gerast, **15.** formóðir, **16.** hugur, **19.** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** haft, **6.** rs, **8.** far, **9.** óár, **11.** sé, **12.** prósi, **14.** baksa, **16.** þæ, **17.** emm, **18.** enn, **20.** ím, **21.** land. **LÓÐRÉTT: 1.** gróp, **3.** af, **4.** fasismi, **5.** tré, **7.** sárbæna, **10.** róa, **13.** ske, **15.** amma, **16.** þel, **19.** nn.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1 Guðmundar Gunnarssonar.

2 Jóhannes Eidesgaard.

3 Þórarinn Ingi Jónsson.

Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

ÍSLAGNIR
Löggildir rafverktakar
Rafmagnsvandamál
Talaðu þá við okkur
Uppl. síma
8604507 / 8494007
islagnir@islagnir.is
www.islagnir.is

# Landsþekktir leikarar í „human tetris“

„Þetta verður skemmtiþáttur með símaveri og öllu tilheyrandi,“ segir Jóhannes Ásbjörnsson um landssöfnunina Mænan er ráðgáta sem verður í opinni dagskrá næstkomandi föstudagskvöld á Stöð 2. Mænuskaðastofnun Íslands efnir til fjáröflunarinnar og mun allur ágóðinn renna til rannsókna og tilraunameðferða á mænuskaða.

„Það verður sent út frá World Class í Laugum og við Simmi munum leiða dagskrána í gegn,“ útskýrir Jóhannes, en Simmi og Jói hafa ekki komið fram sem sjónvarpskynnar frá því að síðustu Idol-þáttaröð lauk árið 2006. „Það verður mikil skemmtidagskrá þar sem Stefán Hilmarsson, Nýdönsk, Diddú og Páll Óskar munu meðal annars koma fram. Dansarar sýna listir sínar og íþróttastjörnur verða á hlaupabrettunum til að hvetja fólk til þess að leggja sitt af mörkum. Edda Andrésar og Logi Bergmann munu vera með sófaviðtöl þar sem Vigdís Finnbogadóttir verður meðal viðmælenda og Jón Ársæll mun taka viðtöl við fólk sem hefur reynslu af mænuskaða,“ segir Jóhannes.

Einn óvenjulegur liður verður á dagskrá sem nefnist Hola í vegg, en er betur þekktur sem „human tetris“ í Japan og víðar. „Leikararnir Bryndís Ásmundsdóttir, Ilmur Kristjánsdóttir, Felix Bergsson og Jóhann G. Jóhannsson munu keppa í leiknum sem felst í því að veggur með mismunandi löguðum holum kemur á móti þeim og þau þurfa að koma sér í vissar stellingar til að komast í gegnum vegginn, annars detta þau ofan í sundlaug,“ segir Jóhannes. **- ag**



**AFTUR Á SKJÁINN** Simmi og Jói verða kynnar landssöfnunarinnar „Mænan er ráðgáta,“ en auk söfnunarinnar verður mikil skemmtidagskrá og fjórir leikarar munu keppa í svokölluðu „human tetris.“




**JÓI BAKK OG DÓRI TJAKKUR** Búa sig nú undir trukkadaginn en á laugardagskvöld koma vörubílstjórar saman, fara í sjómann og krók og gera sér glaðan dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

DÓRI TJAKKUR: FULLKOMIÐ LAUNAJAFNFRÉTTI HJÁ TRUKKABÍLSTJÓRUM

# ÞÚSUND TRUKKABÍLSTJÓRAR GERA SÉR GLAÐAN DAG

„Vörubílstjórar og stelpur. Ekki gleyma því. Þetta er eina stéttin þar sem ríkir fullkomið launajafnrétti,“ segir Halldór Jónsson eða vörubílstjórinn Dóri tjakkur. Trukkakvöld Dóra tjakks verður haldið hátíðlegt á laugardagskvöldið á Players. Dóri, sem keyrt hefur vörubíl í 35 ár, segir að það hafi dæmst á sig í tímans rás að halda utan um gleðina sem hefur verið haldin í 15 ár. Byrjaði smátt en hefur undið upp á sig. „Við rennum blint í sjóinn með þetta en það hefur verið troðfullt hjá okkur.“

Hægri hönd Dóra í skemmtanahaldinu er Jói Bakk eða Jóhannes Bachmann. Hann segir að búast megi við 8 til 12 hundruð manns. Gríðarleg stemning er fyrir skemmtuninni og segir Jói að þá sé farið í sjómann og farið í krók. „Já, taka aðeins á því. En það eru aldrei áflog. Allt er þetta á jákvæðum og skemmtilegum nótum. Menn eru að flauta sig saman þessa dagana og skipuleggja þetta í gegnum talstöðvarnar,“ segir Jói. Og vekur athygli á því að í fyrra, þegar vörubílstjórar komu saman, þá hafi það verið eina kvöldið á Players sem þurfti að slökkva á bjórdælunum og kæla þær niður með klökum til að hægt væri að halda áfram að dæla. Slíkt var álagið.

Á laugardeginum koma svo vörubílstjórar saman á malarplaninu fyrir ofan Smáralind en Dóri tjakkur, sem er annálað snyrtimenni og er bíll hans ætíð nýbónaður, segir nokkurn meting meðal bílstjóra. „Hvað, kallarðu þetta vél? Kemst þetta eitthvað áfram?“ Þar verður sem sagt fegurðarsamkeppni eða trukkasýning. „Konur sem kalla sig trukkalessurnar, ætla að mæta og vera með sérstaka sýningu,“ segir Jói. Og Dóri tjakkur, sem hefur lifað tímana tvenna, bætir því við að sem betur fer hafi konur haldið innreið sína í stéttina fyrir nokkru. „Þær eru eitthvað um tuttugu núna og fer fjölgandi.“

Hannað hefur verið sérstakt lógó og hljómsveitin Sixties verið ráðin til að spila á Players. „Já, og það sem meira er. Þeir hafa samið sérstakt lag í tilefni dagsins. Og einn okkar vörubílstjóra, sem kallaður er Skæringur, hefur samið sérstakan texta. Þetta lag verður tilbúið í dag og verður gaman að heyra það,“ segir Jói Bakk. **jakob@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Brúðgumi **Baltasars Kormáks** er framlag Íslands til forvals Óskarsverðlaunanna. Baltasar er á því að skondið væri ef Íslendingar næðu Óskarnum fyrir verk sem byggir á verki Tsjekov. Annars er í nægu að snúast hjá Baltasar, meðal annars vinnur hann nú að handriti að Grafarþögn, næstu kvikmyndar sem hann gerir eftir bók **Arnaldar Indriðasonar** en Arnaldur skrifar handritið ásamt Baltasar. Ekki er til að draga úr þeim félögum sigurför Mýrarinnar um bæði Bretland og Frakkland en þar taka bíógestir myndinni opnum örmum.



Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að spennuþáttaröðinni Svörtum englum hefði verið skipað á dagskrá RÚV á nákvæmlega sama tíma og Dagvaktinni á Stöð 2 en fyrstu þættir verða frumsýndir nú á sunnudagskvöld. Leikstjórarnir **Óskar Jónasson** og **Ragnar Bragason** lýstu því yfir að þeim þætti verra að vera komnir óumbeðið í samkeppni og vildu gjarnan láta innlenda dagskrárgerð njóta sín. Nú hefur komið fram tilkynning um dagskrárbreytingu frá Stöð 2: Dagvaktinni hefur verið flýtt til klukkan 20.10 en Svartir englar eru á dagskrá RÚV klukkan 20.20.



Nýr höfundur mun ryðja sér til rúms á jólabókamarkaðinum í ár. Athafnakonan og framkvæmdastjórinn **Þórey Vilhjálmsdóttir** hefur skilað af sér handriti að bókinni Reykjavík barnanna. Bókina skrifar Þórey með mágkonu sinni, Lóu Auðunsdóttur hönnuði, og mun bókaforlagið Salka gefa út. Bók Þóreyjar er lýst sem hugmyndabók fyrir foreldra um hvernig hægt er að eyða tíma með börnum sínum í borginni. Líklegt verður að teljast að bók þessi verði vinsæl hjá einstæðum feðrum sem gætu þá kannski fækkað ferðum sínum í Húsdýragarðinn á laugardagsmorgnum. **- jbg/hdm**



# *Yrsa til Grænlands að klára nýjan krimma*

„Oddinn er farinn að smyrja vélarnar og panta pappír,“ segir útgefandinn Pétur Már Ólafsson hjá Bjarti Veröld. Hann hefur nú pantað stærri fyrstu prentun á næstu bók Yrsu Sigurðardóttur en nokkru sinni eða tíu þúsund eintök. Pétur er þess fullviss að lesendur taki henni fagnandi enda hafa bækur Yrsu farið vel í lesendur og Aska, síðasta bók Yrsu, var ein mest selda skáldsaga ársins 2007.

Yrsa er nú á leið til Grænlands til að leggja lokahönd á nýja glæpasögu sem væntanleg er í byrjun nóvember. Þetta er fjórða bókin um Þóru Guðmundsdóttur lögmann og gerist að miklu leyti í einangruðum vinnubúðum íslensks fyrirtækis nyrst á Grænlandi, en þar hafa voveiflegir atburðir átt sér stað. Yrsa hefur áður verið á svæðinu til að kynna sér aðstæður en fer nú til að tryggja að staðháttalýsingar séu réttar og eins til að drekka andrúmsloftið í sig. „Titill bókarinnar er Auðnin. Ég flýg til Kulusuk á morgun [í dag] en bókin gerist á austurströndinni. Fólk í búðunum fer í leyfi eins og gengur og gerist en eftir verða tveir í búðunum. Þeir hverfa og fólkið neitar að snúa til baka,“ segir Yrsa. Hún ætti að þekkja vinnubúðir vel, starfaði í tæplega fimm ár á Kárahnjúkum sem verkfræðingur. „Mig langaði ekki til að skrifa um vinnubúðir á Íslandi. Það stendur mér of nærri,“ segir Yrsa. **- jbg**



**YRSA SIGURÐARDÓTTIR** Útgefandinn hefur pantað stærra upplag 1. prentunar en nokkru sinni áður á óútkominni bók eftirj Yrsu.

# Goran Superform á 6 vikum



**GORAN SUPERFORM** er raunhæft heilsunámskeið sem tryggir þér fullkominn árangur frá byrjun.

Tilgangur þess er að þú takir hröðum líkamlegum og huglægum framförum og stígir örugg en einföld skref til betri skilnings á eigin heilsu.

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu. Hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina. Hvernig þú ferð að því að brenna meira og léttast.

**VILT ÞÚ:**

- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfi og heilbrigði?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?

Fimm tímar í viku – brennsla – styrking – liðleiki.
Takmarkaður fjöldi.
Einkaráðgjöf og uppbygging hjá Goran.
Persónuleg næringarráðgjöf.
Ráðgjöf við matarinnkaup.
Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar.
Frábær spennandi lífrænn matur.
Næringardrykkur í lok hvers tíma.
Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni,
kl. 6:30, 7:30, 10:00, 12:00, 16:30 og 17:30.



**Nýtt á Íslandi Goran Superform matartaska!**

Nú getur þú tekið með mat, sem sniðinn er samkvæmt þinni orkuþörf, heim eftir hverja æfingu.

Goran útbýr matartösku sér hannaða fyrir þig sem tryggir hámarks árangur!

## Skráðu þig strax í síma 578-8200

## Námskeiðin byrja 22. september!

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | grandspa@grandspa.is

GrandSpa

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**

Þórhildar Elínar Elínardóttur


## Svindlað á okkur

Í hvert sinn sem minnst er á ójafna stöðu kynjanna verða alltaf einhverjir til að fá létt flogakast af pirringi. Geðvonskuna styðja þeir stundum með þeim rökum að íslenskar konur hafi það bara prýðilegt og ættu umsvifalaust að hætta þessu væli. Og vissulega búum við auðvitað við dásamlegar aðstæður í samanburði við konur í sumum öðrum heimshlutum sem margar fá hvorki tækifæri til að mennta sig né svo mikið sem velja sér maka sjálfar. Ekki eru til lög hér sem heimila barsmíðar á ódælum kvensniftum. Umskurður stúlkubarna þekkist ekki, konur eru ekki þvingaðar til að ganga í búrkum og mega vinna fyrir sér, sjást einar á almannafæri og aka bíl. Hafa rétt til að tjá sig opinberlega og kjósa. Við erum sannarlega lukkunnar pamfílar.

**EN** jöfn réttindi kynjanna eru því miður ekki náttúrulögmál frekar en réttlæti yfirhöfuð og ríkjandi hugarfar hefur tilhneigingu til að snúa blinda auganu að því misrétti sem enn lifir. Þrátt fyrir allt sem áunnist hefur sitjum við enn uppi með launamun kynjanna sem samkvæmt síðustu könnun í opinberu stéttarfélagi hefur aukist en ekki minnkað. Þegar búið er að taka allar mögulegar breytur með í reikninginn eru konur í þessu félagi metnar til rúmlega 17% lægri launa en karlar.

**MIÐALDRA** karllæknir sem skoðaði eitt sinn börnin mín kenndi sárlega í brjósti um mig fyrir að eiga bara dætur. Orðrétt taldi mannkertið það reyndar skelfilega þunnan þrettánda. Hann sjálfur væri hins vegar svo heppinn að eiga tvo drengi sem væru sannkallaðir grallarar og gleðigjafar, mikið óskaplega sem væri nú gaman að fylgjast með uppátækjunum. Og sagði því til sönnunar nokkrar skemmtilegar sögur af þessum indælu strákum. Dóttir hans var hins vegar ekki frásagnar verð, kannski 17% minna virði.

**FÆST** okkar hinna sem erum svo lánsöm að búa við meiri jöfnuð en þekkist víðast í veröldinni myndum þola að dætur okkar fengju síður leikskólapláss en synir, eða þær fengju lélegri kennslu, mat og heilsugæslu eða hefðu ekki möguleika á að fá ágætiseinkunn vegna þess að þær eru stúlkur. Það er því óskiljanlegt að þegar þessar sömu stúlkur koma út á vinnumarkaðinn skulum við með þögn og aðgerðarleysi blessa lakari kjör fyrir þær en þá.

### GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 17. september, 261. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.57 | 13.22 | 19.45 |
| Akureyri | 6.40 | 13.06 | 19.31 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


www.toyota.is




Toyota – tækifæri sem þú mátt ekki missa af

Við njótum ávaxtanna á haustin.
**Bestu mögulegu fjármögnunarleiðir í boði.**
**Taktu haustið með tilboði og aktu burt í nýjum Toyota.**

***Athugið!* Nú er á ný hægt að beygja af Reykjavíkurvegi inn á Nýbýlaveg þegar ekið er frá Hafnarfirði.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |